BJARNI SNÆBJÖRNSSON
*Hjólar allt og byrjar daginn í Bootcamp*
heilsa jól
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FYRIRTÆKJAGJAFIR
*Afhending jólapakka mikilvægur þáttur*
Sérblað um gjafir fyrirtækja
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JÓLABLAÐ Í DAG
Heimilistæki
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!
ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. desember 2007 — 330. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Á röngu róli
Ómar Ragnarsson segir Íslendinga á villigötum um val á Eurovision-lagi.
FÓLK 42

### Góður árangur Íslands
„Það er alltaf hægt að gera betur, en það þarf ekki að koma í veg fyrir að við getum glaðst fölskvalaust yfir góðum árangri," skrifar Ragnhildur Vigfúsdóttir.
Í DAG 20



### Vilja stöðugra starfsumhverfi
Málmur hagsmunasamtök eru 70 ára.
TÍMAMÓT 26

### Stefna á lokakeppni EM



Anna Úrsúla Guðmundsdóttir var valin í úrvalsliðið í undanriðli EM í Litháen.
ÍÞRÓTTIR 38

### VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR SUNNAN TIL** í dag verða austan 15-28 m/s sunnan til, hvassast allra syðst. Annars staðar verða 5-13 m/s. Rigning eða slydda sunnan til, snjókoma eystra, annars stöku él. Hlánar smám saman syðra.
VEÐUR 4

ostur.is




# Stóraukin kannabisræktun

**Innlend ræktun á kannabisefnum hefur stóraukist samkvæmt tölum um haldlögð fíkniefni undanfarin ár. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins telur að verið sé að byggja upp framleiðslu á harðari efnum hérlendis.**

**FÍKNIEFNI** Þrefalt meira af kannabisefnum fannst innanlands en á landamærunum í fyrra. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins segir innlenda kannabisræktun hafa aukist. Hann spáir því að harðari fíkniefni verði einnig framleidd hér á næstu árum.

Samkvæmt nýrri stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna fundust tæp fimmtíu kíló af kannabisefnum við landamærin árið 2003, og um tuttugu kíló innanlands. Þremur árum síðar hafði dæmið snúist við — fimmtíu kíló fundust innanlands en aðeins fimmtán við landamærin.

Eins virðist innflutningur á amfetamíni hafa stóraukist, en tollverðir fundu 27 sinnum meira af því í fyrra en árið 2003. Þá var lagt hald á tæp 43 kíló við landamærin, en eitt og hálft kíló þremur árum áður.

„Við sjáum þá breytingu að innlend kannabisframleiðsla er meiri en hún var," segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Þekking til ræktunar hefur verið að byggjast upp í undirheimum undanfarin ár, og það var í raun fyrirsjáanlegt að þetta myndi þróast með þessum hætti."

Hann segist spá því að töluvert stærri hluti örvandi efna, eins og amfetamíns og kókaíns, verði framleiddur hérlendis á næstu árum en verið hefur. „Við höfum fundið staði þar sem amfetamín hefur verið framleitt, og teljum að menn séu hægt og bítandi að byggja upp slíka framleiðslu hér."

Íslensk yfirvöld komu upp um 493 tilraunir til fíkniefnasmygls á árunum 2003 til 2006, sem jafngildir því að smygltilraun hafi verið stöðvuð þriðja hvern dag. Þar var lagt hald á um 180 kíló af kannabisefnum, amfetamíni og kókaíni auk annarra efna.

Samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar má ætla að samanlagt götuvirði haldlagðra fíkniefna árið 2006 hafi numið tæplega fimm milljörðum króna. - sþs






**FYRIR UTAN SKRIFSTOFUR FONS Í GÆRKVÖLDI** Jóhannes Jónsson, kenndur við Bónus, sótti Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformanns Baugs, á Suðurgötuna í gærkvöldi. Þá höfðu Jón Ásgeir og Pálmi verið að fara yfir stöðuna í FL Group. Pálmi opnaði fyrir Jóhannesi og Jón Ásgeir stóð bak við Pálma. Fundarhöld héldu áfram fram eftir nóttu á öðrum vígstöðum þar sem framtíð FL Group var ráðin.
FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVIN

Fundað um framtíð FL Group víðs vegar um borgina í gærkvöldi og nótt:

# Pálmi Haraldsson inn í FL

**VIÐSKIPTI** Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, mætti á skrifstofu Pálma Haraldssonar í Fons við Suðurgötu í gærkvöldi til að ræða aðkomu Pálma að FL Group. Gangi samningar eftir munu félög sem þessir menn eru í forsvari fyrir leggja inn fjármagn til að styrkja félagið. Unnið var að því að klára þessa samninga í gærkvöldi og fram á nótt. Pálmi og Jón Ásgeir vildu ekki tjá sig við Fréttablaðið en sögðu að málið yrði klárað sem fyrst.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa samningar meðal annars snúist um gengi á bréfum FL Group í þessum viðskiptum. Hannes Smárason forstjóri, Magnús Ármann, Þorsteinn M. Jónsson og Kevin Stanford hafa hug á að minnka hlut sinn í félaginu. FL Group mun eignast hlut Baugs í fasteignafélaginu Landic Property, áður Stoðum. Í staðinn fær Baugur afhent hlutabréf í FL Group. Ekki fengust upplýsingar um hvaða eignir eða peningar myndu fylgja aðkomu Pálma Haraldssonar að félaginu. Pálmi á einnig hlut í Landic Property.

Stefnt var að því að halda stjórnarfund í FL Group í gærkvöldi til að fara yfir stöðu mála. Búið var að boða stjórnina til fundar klukkan tíu í fyrrakvöld en þeim fundi var frestað. Tekin hefur verið ákvörðun um að Hannes Smárason hætti sem forstjóri og við taki Jón Sigurðsson aðstoðarforstjóri. Mun hann gegna stöðunni á næstunni þar til annað verður ákveðið. - bg



**LAUGARDALSVÖLLUR** Áhorfendur syngja íslenska þjóðsönginn.

Formaður Vantrúar:

# Vilja nýjan þjóðsöng

**TRÚMÁL „Texti íslenska þjóðsöngsins er bara alls ekki boðlegur," segir Matthías Ásgeirsson, formaður Vantrúar, en að undanförnu hafa átt sér stað háværar og heitar umræður um kristinfræðikennslu í leik- og grunnskólum.**

**Vantrúarmenn setja ekki bara spurningarmerki við trúboð í skólum heldur einnig að lofa Guð í þjóðsöngnum. Slíkt getur varla talist boðlegt að mati Matthíasar. „Ef það eru tuttugu þúsund manns á Laugardalsvellinum þá eru nær tíu þúsund sem geta ekki sungið með sökum trúar sinnar eða trúleysis," bendir Matthías á. „Við viljum nýjan þjóðsöng sem allir geta sungið."** - fgg/sjá síðu 42






**SPURNING DAGSINS**



*Björn, ríður Straumur baggamuninn?*

„Já, það liggur í augum uppi.“

Straumur, nýtt endurvinnslusvæði Sorpu, var tekinn í notkun á föstudag. Endurvinnslan baggar hundrað tonna á dag. Björn H. Halldórsson er framkvæmdastjóri Sorpu.

Fjögur vitni talin hafa reynt að afvegaleiða rannsókn lögreglunnar af banaslysi:

# Misræmi í frásögnum vitna

**LÖGREGLUMÁL** Fjögur vitni tengd banaslysi í Reykjanesbæ á föstudag voru handtekin á sunnudagskvöld, en látin laus aftur í gærkvöldi að yfirheyrslum loknum.

Fólkið er grunað um að hafa reynt að villa um fyrir lögreglu með því að gefa manni sem grunaður er í málinu ranga fjarvistarsönnun.

Ekið var á fjögurra ára gamlan dreng á Vesturgötu í Reykjanesbæ á föstudag. Sá sem ók á drenginn flúði af vettvangi. Drengurinn lést á laugardag. Maður sem handtekinn var á sunnudag, grunaður um að hafa ekið bílnum, situr enn í gæsluvarðhaldi, en hann neitar að hafa ekið á drenginn.



**MINNINGARATHÖFN** Minningarathöfn um Kristin Veigar Sigurðsson, drenginn sem lést eftir slysið á föstudag, fór fram í Keflavíkurkirkju í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Gunnar Schram, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum, staðfesti að vitnin fjögur hefðu verið handtekin.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu eru vitnin grunuð um að hafa gefið lögreglu rangar skýrslur um málið. Meintur ökumaður mun hafa bent á fólkið, og sagt það geta staðfest hvar hann var á þeim tíma sem ekið var á drenginn. Fólkið er að sögn lögreglu vinir, kunningjar eða vinnufélagar mannsins.

Lögregla telur sig hafa leitt í ljós misræmi í frásögn mannsins og vitnanna fjögurra, auk þess sem ósamræmi er í frásögnum vitnanna. Fólkið er því grunað um að hafa reynt að gefa manninum ranga fjarvistarsönnun, og var handtekið og yfirheyrt um það sérstaklega. - bj

Lögregla stöðvaði ökumann:

# Hundur fann fíkniefni í bíl

**LÖGREGLUMÁL Fíkniefnahundur fann fíkniefni í bíl í Reykjavík um nýliðna helgi.**

**Það var á miðnætti aðfaranótt laugardagsins að lögregla hugðist hafa afskipti af bifreið á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ökumaðurinn reyndi að komast undan en lögreglumennirnir veittu honum eftirför. Tókst þeim að stöðva hann í Skaftahlíðinni.**

**Fíkniefnahundur var látinn leita í bílnum og fann hann ætluð fíkniefni.**

**Þá fann lögregla lítilræði af fíkniefnum á tvítugum manni um helgina þar sem hann var staddur í Álfheimum.** - jss



**BLAÐAGREIN UM GIBBONS BRENND** Þúsundir Súdana mótmæltu of vægri refsingu Gibbons og kröfðust dauðarefsingar. NORDICPHOTOS/AFP

Sakfelld fyrir að móðga íslam:

# Breska kennslukonan náðuð

**SÚDAN, AP** Forseti Súdans, Omar al-Bashir, náðaði í gær Gillian Gibbons, bresku kennslukonuna sem var dæmd í fimmtán daga fangelsi fyrir að móðga íslam eftir að hún leyfði sjö ára nemendum sínum að nefna bangsa Múhameð. Náðunin kom í kjölfar fundar tveggja þingmanna úr lávarðadeild breska þingsins með forsetanum.

Sakfelling Gibbons á fimmtudaginn vakti mikla hneykslun meðal múslima í Bretlandi og víðar en harðlínumenn í Súdan sögðu hana hafa viljandi móðgað íslam og kröfðust dauðarefsingar.

Gibbons var sleppt í gær eftir sjö daga fangelsisvist. - sdg

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Tvær nauðganir um helgina

Tvær nauðganir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi. Bæði málin komu upp aðfaranótt sunnudags. Að sögn fulltrúa lögreglunnar átti önnur nauðgunin sér stað í heimahúsi en hin á skemmtistað. Ekki fengust upplýsingar um hvort einhver hafi verið handtekinn vegna málanna.

# PISA-samanburður milli landa skakkur

**Umdeilanlegt er hvort það þjónar tilgangi að bera saman meðal námsárangur nemenda milli landa, segja sérfræðingar. Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar 2006 á árangri 15 til 16 ára nemenda í fimm námsgreinum verða kynntar í dag.**

**MENNTAMÁL** Niðurstöður PISA-rannsóknarinnar á árangri grunnskólanemenda, sem gerð var árið 2006, verða kynntar í dag. Deilt hefur verið á aðferðafræðina, en sérfræðingar segja umdeilanlegt hvaða gagn sé í því að bera saman meðaltöl milli ára.

PISA rannsóknirnar eru unnar í 57 löndum, en þar er námsárangur 15-16 ára nemenda kannaður.

„Ég held að aðferðafræðin sé almennt býsna góð, svo ég hef ekki ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af henni af tæknilegum ástæðum,“ segir Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum hjá Háskóla Íslands.

Hann segir að þó gagnrýna megi nokkur atriði varðandi rannsóknirnar, til dæmis muninn á meðaltali landanna, og hversu lítið þurfi í raun til að land færist til um nokkur sæti á listanum.

Einnig sé spurning hvað sé verið að mæla, og hvort allir séu sammála um að það sem mælt sé skipti máli. Við það setji hann ákveðið spurningarmerki.

Stærsta málið sé þó samanburður á þjóðum, það segir í raun lítið hvernig heil þjóð standi, með mismunandi hópa, svæði, skóla og fleira. Of mikið sé gert með það hvernig hvert land kemur út, að teknu tilliti til þess hversu mikill breytileiki er innan hvers lands.

„Þá veltir maður því fyrir sér hvað það er sem ákvarðar meðaltalið, hvort það eru ákveðnir hópar sem standa mjög vel, eða hópar sem standa afar illa,“ segir Jón.

„Ég tel að PISA-rannsóknirnar séu mælitæki sem vert er að taka mark á,“ segir Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á menntasviði Reykjavíkurborgar.



**SAMRÆMD PRÓF** Um áttatíu prósent íslenskra nemenda tóku þátt í rannsókn PISA árið 2006, en í stærri löndum tíðkast að taka úrtök. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þó hafi verið deilt á rannsóknirnar, sérstaklega það að á Íslandi taki svo til allir nemendur þátt í rannsókninni, en erlendis séu tekin úrtök. Þá sé alltaf spurning hversu vel úrtökin séu gerð, sér í lagi hvort sérkennslunemendur séu inni í úrtakinu. Hún segir þessa gagnrýni hafa heyrst, en engin staðfesting hafi fengist.

Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, kannast við gagnrýni á rannsóknina, og segist geta tekið undir hana að hluta. Fjölmiðlar geri til dæmis alltaf mest úr samanburði á landsmeðaltölum, sem segi afskaplega lítið í raun. Munur milli landa skýri aðeins tíunda hluta af fjölbreytileikanum, sem sé margfalt meiri innan hvers lands.

Júlíus segir þó gagnrýni á aðferðafræðina, til dæmis úrtökin, ómaklega. Heimsins færustu sérfræðingar vinni úrtökin og byggi á áratuga reynslu af samanburðarrannsóknum.

Í danska dagblaðinu Politiken er vitnað til þess að í einhverjum tilvikum fái nemendur greitt fyrir að taka þátt í rannsóknunum. Júlíus kannast við þetta, og segir að í Hollandi hafi nemendum verið greidd upphæð sem samsvarar um 500 krónum fyrir að taka þátt. Hann segist ekki hrifinn af þessu, en þetta eigi ekki að skekkja niðurstöðurnar. **brjann@frettabladid.is**



**FYRSTU VERÐLAUNIN** Freyja Haraldsdóttir tekur á móti verðlaununum fyrir hönd einstaklinga við athöfnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvatningarverðlaun ÖBÍ veitt:

# Breytti viðhorfi fólks til fatlaðra

**VERÐLAUN** Freyja Haraldsdóttir þroskaþjálfanemi hlaut hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands þegar þau voru afhent í fyrsta skipti í gær, á alþjóðlegum degi fatlaðra. Verðlaunin hljóta einstaklingar og fyrirtæki sem hafa á einhvern hátt stuðlað að atvinnuþátttöku fatlaðra.

Við verðlaunaafhendinguna sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti að Freyja hlyti verðlaunin fyrir áhrif sín í að breyta viðhorfi fólks til fatlaðra. Í viðtali við RÚV sagði hún verðlaunin vera mikil hvatning, þau veiti sér innblástur til að halda áfram á sömu braut. - sþs

Skertar greiðslur lífeyrissjóða:

# Ekki frekari tilboð frá ríkinu

**ALÞINGI Ríkisstjórnin getur ekki beitt sér frekar fyrir því að skerðingar á greiðslum lífeyrissjóðanna til öryrkja gangi til baka, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á Alþingi í gær.**

**Ríkisstjórnin bauð lífeyrissjóðunum 100 milljónir króna ef þeir féllu frá skerðingum. Því tilboði höfnuðu lífeyrissjóðirnir.**

**Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, skoraði á ríkisstjórnina að gera betur og leiðrétta þetta óréttlæti fyrir jól: „Ef ríkið getur boðið 100 milljónir, af hverju getur það þá ekki boðið 300 milljónir?“** - bj


VÖNDUÐ HÚSGÖGN

SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM Á HAGSTÆÐU VERÐI



**Calia Italia Premium hvíldarsófi** (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
**Verð kr. 179.900,-**

OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00
SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI: 534 1400 • WWW.SETT.IS


Ólafur F. kjörinn forseti borgarstjórnar í dag:

# Málefnaskrá er mjög æskileg

**REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnsússon, borgarfulltrúi F-lista frjálslyndra og óháðra, verður kjörinn forseti borgarstjórnar í dag.

Ólafur kom ekki að sjálfum meirihlutaviðræðunum en telur æskilegt að fá fram sameiginlega málefnaskrá. Hann segist ekki ætla að rugga bátnum vegna Reykjavíkurflugvallar, enda sé hann einn í afstöðu sinni til hans. Þá er hann efins um að flugvöllurinn fari yfirleitt úr Vatnsmýrinni.

Ólafur leggur áherslu á ókeypis almenningssamgöngur fyrir alla og lægri þjónustugjöld fyrir börn, aldraða og öryrkja. Þá vill hann koma í veg fyrir niðurrif húsa á Laugavegi 4 til 6. Hann telur að núverandi meirihluti hafi komið til móts við áherslur F-lista í umhverfismálum.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Spurður um áform Orkuveitunnar um Bitruvirkjun vill Ólafur fara varlega í yfirlýsingar en segist þó treysta því að orðið hafi „ákveðin tímamót við myndun nýs meirihluta og að landsmenn læri af mistökum fortíðarinnar. Við höfum farið of geyst.“ Hægja eigi á áformum um gufuaflsvirkjanir nálægt borginni.

- kóþ / sjá síðu 16

Næturfundur um þingsköp:

# Þingmenn VG vildu samráð

**ALÞINGI** Hörð umræða skapaðist um fundarstjórn forseta Alþingis þegar taka átti til umræðu frumvarp um breytingar á þingsköpum Alþingis á sjöunda tímanum í gær. Þingmenn Vinstri grænna mótmæltu því að frumvarpið yrði rætt fram á nótt.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, harmaði vinnubrögð forseta þingsins og óskaði eftir því að reynt yrði að komast að samkomulagi allra flokka um framhald málsins.

Þingfundi var frestað til að ræða framhaldið og ákveðið að ljúka umræðum á næturfundi en geyma atkvæðagreiðslu þar til síðar í vikunni.

- bj / sjá síðu 10




Framtíðarbók

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

**LEGGÐU GÓÐAN GRUNN AÐ FRAMTÍÐ BARNSINS**

Framtíðarbókin er verðtryggður sparireikningur sem gefur hæstu vexti almennra innlánsreikninga. Aðstandendur barna geta stofnað Framtíðarbók hvenær sem er fyrir 15 ára aldur barnsins og lagt þannig grunninn að fjárhagslega öruggri framtíð þess. Innstæðan sem safnast er laus til úttektar við 18 ára aldur.

Kynntu þér kosti Framtíðarbókar á kaupthing.is. Þú getur gengið frá kaupum á gjafabréfi í næsta útibúi Kaupþings.

## GENGIÐ 3.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,47 | 61,77 |
| Sterlingspund | 126,86 | 127,48 |
| Evra | 90,02 | 90,52 |
| Dönsk króna | 12,07 | 12,14 |
| Norsk króna | 11,098 | 11,164 |
| Sænsk króna | 9,609 | 9,665 |
| Japanskt jen | 0,556 | 0,5592 |
| SDR | 97,41 | 97,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,3144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**ÁREKSTUR Í SNJÓFÆRÐ** Tveir ökumenn skiptast á upplýsingum eftir árekstur meðan bílaröð silast framhjá þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ellefu látnir í Bandaríkjunum:

## Mannskætt vetrarveður

**BANDARÍKIN, AP Vetrarveður í norðausturhluta Bandaríkjanna með snjókomu, ísregni, slyddu og hálku á vegum er talin orsök ellefu dauðsfalla í umferðinni síðustu daga.**

**Stormviðvaranir voru gefnar út í ríkjunum Massachusetts, Connecticut, Vermont, New Hampshire, Maine og New York og gerði bandaríska veðurstofan ráð fyrir allt að 51 sentimetra snjólagi á svæðinu.**

**Skólahaldi hefur verið frestað eða aflýst víða og samgöngur hafa tafist vegna úrkomu, lélegs skyggnis og hálku.** - sdg

## LEIÐRÉTTINGAR

Rangt var farið með nafn ljósmyndara greinarinnar „Kaupmenn hver á sínu horni“, sem birtist í sunnudagsútgáfu Fréttablaðsins. Nafn ljósmyndarans er Valgarður Gíslason (Valli).

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu á föstudag að Vilhjálmur Egilsson hefði sent sviðsstjórum Landspítalans bréf vegna fyrirhugaðs niðurskurðar. Hið rétta er að bréfið var ritað af Magnúsi Péturssyni, forstjóra Landspítalans.

Síbrotamaður sem tekinn var í umdæmi Selfosslögreglunnar:

# Var hætt kominn í svaðilför

**LÖGREGLUMÁL** Síbrotamaður sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á fjölda innbrota í umdæmi lögreglunnar á Selfossi var hætt kominn í svaðilför sem endaði með því að lögregla fann hann og handtók.

Maðurinn, sem Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði í gæsluvarðhald síðastliðinn föstudag, stal bíl í Reykjavík. Hann ók sem leið liggur austur á bóginn, þar til hann kom til móts við Búrfell. Þá ók hann fram af svokölluðum Fossbrekkum og munaði minnstu að bíllinn hafnaði í Ytri-Rangá. Maðurinn gekk síðan eina fimm kílómetra þar til hann kom að inntaksmannvirki við Búrfellsvirkjun. Þar braust hann inn og svaf ölvunarsvefni þegar lögreglan á Selfossi fann hann. Lögreglumenn fundu svo bílinn sem lýst hafði verið eftir við ána. Í honum var talsvert þýfi, tölvur og fleiri munir sem maðurinn virðist hafa sankað að sér.



**SELFOSS** Embætti lögreglustjórans á Selfossi annast rannsókn á fjölda innbrota.

Sérstaka athygli lögreglu vakti að maðurinn var með fjöldann allan af bíllyklum í hinum stolna bíl. Skýringin mun vera sú að hann komst inn í bílasölu á Selfossi og lét þar greipar sópa í orðsins fyllstu merkingu.

Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, sætir þriggja vikna gæsluvarðhaldi. Hann á sakaferil að baki. - jss

Ráðherra skipar starfshóp:

## Metur hættu sem að steðjar

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Tilkynnt var í gær að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefði skipað starfshóp til að vinna hættumat fyrir Ísland. Formaður hópsins verður Valur Ingimundarson prófessor og eru verklok hópsins áætluð næsta haust.

Ingibjörg Sólrún boðaði stofnun starfshópsins í erindi í Norræna húsinu 29. ágúst síðastliðinn. Þá sagði hún vinnu við gerð ógnarmats fyrir landið þegar hafna.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að verkefni hópsins muni ekki aðeins snúa að stríðsátökum, heldur einnig að viðbrögðum við umhverfisvá, náttúruhamförum og farsóttum. - bj

# Framkvæmd kosninganna í Rússlandi gagnrýnd

**Talsmenn stjórnarandstæðinga og erlendra kosningaeftirlitsmanna segja kosningarnar í Rússlandi ekki hafa farið fram sem skyldi. Pútín segir sigur flokks síns staðfestingu á stuðningi Rússa við völd sín og stefnu.**

**RÚSSLAND, AP** Erlendir eftirlitsmenn tóku í gær undir með talsmönnum stjórnarandstöðunnar í Rússlandi í ásökunum um að ekki hefði verið allt með felldu við framkvæmd þingkosninganna í landinu á sunnudag. Vladimír Pútín forseti barði sér aftur móti á brjóst vegna yfirburðasigurs flokks Pútínsinna, Sameinaðs Rússlands, og sagði hann staðfestingu á vilja þjóðarinnar til að hann héldi áfram um stjórnartauma í landinu eftir að hann lætur af embætti forseta í vor.

Þegar um 98 prósent atkvæða höfðu verið talin var fylgi Sameinaðs Rússlands 64,1 prósent, en það gefur flokknum um 70 prósent þingsæta.

Eini stjórnarandstöðuflokkurinn sem fær fulltrúa kjörna á þing eru kommúnistar með 11,6 prósent atkvæða. Einungis tveir aðrir flokkar náðu sjö prósenta fylgislágmarkinu sem þurfti til að fá úthlutað þingsætum, en þeir eru báðir í bandalagi við Sameinað Rússland. Annar þeirra er flokkur þjóðernisofstopasinnans Vladimírs Zjírínovskí, sem kallast frjálslyndir demókratar, en hinn er flokkurinn Réttlátt Rússland. Þeir fengu báðir í kringum átta prósent atkvæða.

Talsmenn kommúnista og fleiri stjórnarandstöðuafla, auk erlenda eftirlitsmanna, sögðu kosningarnar ekki hafa farið fram sem skyldi. Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, sem er aðaltalsmaður bandalags stjórnarandstöðuflokka, lýsti því yfir að þessar kosningar hefðu verið þær „sviksamlegustu í allri sögu Rússlands á síðari tímum“.



**FAGNAÐ Í MOSKVU** Stuðningsmenn Pútíns fagna úrslitunum í miðborg Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín og bandamenn hans lýstu úrslitunum hins vegar sem yfirgnæfandi stuðningsyfirlýsingu þjóðarinnar við forystu hans og stefnu.

„Auðvitað er þetta teikn um traust,“ sagði Pútín í sjónvarpsávarpi. „Rússar munu aldrei leyfa að landið leiðist inn á slíka glapstigu eins og gerst hefur í sumum öðrum löndum á svæði Sovétríkjanna fyrrverandi,“ sló hann föstu.

Talsmenn kosningaeftirlits þingmannasamtaka Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og þings Evrópuráðsins sögðust hafa komist að þeirri niðurstöðu að mörgu hafi verið ábótavant við framkvæmd kosninganna. Kosningarnar hafi að vísu verið vel skipulagðar en framboðslistar ekki staðið jafnt að vígi. Miðstýring stjórnvalda á framboðsfyrirkomulagi og bein afskipti þeirra af stjórnmálastarfi, útilokun annarra en stjórnarsinna frá fjölmiðlum í kosningabaráttunni, ný kosningalög sem hindruðu pólitískan fjölbreytileika og skortur á að kosningarnar væru í raun leynilegar í mörgum kjördeildum hafi lagst á eitt til að eftirlitsnefndirnar gætu ekki annað en úrskurðað kosningarnar gallaðar.

„Það er ærin ástæða til að hafa áhyggjur af þróun lýðræðis í Rússlandi,“ sagði Luc van den Brande, sem fór fyrir sendinefnd þings Evrópuráðsins.

audunn@frettabladid.is

## Stórsigur Pútínsinna

**Sameinað Rússland, flokkur Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta, vann yfirburðasigur í þingkosningunum á sunnudag samkvæmt opinberum úrslitum.**




*Kjörsókn var um 62%*

Mynd:AP © GRAPHIC NEWS








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENN EITT HVASSVIÐRIÐ**

Núna með morgninum er víða austan stormur syðst á landinu og víða myndarlegir strengir í námunda við fjöll. Vindur er að vaxa suðvestan til, þar á meðal í höfuðborginni og um hádegi verður veðurhæðin í Reykjavík einna mest eða 15-23 m/s. Vindstrengurinn gengur til norðurs yfir landið og því hvessir smám saman nyrðra en þó verður ekki eins hvasst og syðra. Þar lægir síðdegis í dag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Austan 15-23 m/s hvassast um hádegi. Rigning eða slydda.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*



*» á morgun*



13-20 m/s á Vestfjörðum, annars hægari.



Austan 13-20 m/s sunnan til, hvassast við ströndina. Hægari annars staðar.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C hálfskýjað | London | 13°C rigning | Friedrichshafen | 4°C rigning |
| Billund | 7°C léttskýjað | París | 12°C skúrir | Lúxemborg | 6°C alskýjað |
| Osló | 1°C léttskýjað | Amsterdam | 11°C alskýjað | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C rigning | Frankfurt | 7°C skýjað | Róm | 16°C léttskýjað |
| Gautaborg | 7°C hálfskýjað | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Korthafar bíða spenntir!

Í næstu viku fá e-korthafar og e-Vildarkorthafar senda ávísun með endurgreiðslu í pósti. Í ár nemur heildarávinningur korthafa á annað hundrað milljónum króna.
**Korthafar hafa því fulla ástæðu til að vera spenntir!**

Fiton/SÍA FI024082

KAUPÞING spron

KORTIN
ekortin.is

## KJÖRKASSINN




*Fylgdist þú með keppninni um Ungfrú heim?*

| | |
|---|---|
| Já | 9% |
| Nei | 91% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú skráð(ur) á Facebook eða MySpace?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Venesúelamenn höfnuðu stjórnarskrárbreytingum um aukin völd forsetans:

# Fyrsti kosningaósigur Chavez

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, beið á sunnudag sinn fyrsta kosningaósigur þegar meirihluti venesúelsku þjóðarinnar kaus gegn stjórnarskrárbreytingum sem miðuðu meðal annars að því að auka völd hans umtalsvert. Mjótt var á mununum þar sem 51 prósent þjóðarinnar kaus gegn breytingunum en 49 með.

Þegar úrslitin urðu kunn skömmu eftir miðnætti aðfaranótt mánudags brutust út mikil fagnaðarlæti meðal stjórnarandstæðinga. Margir felldu tár og aðrir sungu: „Og nú er hann á útleið!“

Chavez sagðist í gær hugsanlega hafa verið of djarfur að biðja kjósendur um að samþykkja afnám allra takmarkana á því hve oft hann gæti boðið sig fram til forseta. Sagði úrslitin hafa kennt sér að „lýðræði í Venesúela er að þroskast“.



**MÚLBUNDINN FORSETI** Hugo Chavez virðist múlbundinn á þessu veggspjaldi stjórnarandstæðinga þar sem málað hefur verið yfir munn hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chavez ítrekaði að virðing sín fyrir úrslitunum sannaði að hann væri sannur lýðræðissinni og kallaði hann eftir því að endir yrði bundinn á átök á götum sem kom til nokkrum sinnum í aðdraganda kosninganna. „Það er engin einræðisstjórn hér,“ sagði forsetinn.

Í forsetakosningunum fyrir ári fékk Chavez 63 prósenta atkvæða þegar hann bauð sig fram til seinna kjörtímabils. Sagði hann lélega kjörsókn meðal stuðningsmanna sinna skýra tapið nú. Kjörsókn á sunnudag var 56 prósent en var 70 prósent fyrir ári. **- sdg**

Landssamtökin Þroskahjálp:

# KHÍ fékk Múrbrjótinn

**FATLAÐIR** Kennaraháskóli Íslands fékk í gær Múrbrjótinn, viðurkenningu Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskólans, tók við viðurkenningunni fyrir hönd skólans. Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, segir að ástæðan sé svokallað starfstengt diplómanám sem skólinn býður þroskaheftum.

„Þetta er nánast einsdæmi í heiminum. Það eru ekki margar háskólastofnanir sem hafa með þessum hætti opnað dyr sínar og boðið þessum hópi til náms,“ segir Friðrik. **- ghs**












# Málamyndahjónabönd rannsökuð

**Útlendingadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar allar ábendingar um svonefnd málamyndahjónabönd, enda getur verið um mansal að ræða. Afar erfitt reynist að rannsaka mál Íslendinga sem hagnast á slíkum hjónaböndum.**

**ÚTLENDINGAR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar allar vísbendingar og ábendingar um svonefnd málamyndahjónabönd, þar sem fólk gengur í hjúskap til þess að afla einstaklingi dvalarleyfis.

Ábendingum frá almenningi hefur fjölgað mikið undanfarið og tveimur hefur verið synjað um dvalarleyfi vegna gruns um að ekki sé um raunverulegt hjónaband að ræða.

„Við rannsökum allar vísbendingar og ábendingar um svona mál en útlendingalög setja okkur þröngar skorður og krefjast þungrar sönnunarbyrði. Niðurstöður rannsókna hafa þó leitt til þess að fólk fær ekki dvalarleyfi frá Útlendingastofnun,“ segir Þórður Eric Ericson, rannsóknarlögreglumaður hjá útlendingadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þórður staðfestir að fyrir komi að Íslendingar giftist útlendingum fyrir peninga en hann segir afar erfitt að rannsaka slík mál.

„Það þarf mun meira til en almannaróm og við þurfum að leita að sönnun í löndum sem eru jafnvel ekki með mótaða þjóðskrá.“

Í 13. grein laga um útlendinga segir að rökstuddan grun þurfi til að synja fólki um dvalarleyfi eða kæra það.

„Sönnunarbyrðin er svo ofboðsleg að við leggjum ekki í kostnaðinn. Það þyrfti víðtækari rannsókn til þess að sanna svona mál.“

Þórður segir mismunandi hverjir tilkynni um hjónaböndin en grunsemdir hafi til dæmis vaknað af því að hjónin búa ekki saman. Þá vísi Útlendingastofnun málum til lögreglu ef grunur leiki á að ekki sé allt með felldu. Hann segir lögregluna skoða allar slíkar ábendingar enda geti hugsanlega verið um mansal að ræða.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar og engu skiptir hvort það er gert af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Þórður segir lítinn mun vera á fjölda karla og kvenna í þessum efnum, en konur sem sæki um dvalarleyfi með þessum hætti séu þó ívið fleiri.

Fram hefur komið að meirihluti útlendinga sem fá svonefnt makaleyfi komi frá löndum utan EES.

„Fólki utan EES hefur verið gert erfiðara fyrir að koma til landsins. Það hættir samt ekki við að koma hingað svo það leitar annarra leiða. “ **eva@frettabladid.is**






### LÖG UM ÚTLENDINGA

13. grein *Dvalarleyfi fyrir aðstandendur*

„Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir hann þá ekki rétt til dvalarleyfis.“

57. grein *Refsiákvæði*

„Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aflar eða reynir að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar.“

Úrskurður Persónuverndar um notkun fingrafaralesara í mötuneytum grunnskóla:

# Mega skanna fingur barna

**PERSÓNUVERND** Notkun fingrafaralesara í mötuneytum Setbergsskóla og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði er lögleg. Persónuvernd sendi skólastjórum beggja skólanna úrskurð sinn síðasta fimmtudag, eftir að nokkrir foreldrar höfðu kvartað yfir notkun fingrafaralesaranna.

Fréttablaðið sagði fyrst frá notkun fingrafaralesara í stað matarkorta í mötuneytum skólanna í lok ágúst. Þar kom fram að notkun svipaðra fingrafaralesara í mötuneytum sænskra grunnskóla hefði verið úrskurðuð brot á persónuverndarlögum. Þá lá ekki fyrir hvort notkunin á Íslandi samrýmdist íslenskum lögum um persónuvernd.

Eftir að fréttin birtist höfðu nokkrir foreldrar samband við Persónuvernd og lögðu fram formlega kvörtun. Persónuvernd hefur nú úrskurðað í málinu og er niðurstaðan sú að valkvæð notkun fingrafaralesara í mötuneytum brjóti ekki í bága við persónuverndarlög.

„Við höldum okkar striki en reynum að gæta mjög vel að því að ekki sé skannaður fingur á neinum nema til þess hafi komið samþykki,“ segir Guðríður Óskarsdóttir, skólastjóri Setbergsskóla. „Við teljum þetta þægilegt að ákveðnu leyti og mikið hagræði.“ **- sþs**



**MÖTUNEYTI** Sláturfélag Suðurlands rekur mötuneytin tvö sem um ræðir, auk fleiri skóla um landið. Stefnt er að því að hafa fingrafaralesara í öllum mötuneytum sem fyrirtækið rekur. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*
FRÍTT DEBETKORT
HÆRRI INNLÁNSVEXTIR
LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR
AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM
SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*
NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM
Fáðu BYR undir báða vængi
Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fáir alltaf það besta sem er í boði.
Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi
BYR
SPARISJÓÐUR
*Útlán eru háð lánareglum.
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is
DYNAMO REYKJAVÍK

„...öll vinna til fyrirmyndar hjá ykkur!“

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„Ég vil koma á framfæri þökkum fyrir frábæra þjónustu. Þegar ég lenti í slysi var gengið frá öllu alveg upp í topp og ekkert vesen. Það er rétt sem þið auglýsið að ef maður er tryggður hjá ykkur þá fær maður það bætt.“

Bestu kveðjur,
Árni Gunnlaugsson




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga, þriðja árið í röð.




ÍSLENSKA SIA.IS/ TMI 40199 12/07

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is


Þróunarsamvinnustofnun opnar nýtt mæðrahús í Níkaragva:

# Fjórða húsið á vegum Íslands

**ÞRÓUNARSTARF** Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur opnað fjórða mæðrahúsið í Níkaragva sem byggt er fyrir íslenskt fé.

Í mæðrahúsum fá konur sem ekki hafa öruggt aðgengi að læknisþjónustu aðstoð við lok meðgöngu og við fæðingu barna sinna. Tilgangurinn er að draga úr mæðra- og ungbarnadauða, sem er algengur í landinu.

Nýja húsið er í borginni Juigalpa og tóku kvennasamtök á svæðinu að sér rekstur hússins. Þá voru stofnuð samtökin Vinir mæðrahússins, en að þeim koma yfirsetukonur og málsmetandi fólk úr borginni. **- eb**



**MÆÐRAHÚS Í NÍKARAGVA** Í mæðrahúsum geta konur eignast börn sín á öruggum stað. Myndin er frá mæðrahúsi í Camoapa, sem nýtur aðstoðar Íslendinga.

# Ríkið ráði för í stað orkufyrirtækjanna

**Steingrímur J. Sigfússon vill að íslenska ríkið eigi og reki flutningsvirki fyrir raforku í landinu. Hætta á því að hagsmunir orkufyrirtækja verði teknir fram yfir hagsmuni almennings. Iðnaðarráðherra með fyrirspurn á borði sínu.**

**ORKUMÁL** „Það vantar mikið upp á að allir standi jafnt að vígi í þessum málum. Orkufyrirtækin ráða í raun för hvað varðar flutningsvirki og það tel ég óskynsamlegt og óréttlátt,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, en hann hefur lagt fram fyrirspurn til Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra þar sem óskað er eftir afstöðu hans til þess að ríkið leysi Landsnet til sín, sem á og rekur flutningsvirki fyrir raforku.

Landsnet er í eigu Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK og Orkubús Vestfjarða. Fyrirtækin hafa lagt flutningsvirki sín inn í Landsnet sem hlutafé en Landsvirkjun á um 68 prósenta hlut í félaginu.

Steingrímur segist líta svo á að Landsnet eigi að vera sjálfstætt ríkisfyrirtæki, algjörlega óháð orkufyrirtækjunum og dreifendum orku á smásölustigi. „Hagsmunir orkufyrirtækjanna eru ólíkir og þeir togast á innan þess fyrirkomulags eins og það er nú og það bitnar á byggðum í landinu, ekki síst á landsbyggðinni. Ég tel að það sé skynsamlegast að ríkið sjái um rekstur kerfisins, ekki síst til þess að tryggja öryggi og aðgang fólks að rafmagni.“

Dreifiveitur sem framleiða meira en sjö megavött af rafmagni ber að tengjast flutningskerfi Landsnets.

„Hlutverk fyrirtækis sem rekur flutningskerfi fyrir rafmagn getur aldrei verið að hagnast. Ég held að það séu allir sem átti sig á því, meira að segja frjálshyggjumenn. Þó kannski einn eða tveir hér á Íslandi séu undanskildir. Í Bretlandi komust Thatcher-istarnir (fylgismenn Margretar Thatcher) að því að einkavæðingarhugmyndir gætu aldrei náð til þess að reka flutningsvirki fyrir rafmagn eða járnbrautarteina, svo ég taki dæmi. Meginforsendan er sú að hagnaðarkrafan getur bitnað á viðhaldinu, sem getur valdið gríðarlegum samfélagslegum skaða. Það sama tel ég eiga við um flutningsvirki fyrir rafmagn hér á landi og að mínu mati er farsælast að sérstakt ríkisfyrirtæki sjái alfarið um flutningsvirki fyrir rafmagn.“

Einar Karl Haraldsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, sagði að mörgu að hyggja í þessum málum en ótímabært væri að gera grein fyrir skýrri afstöðu til þessa álitamáls. „Iðnaðarráðherra mun svara þessu innan tíðar að vel athuguðu máli,“ sagði Einar Karl.

magnush@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Vill að ríkið leysi til sín flutningsvirki fyrir rafmagn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## EIGNARHALD Á FLUTNINGSVIRKJUM

Greint var frá því í Fréttablaðinu 2. nóvember síðastliðinn að verðmæti 68 prósenta hlutar Landsvirkjunar í Landsneti væri um 4,7 milljarðar króna, samkvæmt verðmætamati Par X viðskiptaráðgjafar. Kaupverð ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun tók meðal annars mið af fyrrnefndu mati. Viðmælendur Fréttablaðsins voru flestir hverjir sammála um að Landsnet væri verðmetin of lágt í fyrrnefndu mati en það byggðist á skulda- og eignastöðu félagsins á þeim tíma sem það var unnið.

Á Norðurlöndunum er þessu misjafnlega farið. Í Noregi og Svíþjóð eru flutningsvirki alfarið í eigu ríkisins í sérstökum félögum en í Finnlandi er félag um flutningsvirkin almenningshlutafélag og skráð á markað. Ríkið er þó stór eigandi að því, líkt og orkufyrirtæki og ýmis önnur félög.

Hálfs árs stjórnarmyndunartilraunir í Belgíu farnar út um þúfur:

# Reynt að mynda neyðarstjórn

**BELGÍA, AP** Guy Verhofstadt, sem fór fyrir ríkisstjórn Belgíu síðastliðið kjörtímabil og hefur stýrt bráðabirgðastjórn frá því þingkosningar fóru fram í júní í ár, fór í gær á fund konungs til að fara þess á leit að hann fengi umboð til að freista þess að mynda neyðarstjórn til að leiða landið út úr þeim stjórnarfarslegu ógöngum sem klofningurinn milli stjórnmálaflokka Flæmingja og Vallóna hefur valdið.

Tilraunir Yves Leterme, leiðtoga flæmskra kristilegra demókrata, sem varð stærsti flokkur landsins í kosningunum 10. júní, til að mynda stjórn borgaralegra flokka beggja málhópa sem ráða yfir meirihluta á belgíska sambandsþinginu, fóru endanlega út um þúfur um helgina. Þær strönduðu á kröfu flæmsku flokkanna um að auknar valdheimildir yrðu færðar til landshlutastjórnanna frá sambandsríkisstjórninni, en á þá kröfu vildu flokkar hinna frönskumælandi Vallóna alls ekki fallast á. Letermeskilaðistjórnarmyndunarumboði sínu til Alberts konungs á laugardag.

„Við erum orðnir að athlægi umheimsins,“ sagði Karel de Gucht, utanríkisráðherra í bráðabirgðastjórn Verhofstadts. **- aa**



**GUY VERHOFSTADT**


FRUMSÝND Á ÍSLANDI 26. DESEMBER
THE GOLDEN COMPASS
TAKTU ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU
SPRON býður viðskiptavinum sínum að taka þátt í stórskemmtilegum leik á spron.is fyrir 17. desember nk. Þú svarar nokkrum laufléttum spurningum og gætir unnið:
• Tvo miða á hina ævintýralegu bíómynd Gyllta áttavitann (The Golden Compass)
• The Golden Compass-tölvuleikinn
• Annan varning tengdan myndinni.
NOTAÐU GYLLTA ÁTTAVITANN Á SPRON.IS OG KANNAÐU HVERT HANN LEIÐIR ÞIG!
Viðskiptavinir, sem greiða með SPRON-korti, fá 20% afslátt af miðaverði á myndina.
Vinningshafar verða dregnir út 18. desember nk. – fylgstu með á spron.is
75 ára
spron










Mál listnemans Þórarins Inga Jónssonar tekið fyrir í dag:

# Þurfti að flytja úr íbúð sinni

**MENNING** Þórarinn Ingi Jónsson, listnemi í Toronto, hefur verið kærður fyrir óspektir á almannafæri. Hann framkvæmdi gjörning í borginni í síðustu viku og kom gervisprengju fyrir á listasafni.

„Ég frétti hjá bloggara hér í borginni að lögreglan vildi tala við mig svo ég fór og fékk lögfræðing með milligöngu íslenska konsúlsins,“ segir Þórarinn, sem vildi ekki að lögreglan héldi að hann væri á flótta og gaf sig því fram. „Ég var settur í klefa á stöðinni og yfirheyrður. Ég eyddi nóttinni á lögreglustöðinni og fór fyrir rétt daginn eftir og sótti um að losna gegn tryggingu.“


ÞÓRARINN INGI JÓNSSON

Þórarinn segir allt Íslendingasamfélagið í Toronto hafa mætt auk vina og listamanna í borginni og vottað fyrir réttinum að hann væri hvorki eiturlyfjaneytandi né veikur á geði. Hann er nú á skilorði en þurfti að flytja úr íbúð sinni til fjölskyldu sem á að gæta hans.

Réttað verður í málinu aftur í dag en vegna þess hve mikinn áhuga fjölmiðlar hafa sýnt málinu hefur lögfræðingur Þórarins ráðlagt honum að mæta ekki fyrir réttinn.

Þórarinn var rekinn tímabundið úr námi við listaháskólann sem hann sækir og var kennurum hans einnig vikið frá, þrátt fyrir að þeir hafi ekki vitað um fyrirætlan Þórarins.

„Ég mun mæta á næstu dögum á fund aðstoðarskólastjórans og við ætlum að mótmæla brottrekstrinum. Ég hef trú á því að það muni leysast.“ **- eb**

# Vill áfram málþófsrétt

**Þingflokkur Vinstri grænna vill halda í réttinn til að stunda málþóf og harmar að frumvarp um þingsköp hafi verið lagt fram án samkomulags.**

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs vill halda í réttinn til að stunda málþóf og leggst því gegn núverandi hugmyndum að breytingum á þingsköpum samkvæmt frumvarpi. Þingflokkurinn harmar að frumvarpið hafi verið lagt fram án samkomulags þegar auðveldlega hefði verið hægt að vinna málið í sátt. Þetta kom fram á blaðamannafundi VG í gær.

„Við erum opin til umræðu um allt en viljum ekki að það fyrsta sem er sagt við okkur sé að við verðum að láta af þessum réttindum til að eiga ótakmarkaðan ræðutíma í annarri umræðu. Við viljum eiga áfram þennan möguleika að stunda málþóf, þó það væri ekki nema neyðarréttur. Það er í raun lýðræðislegur réttur okkar til að vekja athygli þjóðarinnar og fjölmiðla á varhugaverðum málum. Stundum getur maður það ekki nema með því að standa saman um langan málflutning. Það hefur sýnt sig og við viljum ekki selja frá okkur þennan rétt. Ef þetta er spurning um að laga aðstæður starfsmanna þá er allt hægt í þeim efnum áður en þingskaparlögunum er breytt,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður VG.


**VILJUM EKKI SELJA** Þingflokkur VG vill halda í réttinn til að stunda málþóf. „Við viljum ekki selja frá okkur þennan rétt,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður VG, en hún var ein þeirra sem kynntu málflutning þingflokksins á blaðamannafundi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þingflokkurinn segir afstöðu sína helgast af því að gæta réttar og vígstöðu stjórnarandstöðunnar í samskiptum við meirihlutann og framkvæmdarvaldið.

VG vilji breytingar en þá verði líka vinnubrögð þingsins að batna, vinnuaðstæður og allt skipulag að verða betra og að staða stjórnarandstöðu og þingsins í heild gagnvart framkvæmdarvaldinu styrkist en veikist ekki. Ef völdum væri dreift væri ólíku saman að jafna. Þá þurfi að hækka þröskuld fyrir veitingu afbrigða frá þingsköpum.

„Við viljum meira samráð, meiri samvinnu og við viljum tryggja það að hér sé ríkisstjórn sem framkvæmir vilja þingsins en ekki ríkisstjórnarbundið þing þar sem ríkisstjórnin hefur tögl og hagldir og getur beitt sínum mikla meirihluta í eigin þágu til að flýta afgreiðslu þingmála í gegnum þingið,“ segir Kolbrún. **ghs@frettabladid.is**




Undirskriftasöfnun gegn leghálskrabbameini:

# Tíðnin aldrei verið lægri

**HEILBRIGÐISMÁL** Evrópusamtök gegn leghálskrabbameini hvetja þjóðir til þess að skrifa undir áskorun á heimasíðunni cervicalcancerpetition.eu um að allar konur í Evrópu hafi sama rétt til forvarna. Tíðni leghálskrabbameins er mun hærri í mörgum Evrópuríkjum en á Íslandi.

Dánartíðni vegna krabbameinsins hefur aldrei verið lægri á Íslandi og hefur lækkað um 88 prósent síðan árið 1970. Árið 1964 var farið að leita markvisst að forstigsbreytingum í frumustrokum úr leghálsi kvenna að sögn Kristjáns Sigurðssonar, yfirlæknis leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins.

„Tíðnin hætti að lækka árið 1980 vegna þess að mæting í leit var ekki eins góð og hún átti að vera og við það hækkaði nýgengi meðal ungra kvenna. Á sama tíma urðu einnig breytingar á lífsstíl kvenna og karla sem einnig má tengja við þessa hækkun,“ segir Kristján

Í kjölfarið var innköllunarkerfi í krabbameinsleit gert skilvirkara og boðunaraldur lækkaður úr 25 árum í 20 ár. Nýgengi lækkaði aftur eftir 1980 en hefur staðið í stað síðan árið 1990. Um 260 konur hafa greinst með leghálskrabbamein síðan árið 1989.

„Frá 1989 hafa um 60 prósent þeirra kvenna sem greinast með leghálskrabbamein á Íslandi greinst á seinni stigum og þar af hafa 75 prósent þeirra ekki virt vinnureglur okkar og ekki mætt reglulega í skoðun. Leitin er því sérstaklega mikilvæg.“ **- eb**

Fjárhagsáætlun í Mosfellsbæ:

# Hækka útsvarið ekki upp í topp

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hyggst halda óbreyttu útsvari á næsta ári, 12,94 prósent. „Er Mosfellsbær eitt fárra sveitarfélaga sem ekki fullnýtir hámarksprósentuna," segir í tilkynningu sem bærinn sendi frá sér í tilefni af fjárhagsáætlun næsta árs. Hámarksprósenta útsvars er 13,03.**

**Heildartekjur Mosfellsbæjar eru áætlaðar 4.065 milljónir króna og gjöldin 3.798 milljónir. Meðal nýjunga eru heimagreiðslur til foreldra eins til tveggja ára barna. Verja á 775 milljónum til uppbyggingu skólamannvirkja, meðal annars framhaldsskóla. - gar**

Fulltrúar um 190 þjóða mættir á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Balí:

# Kallað eftir stóru framfaraskrefi

**BALÍ, AP** Fulltrúar frá nærri 190 löndum eru nú saman komnir á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á indónesísku orlofseynni Balí til að ræða næstu tvær vikurnar um næstu skref í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, einkum og sér í lagi búa í haginn fyrir bindandi alþjóðlegt samkomulag sem tekið geti við af Kyoto-bókuninni þegar hún rennur út árið 2012.

Eitt af höfuðmarkmiðum ráðstefnunnar er að búa þannig um hnúta að Bandaríkin fallist á að skerast ekki lengur úr leik í hinni hnattrænu baráttu gegn afleiðingum hlýnandi loftslags og gerist aðili að arftakasamkomulagi Kyoto-bókunarinnar um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

Fulltrúar Bandaríkjastjórnar hafa lýst því yfir að þeir ætli sér ekki að vera „hindrun" í vegi fyrir nýju alþjóðasamkomulagi, en Bandaríkjastjórn er eftir sem áður andsnúin ýmsum þeim aðgerðum sem flest önnur ríki styðja, svo sem að ríku þjóðunum séu sett bindandi markmið um minni losun. Forsvarsmenn ráðstefnunnar skoruðu á fulltrúa ríkja heims að tvínóna ekki í baráttunni gegn loftslagsbreytingunum. „Augu heimsins hvíla á ykkur," sagði Yvo de Boer, framkvæmdastjóri ráðstefnunnar, í gær. „Heimsbyggðin væntir nú stórs stökks fram á við." - aa




**ÞRÝSTIHÓPAR FJÖLMENNA** Hér brýna fulltrúar grænfriðunga ráðstefnufulltrúa á Balí að „sjóða ekki" loftslagið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á MIKLUBRAUT** Neyðarsímkerfi fyrir bíla er á teikniborðinu.

Nýtt öryggiskerfi fyrir bíla:

# Samevrópskt neyðarnúmer

**UMFERÐ** Evrópusambandið vill koma á fót samevrópsku neyðarnúmeri og koma fyrir sjálfvirkum búnaði í öll ný farartæki frá 1. september 2010.

Persónuvernd segir um að ræða búnað sem fari sjálfkrafa í gang við umferðarslys eða fyrir tilstilli ökumanns eða farþega og tengi viðkomandi við svarstöð og gefi upplýsingar um staðsetningu og fleira. Kerfið verði annaðhvort skylda eða frjálst val: „Ef þessi leið verður farin væri það ólögmætt af hálfu tryggingafélaga, bílaleigna og fyrirtækja með bíla fyrir starfsmenn, að beita aðila þrýstingi til þess að hafa búnaðinn virkan." - gar

Fangelsi fyrir árás á unnustu:

# Reyndi að kæfa konu með sæng

**DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur maður hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi í Hæstarétti fyrir hrottafengna árás á þáverandi unnustu sína.**

**Maðurinn var undir áhrifum áfengis og örvandi efna þegar hann réðst á konuna á heimili móður hennar. Hann sló hana í andlitið, reif í hár hennar, skellti höfði hennar við gólfið, tók hana kverkataki og vafði sæng um höfuð hennar svo hún átti erfitt með andardrátt.**

**Maðurinn var jafnframt dæmdur til að greiða konunni 1.200.000 krónur í skaðabætur, og var upphæðin hækkuð um helming frá dómi héraðsdóms. - sh**

Kona dæmd í héraðsdómi:

# Skallaði konu á skemmtistað

**DÓMSMÁL** Kona hefur verið dæmd í Héraðsdómi Reykjaness í 30 daga skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu ríflega 132 þúsund króna fyrir að skalla aðra konu á skemmtistað í Reykjanessbæ. Fórnarlambið nefbrotnaði í árásinni, sem átti sér stað á nýársnótt.

Konan sem varð fyrir árásinni var stödd inni á salerni skemmtistaðarins þegar árásin átti sér stað. Hafði hún rekið á eftir árásarkonunni sem hafði verið lengi inni á klósettbás.

Árásarkonan neitaði sök fyrir dómi. Dómurinn taldi sannað út frá framburði fórnarlambsins og vitna að líkamsárásin hefði átt sér stað. - jss



# Gíraffinn 10 ára!

## Einstakt afmælistilboð

Í tilefni af því að 10 ár eru liðin síðan Flex hóf framleiðslu á „gíraffa“ fyrir sandpappír, til að slípa sparsl á veggjum og í lofti, verða gíraffavörur á sérstöku tilboðsverði til 14. desember.

Með öllum Flex-gíröffum sem keyptir eru fram til 14. des., gefum við 1400W gripmattara, 1200W grip-hjámiðjuslípara, gíraffatösku og gíraffahúfu frá Flex.

Gildir meðan birgðir endast!




TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA · 9071475

Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA


Norskir ríkisstyrkir til koltvísýringsföngunartækni:

# Sniðganga samkeppnisreglur ESB

**NOREGUR** Norska stjórnin hyggst freista þess að sniðganga samkeppnisreglur Evrópusambandsins með því að halda því fram að ríkisstyrkur til þróunar á koltvísýringsföngunarbúnaði í nýju gasorkuveri sé ekki ríkisstyrkur í raun, heldur nauðsynleg fjárfesting af hálfu ríkisins sem fjárfestis á markaði í olíu- og gasiðnaði.

Unnið er að byggingu nýstárlegs gasorkuvers á Mongstad á Hörðalandi, sem á að verða þannig útbúið að megnið af koltvísýringnum sem verður til við brennslu jarðgassins, sem notað er til raforkuvinnslunnar, verði fangað og síðan geymt með því að vera dælt niður í borholur á hafsbotni. Jens Stoltenberg forsætisráðherra hefur lagt gríðarlega áherslu á að þessi áform gangi eftir.

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur óskað eftir ítarlegum upplýsingum um ríkisfjárfestingarnar í verkefninu til að geta skorið úr um hvort þær séu markaðsbjagandi ríkisstyrkir samkvæmt skilgreiningu samkeppnisreglna ESB. Norska stjórnin svaraði þessu erindi ESA fyrir helgi með ofangreindum rökum. - aa



**JENS STOLTENBERG** Forsætisráðherra Noregs leggur áherslu á að áformin á Mongstad gangi eftir.

Ný skýrsla frá hagstofu Evrópusambandsins um útbreiðslu nettenginga:

# Ísland best nettengt í Evrópu

**TÆKNI** Internetið er hvergi jafn útbreitt á Evrópska efnahagssvæðinu og á Íslandi. Alls 83 prósent heimila hér á landi hafa aðgang að netinu en meðalhlutfallið í hinum tuttugu og sjö ríkjum Evrópusambandsins er 54 prósent. Næst á eftir Íslandi koma Holland, Svíþjóð og Danmörk, samkvæmt nýrri skýrslu hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat.

Auk þess að hafa nettengingar á flestum heimilum eru Íslendingar iðnastir Evrópuþjóða við ýmiss konar athafnir á netinu, eins og að nota leitarvél og senda tölvupóst með viðhengi. Við höfum einnig hlutfallslega flesta íbúa sem hafa hringt í gegnum netið og sett upp heimasíðu.

Löndin sem verma botnsætin hvað varðar útbreiðslu nettenginga eru Grikkland með 25 prósent heimila tengd, Rúmenía með 22 prósent og Búlgaría með nítján prósent heimila tengd netinu. Þessar þrjár þjóðir hafa einnig fæst heimili með háhraðanettengingu.

Könnunin náði yfir heimili með að minnsta kosti einum íbúa á aldrinum 16-74, og var viðmiðunartíminn fyrsti fjórðungur þessa árs. Spurt var um netaðgang einhvers íbúa á heimilinu og hvort viðkomandi hefði einhvern tímann framkvæmt tiltekna athöfn á netinu. Séu tölur um netaðgang heimila í ár bornar saman við það síðasta sést að aðgangurinn eykst í nánast öllum tilfellum. Meðaltal innan Evrópusambandsins hækkaði úr 49 prósentum í 54, Noregur fór úr 69 prósentum í 78 og Slóvakía stökk úr 27 prósentum í 46. Sömu sögu er að segja um fjölda háhraðatenginga milli ára. - sþs



**Á NETINU** Þriðjungur landsmanna hefur hringt í gegnum netið og sama hlutfall hefur sett upp heimasíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### NETTENGINGAR Í EVRÓPU

| Nettengd heimili: | |
|---|---|
| Ísland | 84% |
| Holland | 83% |
| Svíþjóð | 79% |
| Meðaltal innan ESB | 54% |

| Háhraðatengd heimili: | |
|---|---|
| Ísland | 76% |
| Holland | 74% |
| Danmörk | 70% |
| Meðaltal innan ESB | 42% |

### HLUTFALL FÓLKS SEM …

| Hefur notað leitarvél: | |
|---|---|
| Ísland | 86% |
| Holland | 83% |
| Noregur | 80% |
| Meðaltal innan ESB | 57% |

| Hefur hringt í gegnum netið: | |
|---|---|
| Ísland | 33% |
| Frakkland | 29% |
| Eistland | 28% |
| Meðaltal innan ESB | 15% |

| Hefur sent tölvupóst með viðhengi: | |
|---|---|
| Ísland | 76% |
| Holland | 75% |
| Noregur | 73% |
| Meðaltal innan ESB | 50% |

| Hefur sett upp heimasíðu: | |
|---|---|
| Ísland | 31% |
| Noregur | 21% |
| Eistland | 18% |
| Meðaltal innan ESB | 10% |


# Fyrir jólin

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.



Gæðaryksugur frá Siemens.
Virkilega þrífandi hrífandi.

Þessi er nauðsynleg við jólabaksturinn.

SIEMENS

Er ekki upplagt að fá sér ný ljós fyrir jólin?



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG Lífið er gott
199.900
42PT85
42" Plasma Sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
LG Lífið er gott
229.900
42LF75
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
Ljómandi góð sjónvörp
159.900
42PC52
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz
169.900
42LC51
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
160 GB UPPTÖKU DISKUR
209.900
42LT75
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
2 Stafrænir móttakarar
199.900
37LF75
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa
Birtustig
Svartími
Stafrænn móttakari
139.900
37LC55
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari
139.900
32LB75
32" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
59.900
26LC42
26" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms
69.900
22LS4R
22" LCD Sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms
54.900
20LS5R
20" LCD Sjónvarp
Upplausn 640x480
Skerpa 3000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms
52.900
19LS4R
19" LCD Sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG Lífið er gott






## Við lofum þér góðri þjónustu

Við erum komin í jólaskap og tökum á móti væntanlegum viðskiptavinum með jólasmákökum og heitu kakói. Við höfum einsett okkur að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu sem völ er á og því erum við stöðugt að leitast við að gera betur í dag enn í gær.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 79




Við erum stolt og ánægð með sístækkandi viðskiptavinahóp, marga nýja og spennandi bíla, aðstöðu sem tekur öðru fram og úrval traustra vörumerkja.
Við vonumst til að sjá þig í hátíðarskapi!

940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

## Svona erum við

> Fjöldi fanga á Íslandi sem dæmdir voru fyrir fíkniefnabrot árin 1981 til 2006




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LOFTSLAGSBREYTINGAR

# *Hlýnun að mestu af mannavöldum*

Fulltrúar nærri 190 ríkja eru saman komnir á indónesísku orlofseynni Balí á 13. aðildarríkjafundi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Á dagskrá fundarins, sem á að standa í tvær vikur, er undirbúningur alþjóðlegs samkomulags sem geti tekið við af Kyotobókuninni um samdrátt losunar gróðurhúsalofttegunda þegar hún rennur út árið 2012.

**Hvað eru loftslagsbreytingar?**
Meðalhitastig í lofthjúpi jarðar er stöðugt að breytast. Meðalhitastigið er nú um 15° á Celsíus. Jarðfræðileg gögn og aðrar heimildir benda til að í sögu jarðar hafi þetta meðalhitastig farið allt upp í 27 gráður og niður í um 7 gráður. En vísindamenn hafa nú áhyggjur af því að hinar náttúrulegu sveiflur eigi minnstan þátt í þeirri hlýnun sem hefur átt sér stað á síðustu árum og spáð er að haldi áfram á þessari öld. Orsök þessarar hlýnunar sé öllu heldur uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda, aðallega koltvísýrings, í lofthjúpnum af völdum brennslu mannsins á jarðefnaeldsneyti og öðrum loftmengunarvöldum sem neysla, landbúnaður og iðnaður hafa í för með sér.



**Hvað eru „gróðurhúsaáhrif"?**
Gróðurhúsaáhrifin vísa til þeirra áhrifa sem uppsöfnun svonefndra gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum hefur í för með sér; þessi uppsöfnun verður til þess að meiri varmi frá sólinni „lokast inni" í lofthjúpnum. Án gróðurhúsalofttegunda væri of kalt á jörðinni til að líf þrifist þar, eins og við þekkjum það.

Hlutfall koltvísýrings í andrúmsloftinu hefur aukist um 30 prósent frá því fyrir upphaf hinnar kola- og olíudrifnu iðnvæðingar fyrir um 200 árum.

**Hvað sannar hlýnunina?**
Hitafarsmælingar eru til skrár um aftur á 19. öld, og þær sýna að meðalhiti á jörðinni óx um 0,6 gráður á 20. öld. Sjávarborð hefur hækkað um 10-20 sentimetra, aðallega vegna varmaútþenslu hafsins. Flestir jöklar tempruðu beltanna og við heimskautin hafa verið að minnka. Norðurheimskautsísinn að sumri og hausti hefur þynnst að jafnaði um 40 sentimetra frá því sem var fyrir nokkrum áratugum.

Samkvæmt spálíkönum sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna mun meðalhitastig hækka um 1,4 til 5,8 gráður fram til ársins 2100.

**SPURT & SVARAÐ**
**NÝ ENDURVINNSLUSTÖÐ SORPU**

## *Pappír fær líf í Svíþjóð*

Nýtt endurvinnslusvæði Sorpu í Gufunesi var opnað á föstudaginn var. Svæðið hefur hlotið nafnið Straumur til framtíðar, en þar hafa ýmiss konar endurbætur verið gerðar á endurvinnsluferlinu. Björn H. Halldórsson er framkvæmdastjóri Sorpu.



**BJÖRN H. HALLDÓRSSON** Framkvæmdastjóri Sorpu

**Á hvaða hátt er nýja endurvinnslusvæðið betra?** „Breytingarnar hafa margþættan tilgang. Við erum að reyna að auka afkastagetuna í húsinu, aðskilja endurvinnsluefni frá því sem fer í urðun og bæta vinnuumhverfið í húsinu. Svo höfum við líka gert það sýnilegra hvað við erum að gera þannig að viðskiptavinurinn sjái það svart á hvítu að það sem á að fara til endurvinnslu sé flokkað sérstaklega."

**Hvað verður um úrganginn?** „Allur pappi og pappír fara til Svíþjóðar til endurvinnslu. Þar verður tímarita- og dagblaðapappír að nýjum pappírsafurðum, og fær nýtt líf í formi nýrra vara. Sumt er notað í klósettpappír, eldhúsrúllur, umbúðir utan um morgunkornspakka og þess háttar."

# Ókeypis verði í strætó fyrir alla

**Ólafur Friðrik Magnússon, sem í dag verður kjörinn forseti borgarstjórnar, viðurkennir að æskilegt væri að fá málefnaskrá fyrir nýjan meirihluta. Hann er efins um að Reykjavíkurflugvöllur fari nokkurn tíma úr Vatnsmýrinni en telur að hægja þurfi á Hellisheiðarvirkjunum.**

Það er ískalt að morgni dags á skrifstofu Margrétar Sverrisdóttur við Tjarnargötu og tómlegt um að lítast. Margrét er enn með eitthvað af sínu hafurtaski hér, enda verður hún áfram með aðstöðu á skrifstofunni, sem nú tilheyrir Ólafi. Við spjöllum frakkaklæddir og byrjum á flugvellinum.

*Verður flugvöllurinn látinn liggja milli hluta á kjörtímabilinu?*

„Hann er í sama ferli og í tíð síðasta meirihluta og ég býst ekki við að það gerist neitt afgerandi á kjörtímabilinu."

*Var gert eitthvert samkomulag milli þín og Dags um flugvöllinn?*

„Til lengri tíma litið er ekkert frágengið. Þau mál eru í vinnslu. Það er verið að athuga ýmsa kosti eins og Hólmsheiði og slíkt. Kosti sem ég tel sjálfur nær útilokað að geti orðið jafn vænir kostir og að hafa flugvöllinn niðri við sjávarmál. Ég tel það miklu öruggara."

*En af hverju ekki Löngusker?*

„Mér finnst það ekki jafn gott og öruggt stæði. Fyrir utan kostnað hugsa ég um öryggissjónarmið; ágang sjávar og fleira."

*En þetta er varnarbarátta. Flugvöllurinn fer að lokum, ekki satt?*

„Ég er ekki viss um það," segir Ólafur og skellir upp úr. „Ég er nefnilega ekki sannfærður um það. Ég gæti trúað að við nánari skoðun eigi þessi sjónarmið eftir að breytast.

En þótt ég berjist fyrir þessu máli get ég ekki málað mig út í horn með því einu. Ég er búinn að reyna að mynda meirihluta með flugvallarmálið að leiðarljósi. Þá kom í ljós að sjálfstæðismenn höfðu ekki þá skoðun á þessu máli og þeir höfðu haldið fram fyrir kosningar. Okkar næsti kostur í stöðunni var að sjálfsögðu að mynda meirihluta undir forystu Dags B. Eggertssonar. Ég átti visst frumkvæði að því að þær viðræður hófust, en ég tók ekki þátt í þeim heldur hafði Margrét umboð mitt til þess. En ég mun ekki rugga bátnum eða hafa í hótunum af því að ég er með oddaatkvæði. Þegar ég fer inn í þetta samstarf get ég ekki sett neina úrslitakosti."



**ÓLAFUR Á LEIÐINNI Í RÁÐHÚSIÐ** Maðurinn sem borgarstjóri kallar guðföður hins nýja meirihluta snýr nú aftur til starfa úr veikindaleyfi. Hann segist treysta því að nýr meirihluti standi vaktina í velferðar- og umhverfismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ókeypis almenningssamgöngur**

*En það eru fleiri mál. Þú gerðir eitt sinn tillögu um ókeypis fargjöld í strætó, sem Reykjavíkurlistinn felldi. Muntu halda áfram með þetta á kjörtímabilinu?*

„Að sjálfsögðu. Þetta er það mál sem ég hef barist hvað lengst fyrir í borgarstjórn. Ég tel allar líkur á að við náum fleiri áföngum að því lokamarkmiði að hafa ókeypis fyrir alla í strætó. Fyrsta skref eru börn, aldraðir og öryrkjar. En markmiðið hlýtur að vera ókeypis almenningssamgöngur fyrir alla. Þetta hefur verið mér mjög hugleikið frá því ég kom til starfa fyrir átján árum og dropinn virðist vera að hola steininn."

*Þú deildir líka við Reykjavíkurlistann um friðun gamalla húsa og talaðir um að hann beitti blekkingum í þágu niðurrifs. Hefur verið komið til móts við þín sjónarmið?*

„Alveg eins og með almenningssamgöngurnar. Ég stóð að miklu leyti einn þar um árabil en minn áróður, til dæmis um verndun gamalla húsa við Laugaveg, er farinn að skila sér mjög til annarra borgarfulltrúa. Mér sýnist að ákveðin hugarfarsbreyting hafi orðið eins og sést til dæmis á nýju Kvosarskipulagi og að menn ætla sér að endurreisa húsin við Lækjargötu eftir brunann.

Mín mestu vonbrigði verða ef ekki tekst að forða Laugavegi 4 til 6 frá niðurrifi. Ég hef fyrir löngu gert tillögu um að kaupa þau. Það er ekki bara vegna húsanna heldur vegna götumyndarinnar."

*Er það um seinan?*

„Mér virðist það vera um seinan en ég hef þegar rætt þetta við forystumenn hinna flokkanna hvort nokkur möguleiki sé að bjarga þessari götumynd. Þarna er vel hægt að halda lágreistri 19. aldar götumynd og það er mjög mikilvægur menningararfur sem felst í því. Ég vil gera allt sem ég get."

*Þú gagnrýndir einnig að Reykjavíkurlisti lækkaði ekki þjónustugjöld til öryrkja og aldraðra. Hyggstu beita þér í þessu?*

„Já, ég mun beita mér fyrir því eins og ég get á þessu kjörtímabili. Lægri þjónustugjöld fyrir börn, aldraða og öryrkja eru mál sem ég hef borið fyrir brjósti alla tíð. Þessir hlutir eru að skila sér hægt og bítandi, enda segist þessi nýi meirihluti ætla að beita sér fyrir velferðarmálum og mun vafalítið gera það."

*Hvar kemur það fram? Hvar er málefnaskrá nýja meirihlutans?*

„Menn ætla að gefa sér tíma í hana. Það er nú ekki hægt að skamma mig fyrir þetta á mínum fyrsta starfsdegi! Menn vilja fara hægt í sakirnar til að lenda ekki í sjálfheldu eða gefa út yfirlýsingar sem þeir geta ekki staðið við. Það er áherslumunur um ýmsa hluti og menn vilja ekki stefna samstarfinu í voða."

*Er þetta ekki frekar metnaðarlítil stefna?*

„Við sjáum nú þegar ágætlega metnaðarfulla fjárhagsáætlun og þessir hlutir fara að skýrast. Meirihlutamyndunin bar brátt að og menn hafa bundist um það samtökum að finna málefnalegan flöt á samstarfinu á öllum sviðum."

*Kemur málefnaskrá að lokum?*

„Ég vil ekki gefa út yfirlýsingar um það hér og nú. Dagur lýsti því yfir að fyrsta fjárhagsáætlunin okkar yrði að minnsta kosti sterk yfirlýsing um okkar áherslur. En já, mér fyndist það afar æskilegt að málefnaskrá kæmi að lokum."

## ÓLAFUR F. OG UMHVERFISMÁLIN

**Þú talaðir um falskan tón Vinstri grænna í umhverfismálum fyrir síðustu kosningar** … „Ég gerði það vissulega. Ég gat líka rakið svo mörg dæmi um að þau felldu tillögur mínar um almenningssamgöngur, húsverndunarmál og fleira."

**En núna? Hefur meirihlutinn náð einhverju samkomulagi í umhverfismálum?** „Það er alveg ljóst að eftir að Vinstri græn fóru úr Reykjavíkurlistanum hef ég fengið mun meiri stuðning við mín sjónarmið í flestum þessum málum, ekki síst í húsverndunarmálum. Svandís Svavarsdóttir hefur algjörlega stutt minn fyrri málflutning þar. Ég held að við Vinstri græn höfum mikla samstöðu í umhverfismálum núna."

**En stærri mál, eins og Bitruvirkjun?** „Ég hef lítið komið að umræðu um hana enn þá. En það er alveg ljóst að það þarf að hægja á ferðinni í þessum gufuaflsvirkjunum í grennd við höfuðborgina. Að virkja svona hratt á þeim vettvangi fyrir stóriðju er óvarkárni gagnvart þessari orkulind.

Einmitt orkumálin eru í mjög góðum farvegi í meirihlutanum og alveg ljóst að við munum ná góðri samstöðu um þau. Ég treysti meirihlutanum algjörlega til að fara varlega í nýtingu orkulinda og umhverfisþætti. Það er ekki ástæða til að vera með yfirlýsingar á þessu stigi málsins, því ég sé ekki að það verði neinn ágreiningur um þessi mál. Náttúruverndarsjónarmið verða höfð að leiðarljósi."



FRÉTTAVIÐTAL
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

Hitavörður




» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins. Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður. Hefur um árabil átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

# Viljum við villta vestrið í íslenskum neytendamálum?

**OPIÐ BRÉF**

EIN MIKILVÆGASTA grein laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hljóðar svona:
„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar.“

Þessum lögum er ætlað vernda neytendur og tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi. Neytendastofa hefur það hlutverk að framfylgja þeim. En í raun gerir hún það ekki. Neytendastofa sefur á verðinum.




**Auglýsingablekkingar.** Sumar verslanir sýna gervi-fyrra verð til að gefa í skyn að „tilboðsverðið“ sé hagstætt á meðan aðrar auglýsa 40% afslátt sem er í raun aðeins 29%.

Á byggingavörumarkaði er grimmt stundað að blekkja neytendur. Þar hafa helstu verslanirnar árum saman farið á svig við lögin til að villa um fyrir fólki. Neytendastofa er hins vegar svo máttlítil og samdauna þessum vinnubrögðum að hún tekur ekki einu sinni við sér þótt dæmum um lögbrot sé hrúgað inn á borð forstjórans. Þau viðbrögð eru undarleg, í ljósi þess að Neytendastofa hefur verið að biðja fólk um að koma með ábendingar um ólögmæta viðskiptahætti.

## Blekkingarnar koma í ljós

Múrbúðin er í harðri samkeppni á byggingavörumarkaði. Fyrir nokkrum árum fór að verða áberandi hvað sumir af helstu keppinautum Múrbúðarinnar voru gjarnir á að auglýsa langvarandi tilboð og afslætti á sömu vörunum. Hjá Múrbúðinni var farið að skrá þessi vinnubrögð og þá kom í ljós kerfisbundinn blekkingarleikur.

- Afsláttur var auglýstur frá upprunalegu verði sem aldrei hafði verið til.
- Afsláttur var kynntur frá upprunalegu verði sem aðeins hafði verið sett á til málamynda í skamman tíma.
- Árstíðabundnar vörur voru hátt verðmerktar utan aðal sölutímans, þegar enginn keypti þær hvort sem er, til að geta sýnt tilboðsverð þegar eftirspurnin hófst.
- Svokallað upprunalegt verð var hækkað eftir þörfum.

Tilgangurinn var alltaf sá sami – að láta viðskiptavini halda að um verulegan afslátt væri að ræða, þegar svo var ekki í raun.

## Nokkur dæmi um villandi auglýsingar

Forráðamenn Múrbúðarinnar eiga í fórum sínum mýmörg dæmi um það hvernig stórar verslanir á byggingavörumarkaði hafa stundað það að gabba viðskiptavini sína.

- Innimálning var auglýst á tilboðsverði, 3.990 kr. Fyrra verð var sagt 6.280 kr. Þannig gekk þetta fyrir sig í tíu mánuði, en þá hækkaði „fyrra verðið“ í 7.289 kr. og tilboðsverðið í 4.990 kr. Í mánuðunum þar á eftir hækkaði „fyrra verðið“ í 7.799 kr. Þannig gekk þetta í eitt og hálft ár.
- Jólaskraut var auglýst með 30% afslætti, á tilboðsverði 2.790 kr. Fyrra verð var sagt 3.990 kr. Viku síðar var þetta sama skraut auglýst með 50% afslætti – en tilboðsverðið hafði engu að síður hækkað. Hvernig mátti það vera? Jú, „fyrra verð“ hafði einfaldlega verið hækkað í 5.990 kr.
- Sama borvélin var í meira en eitt ár ýmist seld á tilboðsverðinu 2.590 kr. eða 2.990 kr. „Fyrra verð“ var hins vegar ávallt sagt 4.990 kr. Að sjálfsögðu getur fyrra verð ekki verið 4.990 kr. ef tækið er allan tímann selt á allt öðru og lægra verði.
- Gólfflísar voru auglýstar á fullu verði 2.580 kr. fermetrinn. Fjórum mánuðum síðar voru þessar sömu gólfflísar hins vegar auglýstar á tilboðsverðinu 2.190 kr. en “fyrra verð” var sagt 3.990 kr. til að láta afsláttinn virka hærri.

Blekkingarleikur af þessu tagi skekkir verðvitund neytenda. Þeir ruglast í ríminu og halda að þeir séu að fá vörur á hagstæðara verði en raunin er.




## Múskó-herferðin og viðbrögð Neytendastofu

Forráðamenn Múrbúðarinnar voru búnir að fá sig fullsadda af aðgerðaleysi Neytendastofu í þessum efnum síðastliðið vor. Þeir lögðu því umtalsverða fjármuni í hina margumtöluðu Múskó-auglýsingaherferð, til að benda neytendum á blekkingarleikinn.

Til að vekja Neytendastofu af værum svefni, sendi Múrbúðin nokkur dæmi til hennar um lögbrot hjá stórri byggingavöruverslun og hvatti stofnunina til dáða.

En í stað þess að hefja rannsókn á þessum borðliggjandi lögbrotum, þá ákvað Neytendastofa að snúa ábendingum Múrbúðarinnar upp í kæru gagnvart versluninni. Verslunin svaraði erindi Neytendastofu, en óskaði jafnframt eftir því að innihald svarsins færi leynt, vegna viðskiptahagsmuna. Því samsinnti Neytendastofa. Samtímis tók stofnunin til meðferðar klögumál verslunarinnar á hendur Múrbúðinni vegna þeirrar gagnrýni sem fram kom í Múskó-herferðinni. Um leið ákvað Neytendastofa að sameina þessi mál og afgreiða sem eitt – þótt þau væru óskyld með öllu.

Vinnubrögð þessarar opinberu stofnunar eru með ólíkindum. Í stað þess að bregðast við ábendingum um kerfisbundnar blekkingar, snýr Neytendastofa málinu upp í togstreitu tveggja fyrirtækja og tekur enga sjálfstæða afstöðu til málsins.




**Samdauna.** Við erum orðin samdauna villandi vinnubrögðum í auglýsingum.

Þau lögbrot sem Múrbúðin benti Neytendastofu á voru framin fyrir opnum tjöldum. Þess vegna sætir furðu að Neytendastofa skuli heimila viðkomandi fyrirtæki að skýra sitt mál með leynilegum hætti. Einnig má efast um að Neytendastofa hafi þekkingu eða gögn til að sjá í gegnum blekkingarleik verslunarinnar.

Múrbúðin kærði vinnubrögð Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Nefndin samsinnti Neytendastofu, eins og við var að búast, en þeirri ákvörðun verður vísað til Héraðsdóms.

## Skýrar reglur í öðrum löndum

Blekkingar á byggingavörumarkaði eru ekkert einsdæmi í verslun hér á landi. Fjölmargar aðrar verslanir iðka þennan leik óáreittar. Til dæmis er mjög algengt að auglýsa 30-50% afslátt af nýjum vörum. En ef vara er ný og hefur aldrei verið til sölu á „fyrra verði“ þá er lífsins ómögulegt að gefa afslátt frá því. Þetta eru einfaldlega villandi auglýsingar. En Neytendastofa þegir þunnu hljóði.




**Af hvaða verði?** Hvernig er hægt að gefa afslátt frá verði sem aldrei hefur verið til?

Leit á Netinu leiðir í ljós að víðast hvar í samanburðarlöndum eru mjög skýrar reglur um hvernig auglýsa má tilboð og afslætti, þannig að ekki sé verið að blekkja neytendur. Sem dæmi má nefna að í Ástralíu, Danmörku og Bandaríkjunum er gerð sú krafa að „fulla verðið“ hafi staðið til boða nógu lengi til að neytandinn ætti sig á því að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Ekki er nóg að setja háan verðmiða í nokkra daga og auglýsa svo mánuðum saman tilboðs verð á grundvelli þessa fyrra verðs.

Í Bandaríkjunum hefur FTC sett þær viðmiðunarreglur að fullt eða fyrra verð þurfi að gilda helming sölutímans og tilboðsverðið hinn helminginn. Með öðrum orðum, ef varan er boðin til sölu á fullu verði í eina viku, þá má ekki auglýsa afsláttarverð nema í eina viku. Eftir það verður afsláttarverðið „fulla verðið“. Þessar reglur eru mjög skýrar og mörg dæmi um að fyrirtæki hafi verið dæmd í háar fjársektir fyrir að hlíta þeim ekki.

## Vanmáttugar eftirlitsstofnanir

Íslenskir neytendur eru í vondum málum. Skortur á samkeppni og þögult samráð eru ríkjandi. Umræðan hefur snúist um matvöruverslanir, lyfjaverslanir, banka, tryggingafélög, flugfélög, skipafélög og olíufélög. Byggingavörumarkaðurinn er enn ein birtingarmynd þessa slæma ástands.

Það er hlutverk Neytendastofu og Samkeppniseftirlitsins að gæta hagsmuna almennings í þessum efnum og tryggja heilbrigða viðskiptahætti. En getuleysi þessara stofnana, einkum þó Neytendastofu, er yfirþyrmandi. Kröftum sínum verja þær í verkefni sem litlu máli skipta fyrir almenning. Þær minna á hrædda lögreglustjóra, eins og þekkjast úr bíómyndum um villta vestrið, sem láta ribbaldana ráða ríkjum. Það er helst þegar fjölmiðlar taka mynduglega á neytendamálum að þessar stofnanir rumska, til að sýnast. Að undanförnu hafa þær verið að biðja fólk um að koma með ábendingar um ólöglegt athæfi gagnvart neytendum. Reynslan sýnir að það hefur lítið sem ekkert að segja að senda ljóslifandi dæmi til þessara stofnana. Þær drukkna jafnóðum í eigin pappírsflóði. Oft tekur mörg ár fyrir þær að komast að niðurstöðu. Á meðan haga lögbrjótarnir sér eins og þeim sýnist.

Full ástæða er fyrir viðskiptaráðherra að taka til hendinni og hvetja þessar undirstofnanir sínar til dáða. Lögin eru til staðar. Það þarf bara að framfylgja þeim.

*Reykjavík 3. desember 2007*
*Baldur Björnsson*



**Viðskiptaráðherrann.** Viðskiptaráðherra er yfirmaður Neytendastofu og Samkeppniseftirlits. Það er kominn tími til að hann taki sér stöðu við hlið almennings í landinu og hvetji þessar stofnanir til að fara að vinna vinnuna sína.

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**Nánar á Netinu um ólögmæta viðskiptahætti, hér á landi sem erlendis:**

http://www.docep.wa.gov.au/ConsumerProtection/bettertrading/Current_Issue/pages/article_6.html
http://www.consumeraffairs.com/news04/2005/ny_mattress.html
http://www.consumeraffairs.com/news04/2005/kaufmanns.html
http://www.loeb.com/nyattorneygeneraltargetsgiftcard/
http://www.ftc.gov/bcp/guides/decptprc.htm
http://www.ftc.gov/os/closings/staff/levineandreac.pdf
http://www.forbrugerraadet.dk/presse/alle/1043/
http://www.forbrugerraadet.dk/presse/alle/presse505/
http://www.musko.is
http://www.neytendastofa.is
http://www.samkeppni.is



## NÝ OLYMPUS



VATNSHELD+HÖGGÞÉTT

### Taktu myndir í kafi

*Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld*

- 7.1 milljón pixlar
- 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
- Stór 6,4 cm (2,5”) LCD skjár
- Videoupptaka með hljóði

***OLYMPUS** mju790*
***Verð : 29.900,-***

## OLYMPUS



OLYMPUS MJU 740

- 7.1 milljón pixlar
- 5 x aðdráttarlinsa (36-180mm)
- 2.5” LCD skjár
- 23 tökustillingar
- BrightCapture tækni gefur frábæra myndgæði í lítilli birtu
- Innbyggt 17 MB minni - hægt að stækka með XD minniskorti
- Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir

*Verð kr. 22.900,-*

## OLYMPUS



*Myndavél sem hefur fengið frábæra dóma*

OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5” skjá
- Hristivörn í vél
- “Dust Reduction System” rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
- Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
- 18 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- 3 ára ábyrgð

**Með 14-42mm & 40-150mm linsum**
*Verð: 89.900 kr.*



## OLYMPUS

OLYMPUS FE-270
Stafræn myndavél
*Verð kr. 13.900,-*



*VÉLIN SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR*

## Nikon

NIKON P5100

- 12,1 milljón pixlar
- VR linsa, alvöru hristivörn
- 3,5 x addráttur í linsu (36-126mm miðað við 35mm filmukerfi)
- ISO 64-3200
- Einstaklega fljóta að smella af (0,01 sek)
- EXPEED myndvinnslu flaga
- 2.5" LCD skjár
- Video upptaka með hljóði
- Notar SD minniskort
- Aðeins 250 grömm án rafhlöðu

*Verð kr. 46.900,-*



*Klassa myndavél fyrir kröfuharða*

## Nikon

NIKON S-510

- 8,1 milljón pixlar - 3x aðráttarlinsa
- VR hristivörn
- Hús úr ryðfríu stáli
- D-lighting - hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni

*Verð kr. 33.900,-*

**20% AFSLÁTTUR**
af ýmsum vörum



## home art

Í ORMSSON SMÁRALIND







## JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar




VERÐTRYGGING!!
**Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON**

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |


HÁTÍÐ ER Í BÆ
Solis OF SWITZERLAND
SAFAPRESSAN VINSÆLA
Kr. 15.900,-
Emile Henry Poterie culinaire FRANCE
Emile Henry
Flame
FLAME
FRÁBÆR FRÖNSK
LEIRVARA
Solis OF SWITZERLAND
Mínútugrill
fyrir mikla
matgæðinga
Solis OF SWITZERLAND
SOLIS Brauðrist
Burstað stál – brakandi brauð
AEG
Expresso
sem bjargar deginum!
Skotheld vél
á góðu verði
TEFAL
JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI
KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!
TEFAL
privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI
AEG
Ryksugur af bestu gerð!
Verð frá kr. 9.900
brabantia solid company
HÖNNUN Á
HEIMSMÆLIKVARÐA
ORMSSON
ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tugir manna eru heimilislausir í Reykjavík.

## Fólk götunnar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Líklega getur enginn, sem ekki hefur reynt, ímyndað sér hvernig það er að eiga ekki í nein hús að venda, að komast hvergi inn undir þak í hita. Þetta eru þó örlög tuga manna og kvenna sem lifa á götum Reykjavíkur.

Tölum ber ekki saman um hversu margir heimilislausir eru á götum borgarinnar. Ljóst er þó að þeir skipta tugum, jafnvel mörgum tugum, og það er vissulega óviðunandi þegar í hlut á velmegunar- og velferðarþjóðfélag eins og Ísland er. Ekki síst verða tölurnar sláandi nú þegar kuldinn er farinn að bíta.

Skiptar skoðanir eru um það hvort það sé í öllum tilvikum neyð að lifa á götunni eða hvort einhverjir kunni að velja sér þetta hlutskipti. Þó verður alltaf að gera ráð fyrir að í langflestum tilvikum sé líf án þaks yfir höfuðið hrein neyð. Mikill meirihluti þessa fólks býr við skerta heilsu, bæði andlega og líkamlega, og í sumum tilvikum er það afleiðing ofneyslu áfengis og annarra vímuefna. Margt af þessu fólki bráðvantar aðhlynningu og aldrei má gefa upp þá von að það geti aðlagast samfélaginu á ný.

Fólkið á götunni er einstaklingar með margbreytilegar þarfir sem mæta verður á mismunandi hátt. Úrræði sem hentar einum hentar ekki endilega öllum. Markmiðið hlýtur þó alltaf að vera að koma sem flestum í skjól; að leitast við að uppræta það að fólk búi í tjöldum eða ókyntum húsum þar sem það hefur fundið sér skýli fyrir veðri og vindum.

*Fólkið á götunni er einstaklingar með margbreytilegar þarfir sem mæta verður á mismunandi hátt. Úrræði sem hentar einum hentar ekki endilega öllum.*

Heimili með vakt allan sólarhringinn, eins og Samhjálp og Reykjavíkurborg reka fyrir heimilislausa karla, hefur gefist vel. Konukot veitir konum skjól og gistiskýlið í Þingholtsstræti körlum. Slíkum úrræðum þarf að fjölga og huga þá einnig að því að pör kunni að vilja búa saman.

Fréttir af litlum færanlegum húsum sem Reykjavíkurborg hyggst taka í notkun gefa til kynna vilja borgaryfirvalda til að mæta heimilislausum á fjölbreyttari máta en áður hefur tíðkast. Þetta er áhugaverð tilraun sem borgaryfirvöld eiga skilið hrós fyrir. Þessi hús munu væntanlega henta fólki sem ekki vill búa undir eftirliti eins og tíðkast á öðrum heimilum fyrir heimilislausa og í gistiskýlum.

Í vikunni sem leið fylgdi blaðamaður Fréttablaðsins heimilislausu fólki á götum Reykjavíkur. Um helgina var einnig í blaðinu umfjöllun frá heimsókn á meðferðarheimilið í Krýsuvík. Þar var rætt við fólk sem snúið hefur baki við lífinu á götunni og stefnir ótrautt að því að hefja nýtt líf að lokinni meðferð. Viðtölin við þetta bjartsýna fólk vekja von.

Sú þjóð sem býr við mestu velmegun í heimi hefur metnað til að hlúa að sínum smæstu bræðrum. Aðgerðir Reykjavíkurborgar til að mæta heimilislausum og starfsemin í Krýsuvík sýna það.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Hægri, hægri vinstri snú!



Samfylkingarfélagið í Reykjavík verður með sinn síðasta miðvikudagsfund á þessu hausti, 5. desember. kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1. Húsið verður opnað kl. 20:00.

Ellert B. Schram alþingismaður fjallar um hægri og vinstri fyrr og nú.

*Fundarstjóri:* Ásgeir Beinteinsson formaður SffR

*Kaffi og meðlæti*
Allir velkomnir

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík
Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík
• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bætt ímynd

Fréttablaðið sagði frá því í gær að síðar í vikunni kæmi út bók um Pólstjörnumálið svokallaða, þegar lögreglan lagði hald á tugi kílóa af amfetamíni á Fáskrúðsfirði. Höfundur bókarinnar, Ragnhildur Sverrisdóttir, hefur verið afar snör í snúningum því ekki eru nema rúmir tveir mánuðir síðan málið kom upp. Bókin lýsir málinu aðallega frá sjónarhóli lögreglunnar, málið er enda enn í rannsókn og sakborningarnir tjá sig trauðla í bili. Ekki er að undra þótt laganna verðir hafi verið til í að láta dæluna ganga um sinn hlut í málinu; lögreglan var í sárri þörf fyrir að bæta ímynd sína og í því ljósi hefur Pólstjörnumálið reynst dýrmætara en nokkur markaðsherferð.



### Ekkert fyndinn

Borgarstjórn efndi til viðhafnarkvöldverðar í Viðey á dögunum í tilefni af níutíu ára afmæli Reykjavíkurhafnar. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, hélt tölu og lét nokkra brandara flakka í leiðinni. Einn var á þá leið að ólíkt íslenska hestinum hefðu konur aðeins tvær gangtegundir, það er yfirgang og frekjugang. Ekki kunnu allir að meta grínið og munu Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir hafa skundað úr salnum. Þær fóru þó ekki langt, enda fastar á eyju með Vilhjálmi, en biðu af sér gamanmál hans áður en þær sneru aftur.



### Misskilin auglýsing

Fjarskiptafyrirtækið Nova opnaði fyrir farsímaþjónustu sína á laugardag, ásamt því að opna verslun í Lágmúla. Af því tilefni var húsið sveipað stóru tjaldi merktu Nova og riðið á vaðið með auglýsingaherferð undir slagorðinu „Stærsti skemmtistaður í heimi“, en þar er átt við internetið í farsímanum. Í starfsmannaveislu sem haldin var í versluninni á föstudagskvöld kom þó í ljós að einhverjir tóku slagorðið fullbókstaflega, og héldu að verið væri að opna stærsta skemmtistað í heimi. Allt kvöldið þurfti starfsfólk Nova að vísa fólki frá sem ætlaði að kíkja á þennan nýja og risastóra skemmtistað í Lágmúla.

bergsteinn@frettabladid.is
salvar@frettabladid.is

## Glöð á góðum degi



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

Í DAG | Lífskjör

Andrúmsloftið í hátíðarsal Háskóla Íslands var þrungið spennu þegar skýrsla Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var kynnt í síðustu viku. Ég vissi ekki á hverju ég átti von og fylltist gleði og stolti þegar ljóst var að Ísland væri nú í fyrsta sæti. Lífskjörin eru best hér, jafnréttismálin líka (ókei, ég viðurkenni að mér flaug í hug að ástandið hlyti þá að vera bágt í samanburðarlöndunum) og við skipum fyrsta sætið í ýmsum öðrum samanburðartöflum. Í stað þess að fagna og boða almennan frídag í tilefni dagsins lögðu valdarnir, eins og Njörður P. Njarðvík leggur til að við köllum ráðherrana, áherslu á ábyrgð Íslands í samfélagi þjóða. Nú er ég frekar ábyrgðarfull manneskja en ég vil líka hafa það skemmtilegt og því hefði mér þótt í lagi að fagna þessu aðeins. Ekki fyllast strax efasemdum um að við höfum það betra en aðrar þjóðir og samviskubiti yfir því að allir sitji ekki við sama borð. Er ekki í lagi að leyfa sér að vera stolt og glöð eitt andartak? Berja sér á brjóst og fagna því að við höfum gengið til góðs götuna fram eftir veg?

*Það er alltaf hægt að gera betur, en það þarf ekki að koma í veg fyrir að við getum glaðst fölskvalaust yfir góðum árangri.*

### Fjárfest í menntun

Utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni að hún hefði fengið Rauða kross-pakka þegar hún var í barnaskóla af því að Ísland var þá talið til þróunarlanda. Nú tæpri hálfri öld síðar sendum við heila gáma af jólapökkum til barna í Úkraínu. Hvað breyttist? Hvaða lærdóm geta aðrar þjóðir dregið af reynslu okkar? Er svarið ekki í grófum dráttum það að síldar- og seinna stríðsgróðinn var notaður til að mennta þjóðina og við fórum að nýta náttúruauðlindirnar? Amma mín sem var fædd í byrjun síðustu aldar sagði mér oft að hún hefði líka getað lært ef hún hefði haft tækifæri til þess. Foreldrar hennar gátu ekki sent öll börnin til mennta. Þau hafa líklega verið á undan sinni samtíð því ein dóttirin fékk að fara í nám og var með fyrstu konunum til að læra læknisfræði. Amma lagði mikla áherslu á að börnin hennar gengju menntaveginn. Hún skrifaði alltaf Stúdent á bréfin til mín, nokkuð sem mér fannst hálf vandræðalegt því stúdentsprófið var þá ekki neitt sem mér fannst hægt að státa af. Haustið sem ég kláraði stúdentinn spurði afgreiðslukonan í Kaupfélaginu hvenær hún gæti hætt að halda mér uppi. Ég var svo einföld að ég sagðist hafa haldið að foreldrar mínir héldu mér uppi, en hún útskýrði fyrir mér (og lét hina viðskiptavinina bíða í röð fyrir aftan mig á meðan) að það væru skattgreiðendur eins og hún sem sæju fyrir okkur þessum auðnuleysingjum sem væru í skóla.

### Framsýni og dugnaður

Gróðinn af síldinni og stríðinu var nýttur vel og með aukinni þekkingu gátum við nýtt náttúruauðlindirnar betur. Því eins og herra Pétur Sigurgeirsson, síðar biskup, sagði í messunni á Akureyri fyrir hartnær þremur áratugum og ég gleymi aldrei, þá er mönnunum ekki gefið allt, en hamingja hvers og eins felst í því að nýta það sem honum er gefið. Þetta má heimfæra upp á þjóðir, engri þjóð er gefið allt, en hamingja hennar og farsæld felst í því að nýta það sem henni er gefið. Mér finnst ekki þurfa að taka það fram að bæði maður og þjóð þurfa að nýta vel það sem þeim er gefið. Annars fer fyrir þeim eins og bóndanum sem átti gæsina sem verpti gulleggjum; í græðgi sinni slátraði hann gæsinni því hann gat ekki sætt sig við að fá bara eitt egg á dag. Hann vildi ná þeim öllum í einu. Fyrir vikið bar hann ekkert úr býtum.

Það er ekki tilviljun að við erum í fyrsta sætinu á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna, það er sökum framsýni og dugnaðar þjóðarinnar. Það var mikilsvert framlag til verndunar loftslagsins þegar Íslendingar hættu að kynda hús sín með kolum og fóru að nota heitt vatn í staðinn. Það sem háði okkur forðum, að við höfum engan aðgang að jarðefnaeldsneyti, varð til þess að við byggðum upp þekkingu til að nýta þær auðlindir sem við höfum – jarðvarma og fallvötn. Með starfi okkar í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna undanfarin þrjátíu ár höfum við lagt okkar af mörkum til að miðla þeirri þekkingu. Það er alltaf hægt að gera betur, en það þarf ekki að koma í veg fyrir að við getum glaðst fölskvalaust yfir góðum árangri.

## Leiðaraskrif leiðrétt

UMRÆÐAN

Kirkjumál



BIRGIR ÁSGEIRSSON

Í leiðara Fréttablaðsins 3. desember fullyrðir Björgvin Guðmundsson ranglega. Hann segir: „Hins vegar greiða allir skattgreiðendur, hverrar trúar sem þeir eru, laun presta þjóðkirkjunnar.“ Þetta er ekki rétt. Í 62. gr. stjórnarskrárinnar er að finna eftirfarandi: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja Íslands, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Þeir sem vilja geta séð, að með lögum frá 1907 voru kirkjujarðirnar afhentar ríkinu til sölu. Í staðinn skyldi ríkið greiða laun prestanna og varð þannig vörsluaðili eigna fyrir kirkjuna. Með samkomulagi milli þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins 1997 um kirkjujarðirnar og með lögum frá 1. janúar 1998 um stjórn og starfshætti kirkjunnar, var stjórnsýsla Þjóðkirkjunnar aukin og styrkt. Greiðslur til Þjóðkirkjunnar byggjast allar á þeim eignum, sem henni höfðu safnast fram á síðustu öld. Það er því rangfærsla og villandi gagnvart lesendum Fréttablaðsins, að tala um að prestar þjóðkirkjunnar þiggi laun sín úr ríkissjóði. Ef einhverjum er falið það trúnaðarstarf, að vera fjárhaldsmaður annars aðila (vörsluaðili eigna hans), eins og t.d. getur verið, þegar um arf er að ræða, telst hann ekki eigandi eignanna, né þiggur eigandinn af fjárhaldsmanninum, taki hann af eignunum. Fullyrðingin er því röng.

Í þessari sömu grein er einnig að finna þessa einkennilegu setningu: „En stofnanir hins opinbera, sem hafa **freklega** tekið að sér stórt hlutverk í uppeldi ungs fólks, gegna einnig stóru hlutverki.“ (Breiðletrun mín – BÁ). Í samhengi við greinina í heild verður ekki betur séð en leiðarahöfundur eigi m.a. við barna- og unglingaskóla landsins (skyldunám), sem hafi „freklega tekið að sér stórt hlutverk í uppeldi ungs fólks“. Það er mjög ranglátt að segja að þeir hafi „freklega tekið að sér stórt hlutverk“.

Skólar starfa í umboði foreldranna, eru fulltrúar þeirra og er trúað fyrir því mikilvæga hlutverki að stuðla frekar að menntun barna og unglinga en heimilin geta veitt. Það er mjög alvarleg fullyrðing, að ætla skólum landsins, þ.e.a.s. kennurum og skólastjórum, eitthvað annað en það, að leiðbeina börnum og unglingum á þann hátt bestan, sem samræmist lögum landsins og óskum foreldranna sjálfra.

*Höfundur er prestur í Hallgrímskirkju.*



# HÉR FINNUR ÞÚ BESTU GJÖFINA




PIXEL PLUS 2 HD
DIGITAL NATURAL MOTION
BBE DIGITAL
HDMI

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ **169.995**

**Philips 32PFL7762D**

**HÁGÆÐA MYNDGÆÐI**
**Pixel Plus 2 HD** myndleiðréttingarbúnaður sem bætir myndina og gerir hana framúrskarandi skýra hvort sem um er að ræða hefðbundndar útsendingar eða myndir í háskerpu gæðum. **Digital Natural Motion** sem tryggir að hröðustu hreyfingar verða mjúkar og fínar.

**SPENNANDI HLJÓMGÆÐI**
**BBE Digital** hljóðkerfi með 7 banda tónjafnara, innbyggðum bassahátalara og incredible surround.

**NOTALEG ÞÆGINDI**
Snúningsstandur, innbyggður stafrænn móttakari og miklir tengimöguleikar, m.a. 3x HDMI tengi tryggja fullkomin þægindi.

HEILSULJÓS!






**Philips HF3451**
VEKJARI með MORGUNLJÓSI sem lífnar ljósið og að líkir eftir sólarupprás. Með 300 lux birtu og stórum skjá.

**VERÐ**
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**CASIO**

**Casio EXZ75**
Stafræn MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, BESTSHOT sem gerir einfalt að taka myndir við öll skilyrði og Antishake DSP hristivörn.



**TILBOÐ**
**17.995**
FULLT VERÐ **22.995**

SUPER LIFE BATTERY

**PHILIPS**

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100



**Philips HTS8100**
HEIMABÍÓKERFI með Ambisound Surround, fjölkerfa DVD SPILARA með Progressive Scan, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, DCDI - skerpir mynd og liti, Soft dome tweeters - ótrúlega tær hljómur, DoubleBASS - öflugur bassi, Smart Surround - sjálfstilling, útvarpi með stöðvaminnum, 1 hátalara og bassaboxi, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, USB tengi, Aux in og Digital Coaxal in ofl. Má hengja á vegg.

**VERÐ**
**149.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips 7FF1CW**
7" LCD hágæða MYNDARAMMI fyrir 50+ myndir með SD / MMC / MS / CF kortalesara USB tengingu við myndavél eða tölvu, Browse, Slideshow og Thumbnails ofl.

**TILBOÐ**
**19.995**
FULLT VERÐ **24.995**



**OBHNordica 6398**
Poppvél með loki sem nota má sem skál undir poppið Hægt að nota smjör með.

**TILBOÐ**
**5.495**
FULLT VERÐ **6.995**



**Exido 245059**
1 líters KETILL ásamt PRESSUKÖNNU. 1800w snúrulaus. Burstað stál.

**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## PHILIPS Senseo

*Kaffikannan vinsæla*
*Flott gjafapakkning fylgir*

*Margir litir!*
***Verð frá kr. 8.995***



## OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!




**Heimilistæki** ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 | GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 | GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 | SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500













HÚSGAGNA-LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar
- Rúm í ýmsum stærðum og gerðum

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr
Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr
Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510




Bjarni er í toppformi eftir stífar bootcamp-æfingar í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í toppformi í bootcamp

***Bjarni Snæbjörnsson leikari tekur virkilega á þessa dagana í „bootcamp" meðfram því að æfa í Borgarleikhúsinu fyrir Jesus Christ Superstar.***

„Við frumsýnum 28. desember og þetta verður frábær sýning," segir Bjarni, sem útskrifaðist núna í vor og fer með hlutverk Péturs í sýningunni. „Æfingar ganga mjög vel og þetta er alveg frábær hópur, ólíkur og skemmtilegur."

Bjarni byrjar daginn á því að taka lýsi og skella í sig múslí áður en hann fer á bootcamp-æfingu. „Það er svona aðalmálið síðan í haust, en ég tók hálft ár í ræktinni, hljóp maraþon í sumar og svo kom bootcamp eftir það," segir Bjarni og bætir við að leikæfingarnar séu líka líkamlegar æfingar útaf fyrir sig þannig að hann er í mjög góðu formi. „Þetta bootcamp er reyndar ekki eins og sjónvarpsþættirnir en þeir voru svolítið ýktir. Þetta byrjar klukkan hálfsjö tvisvar í viku og á laugardagsmorgnum en eftir svona fimm vikur er það orðið eðlilegt," segir hann og hlær. „Þetta er erfitt og tekur á en samt besta leiðin til að byrja daginn."

Bjarni hefur í mörgu að snúast og reynir að passa vel upp á hvað hann lætur ofan í sig og fær sér alltaf próteinhristing eftir bootcamp-æfingarnar. „Þetta tekur svo rosalega á að vöðvarnir eru bara í sjokki og verða að fá næringu," útskýrir hann. „Svo hef ég líka verið að kenna á leiklistarnámskeiðum fyrir krakka hjá Leynileikhúsinu, sem er mjög gaman, og svo var ég að vinna á leikskóla í sumar þannig að það er búið að vera nóg að gera. Þá verður maður líka að passa sig að borða vel, á svona tveggja til þriggja tíma fresti segja þeir í bootcamp, til að haldast gangandi yfir daginn."

Þó að Bjarni fái heilmikla æfingu út úr bæði leikæfingunum og bootcamp vílar hann ekki fyrir sér að fara allra sinna ferða á hjóli í ofanálag. „Ég hjóla allt sem ég fer í öllum veðrum og er kominn á nagladekkin núna og með hjálm og ljós," segir hann og bætir við að hann noti aðallega gangstéttirnar þegar hann hjólar um bæinn. „Það er ekki vel hlúð að hjólreiðafólki hérna í Reykjavík og maður er hálfgerður bastarður hvort sem maður er á gangstéttinni eða götunni. Ég fer stundum á götuna ef hún er lítil en annars skiptir það aðalmáli í skammdeginu að hafa hjálm og ljós," segir Bjarni.

*heida@frettabladid.is*




**Sígarettur** eru gífurlega skaðlegar heilsu. Þær geta haft í för með sér hjarta- og æðasjúkdóma, heilablóðfall og krabbamein svo eitthvað sé nefnt. Heillavænlegast er því að hætta að reykja og enn betra að byrja aldrei á því.






**Jólahlaðborð**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**Okkar vinsælu Öðruvísi jólahlaðborð**

Fimmtudag 6. desember
frá kl. 11:30-15:00

Föstudag 7. desember
frá kl. 11:30-15:00

Laugardag 8. desember
frá kl. 11:30-17:00










Ef grunur leikur á klamydíusmiti er nauðsynlegt að fá svar sem fyrst.

# Svar á hálftíma

***Breskir vísindamenn hafa þróað nýtt og fljótlegt klamydíupróf.***

Vísindamenn í Bretlandi hafa þróað nýtt klamydíupróf sem líkist um margt þungunarprófi og fást niðurstöður á um þrjátíu mínútum.

Hingað til hafa sýni verið send á rannsóknarstofu og getur tekið um tvær vikur að fá niðurstöðurnar. Á þeim tíma getur viðkomandi hafa borið smitið áfram eða þróað með sé alvarlega fylgikvilla og er vonast til að þessi nýjung breyti því.

Í dag greinast um það bil eitt af hverjum tíu breskum ungmennum með sjúkdóminn. Hingað til hafa skyndiprófin verið framkvæmd á heilsugæslustöðvum en hægt er að framkvæma þau sjálfur og að öllum líkindum verða þau með tímanum fáanleg til heimabrúks.

*- ve*

## Ungt fólk hrætt við HIV-smitaða



RAUÐI KROSSINN Í BRETLANDI BIRTI NÝLEGA NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR Á VIÐHORFUM UNGMENNA TIL HIV Í TENGSLUM VIÐ HERFERÐ SEM ÆTLAÐ ER AÐ VEKJA UNGT FÓLK TIL UMHUGSUNAR UM VEIRUNA.

Einn af hverjum sjö Bretum á aldrinum 14 til 25 ára myndi slíta vinasambandi ef í ljós kæmi að vinurinn eða vinkonan væri með HIV. Þetta kemur fram í könnun á vegum breska Rauða krossins sem gerð var í Bretlandi, Eþíópíu, Suður-Afríku og Kirgisistan.

Nærri helmingur aðspurðra myndi halda því leyndu ef ættingi greindist með veiruna. Svipuð viðhorf virðast vera við lýði í Suður-Afríku þar sem tíðni HIV er hæst í heiminum en þar myndi fimmtungur ungmenna hætta að umgangast HIV-smitaðan vin. Í Kirgisistan myndi helmingur þeirra gera slíkt hið sama.

Einungis 32 prósent Breta hafa áhyggjur af því að fá veiruna en nýleg rannsókn þar í landi bendir til þess að nýgengi hans sé að aukast.

Niðurstöður rannsóknarinnar marka upphaf herferðar á vegum breska Rauða krossins sem ætlað er að vekja ungt fólk til umhugsunar um veiruna.

Alyson Lewis, HIV ráðgjafi hjálparstofnunarinnar, segir að smánin og feluleikurinn í kringum HIV dragi úr möguleikum ungmenna um allan heim til að nálgast upplýsingar um veiruna og tala opinskátt um ótta sinn og áhyggjur.

*- ve*

## Mislingadauði sjaldgæfari

FLEST BÖRN DEYJA AF VÖLDUM MISLINGA Í SUÐUR-ASÍU EN GÓÐUR ÁRANGUR HEFUR NÁÐST EFTIR BÓLUSETNINGAR MISLINGA Í AFRÍKU.

Barnadauði af völdum mislinga minnkaði um 91 prósent á árunum 2000 til 2006 í Afríku, eftir því sem tölur frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) segja. Það þýðir að markmið Sameinuðu þjóðanna að minnka mislingadauða um 90 prósent fyrir árið 2010 hefur náðst fjórum árum á undan áætlun, en á sama tíma bendir WHO á að mislingadauði sé enn algengur í Suður-Asíu, einkum á Indlandi og í Pakistan.

Þessi frábæri árangur í Afríku er aukinni bólusetningu allra ungbarna fyrir eins árs aldur að þakka. Mislingadauði í heiminum minnkaði alls um 68 prósent – úr 757.000 í 242.000 – á sex ára tímabili, en á árunum 2000 til 2006 voru 478 milljónir barna bólusettar við mislingum í 46 af þeim 47 löndum sem illa höfðu orðið úti af völdum sjúkdómsins. Enn eru 74 prósent dauðsfalla af völdum mislinga í Suður-Asíu. Mislingar eru bráðsmitandi og geta verið banvænir, en einnig gert barni ýmsa fötlun eins og blindu og heilaskaða. Bóluefni við mislingum hefur verið á boðstólum frá því snemma á sjöunda áratugnum. Mislingar deyða daglega 600 börn undir fimm ára aldri, en komast má hjá sjúkdómnum með öruggri og árangursríkri bólusetningu. *- þlg*





**Smákökur** er gott að baka tímanlega fyrir jólin og ekki seinna vænna að fara að byrja á því ef ætlunin er að baka nokkrar sortir. Gaman getur verið að baka í góðra vina hópi eða með fjölskyldunni undir dynjandi jólatónlist og skemmtilegheitum.





Auðvelt er að baka hrærða lagköku.

# Afgangurinn fer ofan í smáfuglana

„Áður fyrr var ég nokkuð dugleg að baka – ekki síst á sumrin og veitti ekki af á stóru sveitaheimili. Ég vildi líka gjarnan vera viðbúin og eiga með kaffinu þegar gesti bar að garði, sem var æði oft á árum áður enda bærinn okkar í þjóðbraut,“ segir Elín G. Sigurðardóttir á Torfalæk, safnstjóri Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi. Hún segir baksturinn hafa dregist saman hjá sér með árunum en þó séu fimm smákökusortir sem hún baki fyrir hver jól. „Mömmukökur, Siggakökur, bóndakökur, kókóstoppar og Strassborgarar hafa alltaf tilheyrt jólunum hjá mér og svo finnst mér alveg nauðsynlegt að eiga lagtertur, hvíta með sultu og brúna með kremi. Tertubotnar eru alveg farnir útaf listanum hjá mér og auðvitað sitthvað fleira,“ segir hún og viðurkennir að stundum lendi afgangurinn af jólabrauðinu ofan í smáfuglana í mars.

Elín bendir á að tímarnir hafi breyst og úrval af kökum sé alltaf að aukast í búðum og bakaríum. „Nú getum við keypt þær smákökur sem við viljum fyrir jólin, ljómandi góðar og fallegar og mér er til efs að að borgi sig að baka þær heima ef tíminn er metinn til fjár. Samt lifa hefðirnar hjá þorra fólks og það bakar sömu sortirnar á hverju ári fyrir blessuð jólin – jafnvel þótt bæði konur og menn séu í kapphlaupi við tímann. En burtséð frá öllum hefðum, bakstri og hreingerningum er nú aðalmálið að eiga gleðileg jól.“ *gun@frettabladid.is*



„Burtséð frá öllum hefðum, bakstri og hreingerningum er aðalmálið að eiga gleðileg jól,“ segir Elín á Torfalæk.

*Vegna þess að sumum finnst svolítið snúið að búa til brúna lagtertu lætur Elín fljóta með góða og þægilega uppskrift sem er hrærð og ekki þarf að hnoða.*

## Brúnterta

**250 g smjörlíki**
**400 g sykur**
**3 egg.**
**500 g hveiti**
**3 tsk. kanill**
**2 tsk. natron**
**1 1/2 tsk. negull**
**3 msk. kakó**
**3 dl mjólk**

Smjörlíki og sykur hrært saman, einu eggi í einu bætt við, síðan þurrefnunum og vætt í með mjólkinni. Deiginu smurt á fjórar plötur sem annað hvort eru smurðar vel og hveitistráðar eða klæddar bökunarpappír. Þegar kökurnar hafa kólnað er búið til krem úr smjöri, flórsykri og örlitlu heitu vatni og sett á milli. Þá er komin fjögurra laga kaka sem gott er að skera í sundur í nokkra bita og geyma í frysti þar til rétt fyrir notkun. Ath! Það er allt í lagi að minnka sykurinn.















PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ
ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fyrirtækjagjafir

**ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER 2007**



NORDICPHOTOS/GETTY

Blue Lagoon gjafakort

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Bláa lónið Húðvörur Spa meðferðir Veitingar Gisting

Blue Lagoon gjafakortin eru skemmtilegur kostur fyrir þá sem vilja koma viðskiptavinum og starfsmönnum á óvart með orkumikilli og óvenjulegri gjöf. Handhafi gjafakortsins getur notað það í Bláa lóninu, fyrir gistingu í heilsulind, í verslun, í spa meðferðir og nudd og á veitingastaðnum í Bláa lóninu.

Upplýsingar í síma 420 8832 eða á bluelagoon@bluelagoon.is.

BLUE LAGOON
ICELAND

# Lífrænt í jólakörfu

Óhollusta, súkkulaði og jólaöl einkennir jólin hjá mörgum. Þó eru margir sem heldur vildu huga að heilsunni í þessum síðasta mánuði ársins. Maður lifandi býður upp á mikið úrval sælkeravöru og nánast eingöngu lífræna í sínum verslunum. „Þá erum við einnig með mikið af bókum sem tengjast líkama og anda, bækur um heilsusamlegt líferni auk kerta og snyrtivara,“ útskýrir Hjördís Ásberg hjá Manni lifandi sem fær þó nokkuð af fyrirspurnum frá fyrirtækjum sem vilja gera vel við starfsmenn sína fyrir jólin á heilsusamlegan máta.

„Við höfum einnig boðið upp á gjafabréf sem hafa verið mikið notuð. Oft eru þau keypt fyrir einhverja sem fólk vill koma á sporið að lifa heilsusamlega á nýju ári,“ segir Hjördís en Maður lifandi hefur útbúið gjafakörfur, bæði fyrir einstaka starfsmenn og eins pakka fyrir stóran hóp.

Hjördís er beðin að lýsa því hvað hún myndi setja í jólakörfu fyrir starfsmenn fyrirtækis: „Við myndum reyna að kynna sitt lítið af hverju, hluti sem maður býst ekki við að fólk þekki vel. Einnig að reyna að velja eitthvað sem fellur að smekk sem flestra,“ segir hún og heldur áfram: „Ég myndi velja gott lífrænt te eða kaffi, hreina lífræna ávaxtasultu, speltkex, flotta olíu, og ef til vill bæta við blómadropum og kerti.“

Hjördís segir leiðbeiningar um notkun fylgja körfunni. „Þetta hefur alltaf verið sérhannað eftir ósk hvers fyrirtækis og oft sem fólk vill hafa fróðleik með eða leiðbeiningar,“ segir Hjördís en Maður lifandi reynir að vera öðruvísi en almennt er á markaðnum.

*- sg*



Hjördís Ásberg hjá Manni lifandi með körfu stútfulla af skemmtilegum lífrænum vörum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Albert telur vandasamt að velja jólagjöf handa heilu fyrirtæki og myndi ekki vilja vera í því erfiða hlutverki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rauðvínskarafla eða pissuflaska?

**Albert Arnarson vinnusálfræðingur er ráðgjafi hjá ráðningarstofunni Hagvangi. Hann var beðinn um að deila með lesendum hugleiðingum sínum um fyrirtækjagjafir og gildi þeirra.**

„Ég veit nú ekki hvort mínar hugmyndir um jólagjafir fyrirtækja tengjast beinlínis minni menntun en þó að ég hafi auðvitað ekkert á móti jólagjöfum sem slíkum er nú eitt það fyrsta sem mér dettur í hug fyrir utan kostnaðinn það að fólk fær jólagjöfina óháð frammistöðu,“ segir Albert og vísar þá í gjafir sem fyrirtæki gefa starfsmönnum sínum og allir fá þá eins, ólíkt bónusgreiðslum.

„Þó að vinnusálfræðingar séu að fást við önnur mál en frændur þeirra sem starfa við meðferðir og hegðunarvandamál er frammistaða í starfi í raun bara hegðun. Í afar einfölduðu máli felst góð frammistaða í réttri hegðun en léleg frammistaða í rangri og maður á auðvitað ekki að verðlauna þá sem eru óþekkir, hvort sem það eru börn eða fullorðnir,“ segir Albert kíminn en bætir við: „Yfirleitt leggur fólk þó svona hugsunum um jólin og gleður til að gleðja og sennilega er óhætt fyrir fyrirtæki að gera slíkt hið sama á meðan fjárhagur leyfir.“

Albert bendir á að ef fyrirtæki gefi starfsmönnum jólagjafir þurfi að vanda til verksins. „Það er alveg ljóst að starfsmenn fyrirtækja bera sig saman og vert er fyrir stjórnendur að hafa í huga að þótt þeir geti kannski ekki bjargað ímynd sinni eða breytt viðhorfum starfsmanna nema til skamms tíma með góðri jólagjöf er hægt að skjóta sig illilega í fótinn með slæmri.“ Ljóst er því að það getur verið vandasamt verk að kaupa jólagjafir handa heilu fyrirtæki og lýsir Albert því skemmtilega.

„Þeir sem hafa hlaupið um Kringluna eða Smáralind á Þorláksmessu eða á aðfangadagsmorgni í leit að gjöf fyrir konuna sína og aldraða móður vita af eigin raun að það er ekki hægt að kaupa það sama fyrir alla,“ útskýrir Albert og segist því ekki vilja vera í því hlutverki að ákveða hvað kaupa skuli fyrir starfsmenn í heilu fyrirtæki. „Þó að einn starfsmaður viti að gjöfin sé rauðvínskarafla getur annar haldið að þetta sé pissuflaska af Landspítalanum. Ef maður er heppinn verða báðir ánægðir,“ segir Albert glettinn og kemur í kjölfarið með ágætis hugmynd. „Hægt væri að leyfa starfsmönnum að velja sér jólagjöf af lista og kalla hann bara óskalista. Þetta hefur verið gert í mörgum fyrirtækjum og reyndar líka á heimilum og hefur reynst ágætlega.“ Þá væru nokkrar gjafir á listanum sem hægt væri að velja úr og líklegra að fólk sæi eitthvað við sitt hæfi. Á sama tíma upplifir fólk líka að það hafi einhver áhrif og stjórni atburðarásinni að einhverju leyti.

„Ef menn vilja hins vegar vera harðir á uppeldinu og tryggja hámarks frammistöðu í jólaösinni en halda öllum glöðum um leið er kannski hægt að verðlauna starfsmenn sérstaklega fyrir góða frammistöðu í desember. Þeir sem ekki eru þægir fá kartöflu í skóinn en hinir fara heim með hamborgarhrygg. Þetta myndi kannski tryggja öllum frábæra þjónustu í desember, ekki veitir af,“ segir Albert.

Hjá Hagvangi er sá háttur hafður á að starfsmenn mæta til Katrínar S. Óladóttur framkvæmdastjóra í „jólafrokost“ og fyrirtækið gefur öllum gjafir. „Þær gjafir hafa hingað til heppnast vel. Fyrirtækið er ekki mjög fjölmennt og er í lengstu lög reynt að halda í fjölskyldustemningu innan þess og eru jólin góður tími til þess,“ segir Albert kátur.

*- hs*






# Samfélagshjálp á jólunum





Kveikt var á jólatré Kringlunnar um helgina en við sama tækifæri hófst formlega góðgerðarsöfnun á jólapökkum undir jólatréð.

Jólapakkasöfnun Kringlunnar er í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands og er árviss viðburður á aðventunni. Íslendingar hafa ekki látið sitt eftir liggja en í fyrra gáfu viðskiptavinir um 4.000 gjafir í söfnunina. Þessum gjöfum er deilt út af Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpinni til fjölskyldna sem hafa úr litlu að moða fyrir jólin. Gera þessar gjafir gæfumuninn á mörgum heimilum á jólahátíðinni.

Við jólatréð í Kringlunni verður aðstaða til að pakka inn gjöfum sem fara eiga undir tréð. Íslandspóstur býður þeim sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins að koma pökkum í söfnunina í Kringlunni án endurgjalds.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gefum góðar stundir
Gjafakort Þjóðleikhússins er kjörin jólagjöf
fyrir fólkið sem skiptir þig máli.
Ævintýraheimur leikhússins er handan við hornið því
korthafar þurfa aðeins að velja sér sýningu og geta síðan
eignast ógleymanlega stund með fjölskyldu og vinum.



Hörkufjör verður hjá Jóhanni næstu vikurnar enda þarf að finna hentugar gjafir fyrir starfsmenn þeirra fyrirtækja sem leita eftir hjálp hjá Sögum ehf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Gjafavertíðin í fullum gangi

**Sérmerkt súkkulaði er vinsælt fyrir jólin að sögn Jóhanns Friðriks hjá útgáfu og gjafavörufyrirtækinu Sögum.**

Útgáfu- og gjafavörufyrirtækið Sögur ehf. gefur út bækur og geisladiska en sérhæfir sig einnig í því að merkja vörur fyrir fyrirtæki, íþróttafélög og félagasamtök. Fyrirtækið útvegar auk þess ýmiss konar gjafir fyrir starfsmenn og viðskiptavini fyrirtækja.

„Ég stofnaði Mýs auglýsingavörur árið 2003 og seldi alls kyns merktar vörur til fyrirtækja,“ segir Jóhann Friðrik Ragnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Starfsemin vatt síðan upp á sig og í upphafi þessa árs sameinuðust Mýs og útgáfufyrirtækið Sögur ehf. sem Tómas Hermannsson stofnaði árið 2005.“ Þeir félagar fengu svo Hrafn Sabir Kahn til liðs við sig en hann hefur að sögn Jóhanns áralanga reynslu af sölumálum og er sölustjóri.

„Við erum með mikið vöruúrval sem hentar breiðum hópi viðskiptavina en fyrirtæki sem leita til okkar eru allt frá litlum verkstæðum til stórra banka,“ segir Jóhann. „Þetta gengur þannig fyrir sig að fyrirtækin koma fram með sínar hugmyndir eða óskir og við leitum leiða til að verða við þeim. Við erum með góða birgja í Evrópu, Bandaríkjunum, Asíu og á Íslandi, en ef vörurnar eru ekki til hjá þeim leitum við annað og finnum það sem viðskiptavinurinn óskar eftir.“ Jóhann segir að sérmerkt súkkulaði sé sérstaklega vinsælt fyrir jólin og eins geisladiskar og bækur. „Þá erum við með samstarf við Ostabúðina á Bitruhálsi og er vinsælt að stinga geisladiski eða bók í ostakörfuna.“

Fyrirtækið gefur meðal annars út Jól með Mannakornum, Karíus og Baktus, Abbababb og Jón Ólafsson og þá er bókin Hnífur Abrahams, eftir Óttar M. Norðfjörð, nýkomin út og auk þess Latabæjarbækur. „Við erum með lager og pökkunaraðstöðu í Faxafeni en skrifstofu í Hellusundi. Við sjáum um alla pökkun og dreifingu og komum vörunum á áfangastað ef þess er óskað,“ segir Jóhann en hann býst við hörkufjöri næstu vikurnar og líkir ástandinu við síldarvertíð. *- ve*

# Punkturinn yfir i-ið

**Jólapakki missir marks ef hann afhendist ekki á persónulegan og fallegan hátt milli vinnuveitenda og starfsfólks.**

„Við vinnum hugmyndavinnuna, öflum vörunnar, kaupum hana, merkjum, pökkum og dreifum,“ segir Ásgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Mannamóta, sem þessa dagana hefur í nógu að snúast í jólagjafainnkaupum fyrir íslensk fyrirtæki.

„Margir gefa eitthvað matarkyns á meðan aðrir gefa gjafakort eða gjafavöru, allt frá söfnunargripum í borðbúnaði upp í útivistarfatnað,“ segir Ásgeir og bætir við að ekki sé samasemmerki á milli stærðar fyrirtækja og umfangs jólagjafa þegar kemur að glaðningi til starfsfólksins.

„Oft gefa minni fyrirtæki veglegri jólagjafir, en auðvitað skiptir máli hvort gjöfin kostar 2.000 eða 3.000 krónur þegar starfsmannafjöldinn skiptir hundruðum. Mín reynsla er að minni fyrirtæki beri meiri virðingu fyrir jólagjöfinni sjálfri og leggi meira í sína starfsmenn, á meðan stærri fyrirtæki eru með ópersónulegri nálgun og útfærslur,“ segir Ásgeir og bendir réttilega á að þiggjandinn finni strax hvort jólagjöfin hafi verið úthugsuð og í hana verið lögð virðing og kærleikur.

„Það hvernig gjöfin er afhent skiptir jafn miklu máli og það sem er í pakkanum. Að mínu mati geta menn sleppt því að gefa jólagjafir ef hver og einn starfsmaður þarf að sækja pakkann sinn á pallettu inni á lager. Jólagjöf þarf að afhendast með persónulegum hætti, með handabandi og ósk um gleðileg jól. Það þarf ekki mikið til að setja punktinn yfir i-ið, og lítið varið í að leggja mikla vinnu í að gjöfin líti vel út ef enginn ætlar að afhenda hana,“ segir Ásgeir og bætir við að sum fyrirtæki vilji að hver gjöf sé keyrð heim til viðkomandi starfsmanns á Þorláksmessu.

„Þá er fallegur siður að kalla starfsfólk saman á kaffistofu síðasta vinnudag fyrir jól og gefa jólagjafir um leið og því er boðið upp á jólakaffi og með því. Slíkt gleður fólk og er hlýleg samfylgd vinnuveitandans með starfsfólki sínu áður en það heldur heim í jólafrí,“ segir Ásgeir, sem sjálfur gaf sínum starfsmönnum hótellykil um síðustu jól með inniföldum máltíðum, nuddi og dekri.

„Það var virkilega vel lukkað og miðaðist auðvitað við tvo. Menn mega ekki klikka á makanum með svoleiðis gjöfum, því hann er ekki síður mikilvægur fyrirtækinu.“ *- þlg*



**Ásgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Mannamóta, fer snemma í jólaskap enda í stórinnkaupum fyrir íslensk fyrirtæki og umvafinn jólapökkum í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## VANTAR ÞIG HUGMYND AÐ GÓÐRI JÓLAGJÖF?

Mikið úrval af veskjum, skjalatöskum, ferðatöskum, seðlaveskjum að ógleymu hinu landsfræga úrvali af dömu-og herrahönskum.




Tösku og hanskabúðin ehf.

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is


● **ÞJÓNUSTA FRÁ A TIL Ö** Fyrirtækið Tékk-kristall býður upp á ýmiss konar hönnunarvörur sem geta hentað vel sem jólagjafir starfsmanna. Öllum fyrirtækjagjöfum er fallega innpakkað og hægt er að skila og skipta. Verslunin gerir verðtilboð og oft má gera góða samninga. Hér gæti því verið komin ágætis lausn fyrir þau fyrirtæki þar sem enn er verið að leita að réttu gjöfinni fyrir hjarta fyrirtækisins, starfsmennina.








## AFLEGGJARINN
*Nýtt meistaraverk*

Ungur maður leggur af stað út í heim. Hann skilur eftir ástvini á Íslandi en áður en langt um líður bankar fortíðin upp á. Gullfalleg skáldsaga um karlmennsku, ást og guðdómlegar tilviljanir.



Auður A. Ólafsdóttir hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir síðustu bók sína, *Rigning í nóvember,* og fékk einróma lof gagnrýnenda. *Afleggjarinn* er nýtt meistaraverk.

# FRUMLEGAR OG FLOTTAR

## SAUTJÁNDINN
*Eldfim blanda*



Ísland í ekki mjög fjarlægri framtíð. Lögmaðurinn Ylfa býr við barnalán í góðu hjónabandi. Hún skreppur í gæsaferð með sínum litríku vinkonum og sogast inn í atburðarás sem umturnar lífi hennar.

*Sautjándinn* er fyrsta skáldsaga Lóu Pind Aldísardóttur, glæsilegt verk þar sem kraumar eldfim blanda af vináttu, pólitík, svikum og hollustu.




Salka www.salka.is

Salka/GBÓ

# Gjöfin þeirra...

fallegar gjafir fyrir þá sem eiga næstum allt!



**académie** PARIS scientifique de beauté

Smart snyrtitaska fyrir herra ásamt rakakremi og sturtugeli

**Leiðbeinandi verð kr. 5.410.-**




**ZIRH**

snyrtivörur fyrir herra

Smart snyrtitaska fyrir herra ásamt hreinsigeli, varnarkremi og andlitsskrúbbi

**Leiðbeinandi verð kr. 4.350.-**

AQUALINA sapore della pelle

Nýja Blue Sugar herralínan frá Aqualina í skemmtilegum umbúðum

**Leiðbeinandi verð frá kr. 1.530.-**







**CORDUROY**

Nýji Corduroy herrailmurinn ásamt after shave í glæsilegum gjafaumbúðum

**Leiðbeinandi verð kr. 5.760.-**

**Olivier Strelli** PARFUMS

Gjafasett Eau de Parfum frá Oliver Strelli, ilmur sem farið hefur sigurför um heiminn.
Afar hentugar umbúðir til að hafa í veski ásamt áfyllingu.
Afar sérstakar og fallegar umbúðir.

**Leiðbeinandi verð kr. 5.960.-**






**Olivier Strelli** PARFUMS

Gjafasett Eau de Toilette 60 ml. frá Oliver Strelli ásamt bodylotion í fallegum umbúðum

**Leiðbeinandi verð kr. 6.960.-**

**Olivier Strelli** PARFUMS

Ómótstæðilegt bodykrem fyrir konur komdu á óvart...

**Leiðbeinandi verð kr. 3.180.-**




KORTER.IS



**académie** PARIS scientifique de beauté

Académie Scientific System augn- og varakrem og 24 stunda krem. Lúxuslínan frá academie í fallegum gjafakassa

**Leiðbeinandi verð kr. 8.390.-**



**académie** PARIS scientifique de beauté

Dekraðu við hana með academie Acadayspa líkamslínunni í fallegum gjafakassa

**Leiðbeinandi verð kr. 6.170.-**



**SOTHYS** PARIS

24 stunda Sothys krem og maski í fallegum gjafakassa

**Leiðbeinandi verð kr. 6.760.-**



**SOTHYS** PARIS

Þessar heimsfrægu snyrtivörur í gjafaöskju Eau Thermal Spa handkrem og bodygel í fallegum gjafakassa

**Leiðbeinandi verð kr. 3.960.-**




**GATINEAU** PARIS

Nýtt og einstakt krem frá Gatineau Defi LIFT 3D sem minnkar hrukkur og gefur húðinni líflegan blæ. Falleg snyrtitaska fylgir með.

**Leiðbeinandi verð kr. 6.300.-**



**GATINEAU** PARIS

Reactiv Gel Exfoliant Body Scrub ásamt líkamsmjólk, mýkir og styrkir húðina Falleg snyrtitaska fylgir

**Leiðbeinandi verð kr. 5.480.-**



**AQUALINA** sapore della pelle

Pink Sugar línan hefur átt hug og hjörtu ungra kvenna á öllum aldri. BodyScrub, gel, sturtusápa,ilmvatn, svitakúla, hársprey o.fl.

**Leiðbeinandi verð frá kr. 1.200.-**



**Karin Herzog**

Súrefnislínan frá Karin Herzog er fyrir löngu búin að sanna gildi sitt á Íslandi. Náttúrlegar snyrtivörur. Silhouette, Tonus-B12 ásamt bodyskrúbb og fótakremi

**Leiðbeinandi verð kr. 5.760.-**

Heildsöludreifing: Óm snyrtivörur, Tunguvegi 19, Sími 568 0829, www.om.is

# Örugg kertajól á vinnustað

**Flestir brunar vegna kerta á vinnustað verða í desember og janúar. Forvarnahúsið gefur góð ráð um notkun kerta á vinnustað.**

Árlega verður nokkurt tjón í fyrirtækjum vegna bruna frá kertum en Sjóvá tók nýlega saman tölur um slíka bruna. Sjóvá greiddi fyrirtækjum sem urðu fyrir tjóni vegna bruna frá kertum að meðaltali um 270 þúsund krónur á tímabilinu 2002 til 2006. Hæsta einstaka tjónsupphæð sem greidd var út á tímabilinu vegna kertabruna var rúmar 4 milljónir króna. Þessar upphæðir segja þó ekki alla söguna þar sem óþægindi fyrirtækja vegna bruna, töpuð gögn eða vinna verður seint metin til fjár. Kertabruni hjá fyrirtækjum var mismunandi á milli ára en í flestum tilfellum kviknaði í kertaskreytingu eða kerti og urðu flest tjónin í desember og janúar.

Forvarnahús Sjóvá hefur það að markmiði að miðla upplýsingum og fræða almenning um slysavarnir. Í vetur er lögð megináhersla á eldvarnir og hafa því verið teknar saman nokkrar leiðbeiningar til fyrirtækja um notkun kerta á vinnustað.



Sá starfsmaður sem kveikir á kerti ber ábyrgð á því að slökkva á því aftur.

**VINNUSTAÐIR VERÐA AÐ SETJA SKÝRAR REGLUR UM NOTKUN KERTA Á VINNUSTAÐ.**

- Skiljið aldrei eftir logandi kertaskreytingu inni á kaffistofu starfsmanna.
- Bannið notkun kerta á skrifborðum starfsmanna.
- Slökkvið ávallt á kertum í fundarherbergjum eftir að fundi lýkur.
- Sá starfsmaður sem kveikir á kerti ber ábyrgð á því að slökkva á því aftur.
- Staðsetjið ekki kertaskreytingu í dragsúgi þar sem vindur eða gegnumtrekkur getur feykt loganum í skreytinguna.
- Ef skreytingin er á afgreiðsluborði þarf að gæta að því að viðskiptavinir eigi ekki á hættu að reka sig í logann frá kertinu.
- Hafið kertaskreytingu ekki nærri tækjum sem gefa frá sér hita.
- Ef logandi kerti eiga að vera á borðum í jólagleðinni sem haldin er á vinnustaðnum þarf að ákveða fyrir fram hver slekkur á þeim.
- Eftir að kertalogi hefur verið slökktur getur ennþá leynst glóð í kveiknum. Góð regla er að væta kertakveikinn með vatni þegar slökkt er á kerti til að ekki leynist glóð.
- Staðsetjið útikerti ekki of nærri inngangi verslana eða veitingastaða.
- Færið aldrei logandi útikerti til, það hitnar mjög að utan, vaxið verður fljótandi og mjög heitt.
- Kynnið reglurnar fyrir öllum starfsmönnum.





Ekki nota hvaða glös sem er undir kerti.

**ÞEGAR VALIN ER KERTASKREYTING:**

- Kertastjakar og annað undirlag kerta þarf að vera stöðugt og úr óbrennanlegu efni.
- Kertin þurfa að vera vel skorðuð og föst í kertastjökum, gott er að nota kertastjaka sem standa vel upp úr skreytingunni.
- Styttið kveik kerta áður en kveikt er á þeim í fyrsta skipti svo ekki skapist hætta á því að hluti af kveiknum brotni og hann brenni út frá sér.
- Varist skreytingar þar sem kertin eru mishá, hitinn frá lægra kertinu getur brætt hærra kertið.
- Klippið skraut og greinar af sem ykkur finnst vera of nærri kertaloganum þegar kertið fer að brenna niður.
- Ekki setja kerti ofan í hvað sem er – falleg glös geta hitnað og sprungið ef kerti eru sett ofan í þau.





# Veittu vellíðan

– gefðu gjafakort í NordicaSpa








**Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf.** Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna.
Hægt er að kaupa gjafabréf fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafabréf í heilsuræktina – bæði meðlimakort og námskeið.
Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.
Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er NordicaSpa heimur út af fyrir sig.

**Opið**

| | |
|---|---|
| Mánud.–fimmtd. | 6:00–21:00 |
| Föstudaga | 6:00–20:00 |
| Laugardaga | 9:00–18:00 |
| Sunnudaga | 10:00–16:00 |

Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

N O R D I C A S P A



# Nískur framkvæmdastjóri

„Ég hef alltaf verið hjá svo litlum og skrítnum fyrirtækjum að þar hefur ekki verið um stórgjafir að ræða,“ segir Sigrún Valbergsdóttir, leikstjóri og leiðsögumaður, þegar hún er spurð út í gjafir sem hún hefur fengið frá vinnuveitendum gegnum tíðina. Hún kveðst samt tvö ár í röð hafa fengið góðar gjafir frá sama fyrirtæki. Önnur var stórt handklæði og hin var stórt flísteppi. „Hvorutveggja hlýlegar gjafir og afskaplega notadrjúgar,“ segir hún og rifjar upp fleiri. „Svo fékk ég hljómdisk frá einu fyrirtæki og skálar frá öðru. En lengst var ég að vinna hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga sem var bláfátækt. Ég var sjálf framkvæmdastjóri þess og ofboðslega nísk fyrir hönd fyrirtækisins. Nei, engar jólagjafir þar.“



**Sigrún hefur stundum fengið litlar en hlýlegar gjafir.**







JÓLAKÖRFURNAR FRÁ MJÓLKU

Jólakörfurnar frá Mjólku eru tilvalin gjöf til viðskiptavina og starfsfólk um hátíðarnar. Mjólka býður ykkur fjölbreytt úrval af glæsilegum gjafakörfum. Hægt er að velja sex mismunandi körfur eða sérvelja þær. Sölumenn Mjólku aðstoða þig og taka við pöntunum í síma 414 6500.

MJÓLKA

www.mjolka.is




**Gjafakarfa með hamborgarhrygg og hangikjöti er sígild gjöf og kemur líklega flestum að góðum notum yfir hátíðarnar.**

## ● SÍGILT FRÁ VINNUNNI

Flest fyrirtæki hér á landi gefa starfsmönnum sínum jólagjafir. Gjafirnar eru misjafnlega veglegar, allt frá konfekti upp í utanlandsferðir.

Hinar sígildu gjafir eru þó konfekt, matarkörfur, peningar eða vörur merktar fyrirtækinu eins og flíspeysa, filófax, teppi eða veski. Gjafirnar mælast misvel fyrir hjá starfsfólki og því alls ekki auðvelt að vera í sporum vinnuveitandans eða þess sem velur gjafirnar. *- sig*



**Sum fyrirtæki hafa hlutina einfalda og gefa Mackintosh-konfekt ár eftir ár.**



**Ein vinsælasta gjöfin sem fyrirtæki geta gefið starfsfólki er peningar. Þá getur hver og einn valið sér sína gjöf sjálfur en eitthvað er á reiki með það hvort skatturinn taki þá sneið af kökunni.**



**Ostakörfur hafa jafnan notið mikilla vinsælda sem gjafir fyrirtækja til starfsfólks síns.**

# Til styrktar góðu málefni

Íslensk fyrirtæki eru leggja góðgerðamálum lið í síauknum mæli, meðal annars með kaupum á jólakortum frá ýmsum félagasamtökum, þar sem ágóði af sölunni rennur til einstakra málefna.

Kort eru ekki aðeins vís með að gleðja viðskiptavini og starfsmenn, heldur vekja athygli á góðum málstað og vonandi létta einhverjum lífið sem eiga sárt um að binda.



**Jólakort frá Thorvaldsen-félaginu árið 2005.**

Þá hafa sum fyrirtæki jafnvel tekið upp á því að sleppa jólakortum til viðskiptavina og nota þess í stað andvirðið til að styrkja ákveðinn málstað. Í raun gildir einu hvor leiðin er farin, hvort tveggja er jafn göfugt og gott og lætur manni líða vel á sálinni.

# Heilbrigt hjarta

HJARTAVERND

*Hvað gefurðu þeim sem að þér þykir vænt um?*




Með gjafabréfi í áhættumat Hjartarannsóknar gefurðu þeim sem þér þykir vænt um möguleikann á öruggara og betra lífi.

*Kynntu þér málið á hjartarannsokn.is eða hringdu í síma 585 4700 til að fá frekari upplýsingar*



epal

# Gefðu allt í stíl

Úrvalið af Rosendahl vörum er hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð.





Epal er umboðsaðili Rosendahl á Íslandi

ROSENDAHL DANMARK



Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is







## HEIMILIÐ

### Húsgögn



Nýr eldveggur á góðu verði sölu eldveggir starð 85x90 með svörtu eldþolnu gleri eldkassi er úr rafpólering bustuðu stáli kr.110þ. Uppl. í s. 897 9435.

3ja sæta sófi með brúnu rúskinnsáklæði, nýr 89 þ. selst á 45 þ. 120 cm nýtt rúm V. 25 þ . S. 864 2335 & 567 2335.

### Fatnaður



Af sérstökum ástæðum er til sölu á einstaklega góðu verði skósíður minkapels stærð M (38-40). Upplýsingar í síma 843 7811 eftir kl. 17.

### Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Gulir Labradorhvolpar til sölu. Hreinr. og heilsufarssk. 3 rakkar, 3 mán. v. 80.000. Uppl. í s. 867 9370. WWW.blog.central.is/labrador-.



Æðislegur sharpei hvolpur til sölu. Bara einn hundur eftir. Hvolpurinn er bólusettur, örmerktur, ættbók HRFI og ormahreinsaður. Foreldrar margverðlaunaðir. Tilbúinn til afhendingar Guðrún 821 9262.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Hæð í raðhúsi í suðurhl. Kóp. 4-5 herb. með frábæru útsýni og góðum sólpalli. Rólegt og gott hverfi. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Verð 190. Þús. innf. hiti og öryggiskerfi. Laus sem fyrst. Uppl. í síma 867 5837.

Til leigu mjög góð 2 herb. 70 fm íbúð í 109 Rvk. 120 þús. á mán., og 3 mán. fyrirfram. Allt innifalið svo sem hiti rafmagn og húsgjöld. Laus 15 des. Uppl. í síma 693 3851.

Rúmgóð geymsla í risi til leigu er staðsett í 101 Rvk. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu 4 herb. íbúð í nokkra mán. í Kóp. Uppl. í s. 662 6250.

Rooms and studio for rent in Garðabær with everything. Tel. 847 7147.

Til leigu stór 2ja herb. íbúð. 90 fm í Háaleitishverfi á jarðhæð. Frekari upplýsingar gefur Ólafur í síma 899 8477

4 Herb. íbúð til leigu á Kleppsveginum með eða án húsgagna. Langtíma leiga. Tryggingavíxill + 2 mán. Fyrirframm. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

Nýjar studióíbúðir með húsgögnum og öllum búnaði til leigu í Hafnarfirði. S. 899 7004 milli kl. 9-17

4 herb. rúmgóð íbúð á 2. hæð í Vogum á Vatnsleysu. Leigutími frá 8.12, langtímaleiga. V. 130 þús. 4 mán fyrirfr. Uppl. í s. 867 0774.

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu herbergi á sólbaðsstofu í miðbænum, hentar vel fyrir naglaásetningar, nudd eða snyrtistofu. Hagstæð kjör í boði, nánari Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

### Húsnæði óskast

Leigumiðlun með íbúðar- og atvinnuhúsnæði

**Vantar þig leigjanda?**
Hafðu samband við okkur í síma 534-1020 eða sendu póst á leiga@leiga.is

Munið að leigjendur leita frítt á Leiga.is

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

**Leitum að:**
4-5 herb. íbúð, æskileg staðsetning nálægt Hlemmi. Í íbúðinni þurfa að vera 3 svefnherbergi, stofa, borðstofa, baðherbergi og aukasnyrting. Aðgengi þarf að vera gott. Leigutími 6-8 mánuðir. Góðar greiðslur fyrir rétta eign.

Nánari upplýsingar s 534-1024

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

34 ára fráskilin faðir með háskólamenntun óskar e. leigu á studio eða lítilli 2 herb. íbúð til lengri eða skemmri tíma. Snyrtilegur, skilvís og fer vel með. Uppl. hjá Gunnari s. 861 5777.

55 ára kk óskar eftir einstaklingsíbúð í eða nálægt 101. S. 867 6603.

### Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - Smáralind**
**„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í bakarí okkar í Smáralind strax. Framtíðarstarf.**
**Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

aktu taktu

**Aktu Taktu**
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

**Kornið Langarima.**
Kornið óskar eftir starfsfólki í Langarima. Vinnutími frá kl. 13-18:30 virka daga. Góð laun í boði. Upplýsingar í s, 864 1593 Ella.

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 5:30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið óskar eftir helgarstarfsfólki í nýju verslun okkar í Keflavík á Fitjum. Góð laun í boði. Upplýsingar í s. 864 1593, Ella.

**Hlöllabátar Kópavogi og Ingólfstorgi**
**Óska eftir starfsfólki í dagvinnu, kvöld og helgarvinnu, bæði í fullt starf og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára. Fínt fyrir skólafólk.**
**Uppl. í s. 861 0500 & 693 5313.**

**NK Kaffi Kringlunni**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa og í sal í fullt starf.**
**Uppl. á staðnum og síma 568 9040 & 693 9091.**

**Bílstjóri - Lagermaður**
**Búr ehf óskar eftir að ráða bílstjóra sem einnig sinnir lagerstörfum. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 20 ára. Góð ÍSLENSKUKUNNÁTTA og kurteisi skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 Á SKRIFSTOFUTÍMA. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

Starfsmann með bílpróf vantar. Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Vantar starfskraft í kvöldvinnu og helgarvinnu. Einnig vantar pizzubakara. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Okkur vantar duglegt starfsfólk í hlutastarf á bar, góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. í s. 663 9675.

**HENDUR.IS**
Vantar rafvirkja eða handlaginn einstakling í nokkurra klst. vinnu á heimili. Borga vel! Uppl. á www.hendur.is

Borgarvirki óskar eftir að ráða vanan gröfumann. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 895 0685, Magnús.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

**Viltu vinna vaktavinnu?**
**Viltu vinna með skóla ?**
Hlöllabátar Þórðarhöfða óskar eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Uppl. í s. 892 9846

### Atvinna óskast

33 ára Pólskur karlmaður, (Íslenskur ríkisborgari) óskar eftir vinnu er vanur smiður og kranamaður, allt kemur til greina. Uppl. í s. 895 0997.

## TILKYNNINGAR

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu:**

***Sæmundarskóli - jarðvinna.***

Útboðsgögn fást afhent, hjá síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 14. desember 2007 kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12056

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Rannsóknaborun við Gráuhnúka. Sveitarfélagið Ölfus. Go-kart kappakstursbraut Iceland MotoPark. Reykjanesbær.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **2. janúar 2007**.

**Skipulagsstofnun**

## ATVINNA

**www.hrafnista.is**

## VÍFILSSTAÐIR GARÐABÆ

# Hjúkrunarfræðingar

Við leitum að hjúkrunarfræðingum sem hafa áhuga á hjúkrun aldraðra. Um er að ræða áhugaverð og lærdómsrík störf, þar sem starfað er með fólki sem veitir þér nýja sýn á lífið og tilveruna.

Á Vífilsstöðum býðst starfsfólki að laga vinnutímann að sínum þörfum.

**Nánari upplýsingar:**
**Veitir Sigríður Pálsdóttir**
**í síma 599-7021**
**og á sigpal@vifilsstadir.is**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

vilborg@centrum.is

## ATVINNA

das HRAFNISTA

# Námsmenn

**Vantar ykkur vinnu um jól og áramót eða kannski til lengri tíma?**

Við á Hrafnistuheimilunum erum að leita að fólki til umönnunarstarfa á flestar deildir okkar.

*Við erum að leita að fólki á öllum aldri sem hefur áhuga á að vinna gefandi starf í þágu aldraðra. Um er að ræða vaktavinnu og er starfshlutfall og vinnutími sveigjanlegur. Þroskandi og gefandi störf með góðu fólki.*

Ef þú hefur áhuga þá endilega hafðu samband við okkur á Hrafnista.is eða hringdu í okkur í síma 585-9529

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.861 **-1,76%**

**Fjöldi viðskipta:** 421
**Velta:** 3.798 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **SPRON** | +3,32% | FL GROUP | -7,90% |
| **ALFESCA** | +0,92% | 365 | -3,32% |
| **EIK BANKI** | +0,19% | KAUPÞING | -2,25% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,26 +0,00% ... Bakkavör 60,00 +0,17% ... Eimskipafélagið 36,80 -0,81% ... Exista 25,50 -1,35% ... FL Group 19,25 -7,90% ... Glitnir 24,65 -0,81% ... Icelandair 28,20 -0,70% ... Kaupþing 914,00 -2,25% ... Landsbankinn 37,15 -1,20% ... Straumur-Burðarás 16,30 -1,51% ... Össur 99,00 -1,00% ... Teymi 6,37 -1,24%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Mánudagsþreyta á markaði

Gengi helstu hlutabréfavísitalna lækkaði víða um heim í gær í kjölfar þriggja daga hækkanahrinu í síðustu viku.

Takturinn var sleginn við lokun markaða í Japan í gærmorgun þegar Nikkei-vísitalan lækkaði um 0,33 prósent. Á eftir fylgdu vísitölur í Bretlandi og á Norðurlöndunum, en gengi þeirra lækkaði um allt frá 0,2 prósentum til rúmrar prósentu. Úrvalsvísitalan í Kauphöllinni hér lækkaði talsvert meira en í nágrannalöndunum á sama tíma, eða um 1,88 prósent. Danski markaðurinn var hins vegar undantekning því þar nam hækkunin 1,04 prósentum.

Nokkrar sveiflur voru á hlutabréfamörkuðunum, ekki síst í Bandaríkjunum enda sveifluðust vísitölur frá grænu í rautt nær viðstöðulaust.

Fréttaveitur Bloomberg og Associated Press höfðu eftir fjármálaskýrendum í gær að taugatitrings gæti enn á hlutabréfamarkaði, ekki síst í Bandaríkjunum en þar er unnið að því að bæta hag fasteignaeigenda. Af þessum sökum þarf lítið til að hreyfa við mönnum. Þá eru viðbrögð við jákvæðum fréttum á stundum öfug miðað við sem ætla mætti. Slæmar fréttir geti þess vegna verið góðar fréttir enda geti það ýtt undir lækkun stýrivaxta vestanhafs og öfugt, líkt og Bloomberg tekur til orða. - jab



**FYLGST MEÐ TÖLUNUM Í TÓKÝÓ** Hlutabréfavísitölur voru flestar á rauðu í gær vegna taugatitrings á viðkvæmum markaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Versti mánuður frá upphafi

Úrvalsvísitalan hefur aldrei lækkað eins mikið í einum mánuði eins og í nóvember. Þá lækkaði hún um 13,9 prósent. Í Morgunkorni Glitnis segir að haustið virðist oft fara illa í markaði. Í október árið 2004 hafi úrvalsvísitalan til dæmis lækkað um 11,5 prósent. Það er næstmesta lækkun innan mánaðar í sögu kauphallarinnar.

Í nóvember var jafnframt met slegið í fjölda viðskipta í norrænu OMX-kauphöllunum. Nýja metið er 234.070 viðskipti á dag. Fyrra met var 214.167 viðskipti á dag í ágúst 2007. Jukka Ruuska, forstjóri norrænu OMX-kauphallanna, rekur þetta til MiFid-tilskipunarinnar, nýs regluverks sem nær yfir öll fjármálafyrirtæki. „Miðað við svipaða reynslu frá Bandaríkjunum, búumst við þess vegna við að velta í viðskiptum muni aukast enn meira í framtíðinni," er eftir honum haft í tilkynningu. - hhs

## Lífeyrissjóðir keyptu í Marel

Marel Food Systems safnaði sem svarar 30 milljónum evra í lokuðu hlutafjárútboði sem lauk á föstudag. Nýir hlutir svara til tæplega átta prósenta heildarhlutafjár félagsins. Lífeyrissjóðir tryggðu sér tvo þriðju hluta af nýja hlutafénu, en afgangurinn féll öðrum fjárfestum í skaut.

Allir helstu lífeyrissjóðir landsins eru nú á meðal stærstu hluthafa Marels. Verð hlutanna var 92 krónur á hlut en var til samanburðar 95 krónur við lokun markaðar í gær. Þá er verðið fjórum prósentum undir lokagengi bréfa Marels á föstudag.

Í kynningu Marels á kaupum á Stork Food Systems kom fram að til stæði að bjóða út nýtt hlutafé fyrir 147 milljónir evra, jafnvirði rúmra 13,2 milljarða króna, en á næsta ári er fyrirhugað forgangsréttarútboð að fjárhæð um 117 milljónir evra. - ss/óká

## RBS afskrifi 250 milljarða

Búist er við að stjórn Royal Bank of Scotland afskrifi um tvo milljarða punda, eða nálægt 250 milljörðum króna, vegna undirmálslánakreppunnar á Bandaríkjamarkaði.

Fjallað er um málið í sunnudagsútgáfu The Telegraph, en þar segir að hluthafar í RBS hafi gert kröfu um að bankastjórnin geri hreint fyrir sínum dyrum. Upphæðin mun þó ekki öll vegna undirmálslána, heldur kemur þar einnig til tap vegna kaupa á ABN Amro.

Hlutabréfaverð RBS hefur fallið um 30 prósent í ár. Bankanum er á móti talinn til tekna 3 milljarða punda hagnaður í ár af eign í Bank of China, auk 4 milljarða punda hagnaðar sem vænst er af sölu járnbrautarfélagsins Angel Trains.

RBS er vel kunnur í fjármálalífinu hér, en bæði Kaupþing og Landsbankinn hafa átt samstarf með bankanum við fjármögnun einstakra verkefna. - ss/óká




**TYRA BANKS FYRIRSÆTA ER 34 ÁRA.**

*„Ég elska mat og borða það sem mig langar í en ég gæti þess að borða ekki yfir mig."*

***Tyra Banks hóf fyrirsætuferil sinn ung að árum og stjórnar nú þáttaröðunum „America's Next Top Model" og „The Tyra Banks Show".***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. DESEMBER 1971

## *Glaumbær brennur til kaldra kola*



Veitingahúsið Glaumbær var einn vinsælasti skemmtistaðurinn í Reykjavík í áratug en hann gjöreyðilagðist í eldsvoða á þessum degi fyrir þrjátíu og sex árum. Húsið var síðar gert upp og hýsir nú Listasafn Íslands.

Húsið stendur við Fríkirkjuveg 7 við Reykjavíkurtjörn og var þetta upphaflega íshús en auðvelt var að taka ís af tjörninni og geyma. Þess vegna hefur húsið stundum verið kallað gamla íshúsið. Húsið var hannað af Guðjóni Samúelssyni árið 1916 fyrir fyrirtækið Herðubreið. Síðar var Framsóknarhúsið þar staðsett og loks Glaumbær sem var í húsinu frá 1961 en sá staður brann líkt og fyrr segir árið 1971. Þá eignaðist Listasafnið húsið, sem þarfnaðist gagngerra endurbóta eftir brunann. Það var fyrst árið 1988 sem safnið fluttist í húsið og hefur það verið þar síðan.

Listasafn Íslands er í eigu íslenska ríkisins og var safnið stofnað árið 1884 í Kaupmannahöfn af Birni Bjarnasyni sem síðar varð sýslumaður í Dalasýslu og alþingismaður. Árið 1916 var safnið gert að deild í Þjóðminjasafni Íslands en með stofnun menntamálaráðs árið 1928 varð safnið að Listasafni ríkisins og heyrði þá beint undir ráðið. Árið 1950 var fyrsti forstöðumaður safnsins, Selma Jónsdóttir, ráðinn og með nýjum lögum árið 1961 varð safnið sjálfstæð stofnun sem heyrir beint undir menntamálaráðuneytið. Safnið hefur gert kostunarsamninga við fyrirtæki um ýmis verkefni og er eignarhaldsfélagið Samson aðalstyrktaraðili safnsins til 2008. Vegna samningsins er ókeypis inn á safnið á meðan hann er í gildi.

## MERKISATBURÐIR

**1563** Kirkjuþinginu í Trento lýkur.

**1918** Woodrow Wilson Bandaríkjaforseti siglir til Versala til að taka þátt í friðarviðræðum vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar. Hann var fyrstur Bandaríkjaforseta í embætti sem fór til Evrópu.

**1954** Kvikmyndin Salka Valka er frumsýnd í Austurbæjarbíói og Nýja bíói.

**1959** Api snýr heill á húfi til jarðar eftir að honum hafði verið skotið 55 mílur út í geim frá Bandaríkjunum.

**1980** Rokkhljómsveitin Led Zeppelin tilkynnir formlega að hún sé hætt.

**1991** Pan Am flugfélagið hættir.

## AFMÆLI



**SERGEI BUBKA STANGARSTÖKKVARI** er 44 ára.



**JEFF BRIDGES LEIKARI** er 58 ára.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Katrín I. Arndal,**

hjúkrunarkona, Hlíf 1, áður Engjavegi 19, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar 29. nóvember. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 7. desember kl. 13.00.

**Helgi Júlíusson**
**Sigríður K. Júlíusdóttir** **Albert Ó. Geirsson**
**Gunnhildur Elíasdóttir**
**Kristín Júlíusdóttir** **Hrólfur Ólafsson**
**Haraldur Júlíusson** **Ingibjörg Einarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Sæmundsson**

rafmagnstæknifræðingur, fv. stöðvarstjóri Andakílsárvirkjunar, Fornhaga 11, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Sæmundur Ásgeirsson** **Steinunn Jóhannsdóttir**
**Ásdís Ásgeirsdóttir** **Helgi Árnason**
**Haukur Ásgeirsson** **Ásdís Pálsdóttir**
**Anna Guðný Ásgeirsdóttir** **Bjarni Á. Friðriksson**
**Hafdís Ásgeirsdóttir**
**Gyða Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Yndislega mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Svava Hjaltadóttir**

Borgarholtsbraut 33, Kópavogi,

andaðist á Landspítala, Fossvogi föstudaginn 30. nóvember. Útförin verður auglýst síðar. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins.

**Elsa Tryggvadóttir**
**Áslaug Tryggvadóttir** **Nebojsa Hadzic**
**Haraldur Tryggvason** **Sigrún Eiríksdóttir**
**Svava Tryggvadóttir** **Vilhelm Guðbjartsson**
**Sigríður Tryggvadóttir** **Héðinn Sveinbjörnsson**
**Svava Ástudóttir** **Kieran Houghton**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÍSLAND Í EVRÓPUSAMBANDIÐ** Ingólfur Sverrisson telur mikilvægt að íslensk fyrirtæki fái að starfa í sama starfsumhverfi og alþjóðlegir keppinautar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MÁLMUR – SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í MÁLM- OG SKIPAIÐNAÐI: 70 ÁRA AFMÆLI

# Viljum stöðugt starfsumhverfi

Meistarafélag járniðnaðarmanna var stofnað fyrir sjötíu árum þegar hópur málmiðnaðarmeistara kom saman á Hótel Borg í þeim tilgangi að stofna hagsmunafélag fyrir starfsgreinina. Árið 1992 hlaut félagið nafnið Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði þegar það sameinaðist félagi dráttarbrauta og skipasmiðja.

Í tilefni dagsins var móttaka í Borgartúni hjá Samtökum iðnaðarins þar sem heiðraðir voru mættir menn sem unnið hafa farsælt starf í þágu félagsins og faggreinarinnar. Síðan gaf félagið út myndarlegt afmælisrit þar sem greint er frá sögu málm- og véltækniiðnaðar á Íslandi ásamt helstu atriðum í sjötíu ára sögu félagsins

„Þetta hefur alltaf verið hagsmunafélag fyrir málm- og véltækniiðnaðinn í landinu. Helstu baráttumálin í gegnum tíðina hafa verið að fá eðlilegt starfsumhverfi og að aflétta alls konar gjöldum og tollum af aðföngum sem voru að sliga þessa grein. Síðan tókum við ásamt öðrum í iðnaðinum þá stefnumarkandi ákvörðun að hella okkur í alþjóðasamstarf og vorum því einn helsti stuðningsaðili þess að ganga í EFTA og EES öfugt við bændur sem ákváðu að einangra sig," segir Ingólfur Sverrisson, forstöðumaður málm- og véltæknisviðs Samtaka iðnaðarins, og heldur áfram: „Við vissum að við myndum fá alls konar skelli en að eftir stæði eitthvað sem gæti staðist alþjóðasamkeppni.,"

Iðnaðurinn í heild studdi þá stefnu að fella niður höft og stuðla að auknu Evrópusamstarfi og undanfarið hefur iðnaðurinn verið einn helsti stuðningsaðili þess að ganga í Evrópusambandið. „Málmur er nú eitt af grunnfélögunum í Samtökum iðnaðarins og við höfum alltaf stutt þetta innan þeirra," lýsir Ingólfur ákveðinn og ljóst er að hagsmunasamtök á borð við Málm hafa haft mikil áhrif á stefnu stjórnvalda í gegnum tíðina.

Fyrirtæki innan Málms standa að sögn Ingólfs vel í dag þau hafa mikið að gera og eru fjölbreytt. „Umfang greinarinnar hefur aldrei verið meira og sem dæmi má nefna mörg verkefni í sambandi við virkjanir og byggingu stóriðju. Einnig má nefna fyrirtæki á borð við Marel og Skaginn sem hafa þróað og selt út ýmiss konar vélar og tæki fyrir sjávarútveg og matvælavinnsl," segir Ingólfur.

En hvað myndi breytast til batnaðar með inngöngu í Evrópusambandið? „Fyrst og fremst yrði stöðugra starfsumhverfi og við værum ekki með gjaldmiðil sem hoppaði eins og þang úti í hafi. Við þurfum starfsumhverfi eins og samkeppnisaðilar okkar lifa í. Það er mjög erfitt að vita ekki hverjar tekjurnar eru á morgun og vera að gera stóra samninga um uppbyggingu eða þjónustu í krónum," segir Ingólfur alvörugefinn og telur hann krónuna og háa vexti vera hrikalegt vandamál í íslenskum iðnaði.

„Það heftir allar framfarir við grein eins og þessa sem er tæknigrein. Þetta er því eitt af stóru málunum sem tekist er á um nú," segir Ingólfur. Hægt er að nálgast afmælisritið hjá Samtökum iðnaðarins.

**hrefna@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Filippía Kristjánsdóttir**

*frá Flateyri,*

andaðist á Hrafnistu Reykjavík, föstudaginn, 30. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásbjörg Ívarsdóttir** **Jón Sigurðsson**
**Agnes Einarsdóttir**
**Kristján Einarsson** **Soffía Ingimarsdóttir**
**Jóhannes Einarsson** **Jóhanna Jakobsdóttir**
**Reynir Einarsson** **Ólöf Stefánsdóttir**
**Hannes Oddsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ögmundur Jóhannesson**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi miðvikudaginn 21. nóvember. Útförin fer fram í Keflavíkurkirkju föstudaginn 7. desember kl. 13.30.

**Kristín Ögmundsdóttir** **Sigurjón Kristinsson**
**María Ögmundsdóttir** **Sæmundur Einarsson**
**Alda Ögmundsdóttir** **Erlendur Jónsson**
**Sigurður J. Ögmundsson** **Guðrún J. Aradóttir**
**Jón J. Ögmundsson** **Unnur G. Knútsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Myndaregn
Fjölbreytt
úrval jólagjafa
í Hans Petersen
Myndarammarnir frá Umbra
geta verið svo frumlegir að
stundum líkjast þeir frekar
regnhlíf en römmum!
www.hanspetersen.is
» Laugavegur 178
105 Reykjavík
Sími 412 1840
» Bankastræti 4
101 Reykjavík
Sími 412 1810
» Kringlan
103 Reykjavík
Sími 412 1830
» Smáralind
201 Kópavogur
Sími 412 1870
» Fjörður
220 Hafnarfjörður
Sími 412 1820
HANS PETERSEN
Engu gleymt í 100 ár




# STUÐ MILLI STRÍÐA Nýr erfingi kallar á nýjan matseðil

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VORKENNIR ÓLÉTTUM VINI SÍNUM



Kvöldmaturinn samanstóð af rúgbrauði. Ekki þó rúgbrauðinu sem hafði verið keypt fyrst enda vildi húsfreyjan ekki sjá það. „Þetta er með sykri,“ öskraði hún og aumingjans húsbóndinn hrökklaðist í burtu með svokallað Jöklabrauð. Hún vildi fá danskt rúgbrauð. Ekki vegna aðdáunar sinnar á Dönum, síður en svo, henni hafði alltaf verið í nöp við þá, nei, vegna þess að danskt rúgbrauð var svo gott í magann. „Ertu alveg viss, ástin mín?“ muldraði hann og hún kinkaði kolli. „Og ananas-safa,“ bætti hún við.

Hann klæddi sig í skóna og leit út um gluggann. Fyrir utan blés vindurinn engum meðbyr heldur mótbyr, sama hvernig var staðið, og hann arkaði af stað. Afgreiðslumaðurinn horfði á hann með undrunaraugum. Þetta var í fjórða sinn sem húsbóndinn kom í verslunina á síðasta klukkutímanum. Fyrst hafði verið keypt venjulegt brauð og lifrarpylsa og kæfa að ógleymdum mildum morgunsafa. „Ég er komin með ógeð á þessu,“ hafði hún sagt þrátt fyrir að á innkaupa-SMSinu hefðu þessir þrír hlutir verið efstir á óskalistanum aðeins nokkrum mínútum áður. „Farðu með þetta, lyktin er ógeðsleg. Mig langar í pitsu með pepperoni,“ sagði hún. Einn og hálfur mánuður var liðinn síðan það kom kross á CareBlue-prófið og ljóst þótti að nýr meðlimur væri að bætast í hópinn.

En þegar pitsan hafði verið hituð í ofninum og húsbóndinn sá fram á náðuga stund heyrðust hróp og köll innan úr stofu. „Ekkert kjöt, mig langar ekkert í þetta.“ Pitsunni var snögglega kippt út og hent beint í ruslið. „Mig langar í franskar,“ bað hún um og enn var rölt af stað. „Og engan morgunsafa, ég vil malt og appelsín,“ bætti hún við. En þegar frönskurnar voru rétt að taka lit kom hún askvaðandi inn í eldhúsið, tók þær út og fleygði þeim í ruslið. „Kannski bara rúgbrauð, danskt og helst mildan morgunsafa?“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Gefðu tónlist að eigin vali í jólagjöf!




# Gjafabréf

Venjulegur geisladiskur inniheldur 10-20 lög.
Á Tónlist.is færðu aðgang að 50.000 lögum.

**Gefðu stóra jólagjöf í ár!**
**Nánar á www.tónlist.is**

Við höfum opnað jólasíðuna okkar þar sem þú finnur jólalög, jólaplötur, jólamyndbönd og jóladagatalið okkar!

www.tonlist.is/jol




Það eru engar biðraðir á www.tónlist.is - verslaðu þegar þér hentar!

**Tónlist.is**
Á hvað ert þú að hlusta?



# Kynnum okkar frábæru jólatilboð

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 45.439



Hlífðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218



Hlífðardýna og lak fylgja

Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 15.516



Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gafli
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 51.663



## Ný sending af teppasettum og sængurverum!

www.betrabak.is




TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-



Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



# Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**Kl. 20**
*Kvikmyndasafn Íslands sýnir myndina Hvísl og hróp eftir Ingmar Bergman í Bæjarbíói, Strandgötu 6 í Hafnarfirði, í kvöld kl. 20. Myndin, sem er frá árinu 1972, fjallar um erfið sambönd systra í Svíþjóð á 19. öld. Miðaverð er 500 kr.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Gestir þjást fyrir listina

Túrbínusalur listasafnsins Tate Modern í Lundúnaborg er með þekktari sýningarsölum heimsins, enda hefur stefnan þar verið sú að hýsa stórgerð og oft og tíðum stórfengleg verk. Íslendingum er væntanlega enn í fersku minni að salurinn hýsti gula sól landa okkar Ólafs Elíassonar fyrir fáum misserum síðan. Í október síðastliðnum var tekið til sýningar í salnum nýtt verk eftir listamanninn Doris Salcedo. Verkið nefnist Shibboleth og hefur reynst heldur umdeilt þann skamma tíma sem það hefur verið til sýnis.

Shibboleth er sprunga sem hlykkjast um gólf 167 metra langs salarins. Hún byrjar örmjó, nánast ósýnileg, við innganginn að rýminu, en er orðin að breiðri og djúpri gjá þegar í hinn enda salarinns er komið. Listamaðurinn Salcedo hefur sagt að verkið eigi að tákna skilningsleysið og hræsnina sem ríkjandi er í samskiptum ólíkra kynþátta í fjölmenningarsamfélögum.


**SHIBBOLETH** Þessi hættulega sprunga er í raun listaverk.

Umræðan sem skapast hefur um verkið er þó líkast til ekki á þeim forsendum sem Salcedo hefði sjálf kosið. Málið snýst nefnilega um hvort almenningi stafi hætta af verkinu og hvort stjórnendum safnsins beri að girða það af með einhverjum hætti. Svo óheppilega vill nefnilega til að hvorki meira né minna en fimmtán manns stigu í sprunguna á fjórum fyrstu sýningarvikum hennar og slösuðust sumir talsvert á fótum.

Stjórnendur safnsins hafa frá því að verkið var tekið til sýningar haft óvenju marga verði á vappi um túrbínusalinn til þess að vara safngesti við hættunni. Að auki hafa viðvörunarskilti verið sett upp úti um allan sal til þess að minna gesti á sprunguna. Þó virðist sem að þessar varúðarráðstafanir dugi einfaldlega ekki til og halda kærulausir safngestir því ótrauðir áfram að detta í verkið.

Komið hefur til umræðu að hylja sprunguna með glærri plasthlíf, en líklegt þykir að allar tilraunir til þess að girða verkið af eða að hylja það á nokkurn hátt muni draga úr krafti verksins. Því verður sprungan enn um sinn óvarin þrátt fyrir slysin. **- vþ**

# Sálumessan í nótt

**Óperukórinn í Reykjavík hefur haft þann sið að flytja meistaraverkið Sálumessuna eftir Mozart upp úr miðnætti þann 4. desember hin síðari ár í Langholtskirkju.**

Sálumessan er eins og kunnugt er síðasta verkið sem Wolfgang Amadeus Mozart samdi og hafa spunnist sögur um tilurð þess sem notaðar eru með áhrifamiklum hætti í Amadeus, bæði leikverkinu sem hér var sýnt í fyrra og í kvikmynd Milos Forman sem mörgum er minnisstæð. Hefjast tónleikarnir jafnan kl. 00.30, það er hálf eitt, Ástæða þessa sérstæða tónleikatíma – kl. 00.30 aðfaranótt 5. desember – er sú að verkið er flutt á dánarstundu tónskáldsins sem lést laust eftir miðnætti aðfaranótt 5. desember 1791, aðeins 35 ára að aldri.

Vitandi að hverju stefndi lagði hann síðustu krafta sína í að reyna að ljúka tónsmíðinni, en það tókst ekki, og eru því lokakaflar verksins samdir af nemanda hans Syßmayr. Tónleikum Óperukórsins mun ljúka á síðustu tónunum sem Mozart samdi og skráði. Flytjendur eru Óperukórinn í Reykjavík ásamt hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, en einsöngvarar eru þau Auður Gunnarsdóttir, Nanna María Cortes, Björn I. Jónsson og Davíð Ólafsson, en Garðar Cortes stjórnar.


GUÐMUNDUR JÓNSSON


KRISTINN HALLSSON

Tónleikarnir nú eru helgaðir minningu tónlistarmanna sem starfað hafa með kórnum í áranna rás og létust allir á árinu 2007; söngvararnir Guðmundur Jónsson, Hjálmar Kjartansson og Kristinn Hallsson, Jón Sigurðsson bassaleikari og Richard Talkowsky sellóleikari, en allir voru þeir í forystu íslenskra tónlistarmanna um langt árabil. Er helgun tónleikanna í senn virðingar- og þakkarvottur, en jafnframt viðeigandi: sálumessan er jú samin sem lofgjörð og saknaðarkveðja. Áhugasamir ættu að vaka inn í nóttina og sækja þessa sérstöku andakt sem Óperukórinn í Reykjavík stendur fyrir upp úr miðnætti í Langholtskirkju. **- pbb**

# Hvað er jólaskap?

Slegist er um hylli barnanna nú dagana fyrir jól. Nýr leikhópur stígur á stokk í Skemmtihúsinu við Laufásveg þar sem þrír ungir leikarar skemmta og hræða í rúma klukkustund. Tveir 130 ára tröllastrákar, synir Grýlu, þeir Skrápur og Lápur álpast inn um gluggann í herberginu hennar Sunnu litlu. Hún skildi gluggann eftir opinn til þess að jólasveininn kæmist nú örugglega með glaðninginn í skóinn. Tröllastrákarnir voru komnir til byggða til að leita að jólaskapinu, en það þekktu þeir alls ekki því þeir eru ekki með í stóra jólasveinahópnum sem venjulega kemur til að hitta mannabörnin. Sagan er þó nokkuð skemmtileg og það sem einkenndi leik þessara ágætu ungmenna var að þau töluðu skýrt og vel og þó piltarnir væru á köflum ansi groddalegir og sumum áhorfendum af yngstu kynslóðinni hafi þótt öruggara að skríða upp í fang hinna eldri þá var greinilegt að krakkarnir hrifust af þessu þríeyki, tengdust og kynntust persónum verksins vel. Það eru mikil meðmæli með leiksýningu sem ætluð er börnum. Það er ekkert verið að flækja hlutina með einhverju skrauti og útflúri. Aðalhlátursgur úr hópi áhorfenda voru þó úr hálsi fullorðinna því ýmsum smáatriðum úr okkar veruleika í dag var vafið inn í verkið. Leiðindaskjóða sem kom til dyra í helli Grýlu þegar Sunna litla bankaði þar upp á þóttist til að mynda vinna í sjoppu þar sem hún taldi það vera hið eina sem mannanna börn gætu skilið.

Grýlan birtist heillandi og ógurleg í daufri birtu, svo stór að hún náði alveg upp í loft í húsinu og glyrnurnar glóðu þannig að sumum varð nú ekki alveg um sel.

Það var ekki laust við að fullorðnum brygði líka oft við því gassagangurinn einkenndist af skyndilegum stökkum og kippum. Samferðakona mín á fjórða ári sagði til dæmis margsinnis, oh nú brá mér. Malt og appelsín leika stórt hlutverk í leitinni að hinni sönnu jólastemningu. Lápur og Skrápur læra að blanda þessum eðaldrykkjum í réttum hlutföllum og eftir sýninguna var mannskapnum svo boðið upp á þennan alíslenska kokkteil.

Hvernig á að meta sýningu sem ætluð er litlum börnum? Kannski fyrst og fremst eftir því hvort þau hafa verið með og áhrifin hafi verið einhver. Litla samferðakonan mín sofnaði um kvöldið með prógrammblaðið í höndunum og sagðist vera vinkona hennar Sunnu og Sunna var manneskjan sem talað var um við kvöldverðarborðið.



**LEIKLIST**
**Lápur, Skrápur og jólaskapið**
eftir Snæbjörn Ragnarsson.
Tónlist: Arngrímur Arnarson og Snæbjörn Ragnarsson. Lýsing: Arnar Ingvarsson. Höfundur: Snæbjörn Ragnarsson. Leikstjóri: Anna Bergljót Thorarensen. Leikarar: Andrea Ösp Karlsdóttir, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson og Ólafur S. Þorvaldz. Frumsýning í Skemmtihúsinu 1. desember .

★★★★
Þetta er góð skemmtun fyrir nútímabörn og afa þeirra og ömmur.

Hlutverk Sunnu lék Andrea Ösp Karlsdóttir og sendi geisla sína vel út til barnanna, naut sín vel og fór aldrei yfir mörkin í hinu smábarnalega sem því miður er lenska meðal leikkvenna sem lent hafa í barnahlutverkum. Hún beitti andlitinu vel, talaði vel og hreyfði sig eðlilega án þess að þykjast vera smábarn.

Þetta var í alla staði skemmtileg sýning bæði fyrir börn og fullorðna, aðstandendur hefðu átt að vinna aðeins meira með ljósin, beita þeim betur á einstaka atburði og persónur og alveg hefði mátt sleppa hinum leiðinlega reyk sem átti að vera snjóstormur en varð bara til þess að loftið varð þungt í þessu litla rými.

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson hefur sterka sviðsnærveru og lá við að þetta rými spryngi utan af honum. Það verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni. Ólafur S.K. Þorvaldz sem lék bróðurinn Láp hefur einnig góða nærveru og er duglegur að tala með fullan munninn sem vakti hneykslan nokkurra leikhúsgesta. Önnu Bergljótu Thorarensen tekst vel að koma frásögninni til skila þó það hefði verið í lagi að leika aðeins á lágu nótunum af og til og eins nýta sér töframátt ljóssins. Sagan er nokkuð frumleg, það er ekki verið að kreista úr sér neinar óskiljanlegar þulur.

**Elísabet Brekkan**


Kraftmikil frumraun

„Skemmtileg og snjöll flétta.“
Dóri DNA / DV

„Textinn spriklar á síðunum og tekur oftar en ekki óvænta stefnu.“
Rúnar Helgi Vignisson

„Lymskuleg rökkursaga.“
Árni Þórarinsson

„Hörmuleg örlög, mannvonska og allt sem hægt er að óska sér í skemmtilegri lesningu.“
Hugleikur Dagsson




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



# Eftir hverju er beðið?

Bergur Thorberg opnaði um helgina sýningu á kaffiverkum sínum í Gallery Art Iceland á Skólavörðustíg 1a. Sýninguna nefnir Bergur „Biðhetjur-Biðenglar“.

Eins og nafn sýningarinnar gefur til kynna er viðfangsefni Bergs biðin. Í myndunum veltir hann fyrir sér hverju við bíðum eftir og hvernig við verjum biðtíma okkar. Biðstaðan felur óhjákvæmilega í sér hugmyndina um framtíð, ljósa eða óljósa, og gerir Bergur sér mat úr þeirri kyrrsetu sem í biðinni er fólgin.



**BIÐSTAÐA** Eitt af verkum Bergs.

Bergur hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum á Íslandi og víðs vegar í Evrópu og Ameríku. Hann notar kaffi í verkum sínum og vinnuferlið er sérstakt að því leyti að verkin eru unnin á hvolfi og án þess að listamaðurinn snerti beint flötinn sem þau eru unnin á. Þetta óvenjulega verklag leiðir til verka sem eru vel þess virði að kynna sér nánar. - vþ

# *Nonni, Lindgren og börnin*

Samtökin IBBY á Íslandi voru stofnuð fyrir 22 árum og hafa á þessum tíma unnið markvisst að því að efla barnabókmenntir og aðra barnamenningu. Meðal annars gefa samtökin tvisvar á ári út tímaritið Börn og menning sem fjallar um barnamenningu út frá margvíslegum sjónarhornum. Nýverið kom út haustefti 22. árgangs þessa áhugaverða tímarits.



**ASTRID LINDGREN** Fjallað er um verk hennar í tímaritinu Börn og menning.

Efni blaðsins er fjölbreytt að vanda. Í tilefni 100 ára fæðingarafmælis Astridar Lindgren nú í nóvember skrifa Katrín Jakobsdóttir, Erna Erlingsdóttir og Guðrún Lára Pétursdóttir greinar um bækur höfundarins auk þess sem Sigþrúður Gunnarsdóttir segir frá pílagrímsferð sinni á heimaslóðir




**BÖRN OG MENNING** Haustheftið er komið út.

Astridar. Í haust eru liðin 150 ár frá fæðingu rithöfundarins og prestsins Jóns Sveinssonar, Nonna, og minnist Björn Bjarnason þess víðförla og merkilega manns. Á meðal annarra höfunda sem fjalla um barnabækur og barnaleikhús í blaðinu eru Brynhildur Björnsdóttir, Hermann Stefánsson, Ingólfur Gíslason, Þorgerður Jörundsdóttur og Æsa Guðrún Bjarnadóttir. Þá má í blaðinu finna viðtal við höfundinn og þýðandann Rúnar Helga Vignisson og Stefán Pálsson skrifar pistil um tombólur fyrr og nú, en vinsældir slíkra hlutaveltna virðast síður en svo fara dalandi í vinsældum á meðal íslenskra barna. - vþ

# Friður í Ketilhúsinu



**FRIÐARSÚLA YOKO ONO Í VIÐEY** Tákn um frið.

Sýning á teikningum japanskra og akureyrskra barna verður opnuð í dag í Ketilhúsinu á Akureyri. Viðfangsefni teikninganna er „friður“, en það verður að teljast sérlega viðeigandi í jólamánuðinum.

Sýningin var upphaflega sett upp í Borgarbókasafninu í Reykjavík í tilefni þess að friðarsúla Yoko Ono var tendruð á afmælisdegi Johns Lennon 9. október síðastliðinn. Á sýningunni í Reykjavík mátti sjá teikningar reykvískra barna úr þremur leikskólum og einum grunnskóla við hlið teikninga barna frá japönsku borginni Chiryu, en nú hafa myndir eftir nemendur Lundarskóla og Hlíðarskóla á Akureyri tekið stað reykvísku myndanna. - vþ

# Revíulög í Iðnó

Í tilefni af 110 ára afmæli Iðnó hafa þau Soffía Karlsdóttir söngkona og Örn Árnason leikari sett saman dagskrá þar sem þau rifja upp nokkur revíulög, bæði þekkt og óþekkt. Söngvarnir sem fluttir eru á sýningunni eru frá árunum 1902-1950. Nokkur þessara laga hafa ekki verið flutt síðan þau voru frumflutt og eru mörg þeirra hreinar gersemar.



**ÖRN ÁRNASON** Flytur revíutónlist í Iðnó ásamt Soffíu Karlsdóttur.

Margar revíur voru sýndar við miklar vinsældir á árunum 1930-50 eins og hefur tónlistin úr þeim lifað áfram með þjóðinni. Sýningin í Iðnó ætti því að vera flestum kærkomið tækifæri til að upplifa sönglist fyrri ára og ylja sér við minningarnar í svartasta skammdeginu. Næsta sýning er á föstudaginn kemur og hefst kl. 20. Miðaverð er 2.900 kr., en innifalið í því er glæsilegt smurbrauð að dönskum sið. - vþ

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

## *Styrkir til úrbóta á ferðamannastöðum*

Eitt helsta aðdráttarafl Íslands í hugum ferðamanna, innlendra sem erlendra, er íslensk náttúra. Stefna íslenskra stjórnvalda er að ferðaþjónustan í landinu starfi sem mest eftir hugmyndafræði um sjálfbæra ferðaþjónustu. Liður í því er markviss uppbygging og fyrirbyggjandi aðgerðir til verndar íslenskri náttúru.

Ferðamálastofa auglýsir styrki til úrbóta í umhverfismálum fyrir árið 2008, sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem stuðla að bættu aðgengi fyrir alla að áningastöðum. Úthlutað verður um 50 milljónum og skiptist upphæðin í þrjá meginflokka:

**1. TIL MINNI VERKEFNA:**
Úthlutað verður til minni verkefna í umhverfismálum. Aðallega verða veittir styrkir til efniskaupa. Hámarksupphæð hvers styrks verður 500 þúsund krónur. Til ráðstöfunar eru um 10 milljónir króna.

**2. TIL STÆRRI VERKEFNA Á FJÖLSÓTTUM FERÐAMANNASTÖÐUM:**
Veittir verða styrkir til stærri verkefna þar sem umsækjendur stýra framkvæmdum og svæðin verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnu-reglur:

**a)** Um er að ræða svæði eða staði sem verulegur fjöldi ferðamanna sækir heim.
**b)** Megin áhersla verður lögð á að styrkja svæði þar sem fullnaðarhönnun og framkvæmdaleifi liggur fyrir, þó getur hluti af styrkupphæð farið til vinnu á deiliskipulagi.
**c)** Hluti af styrkupphæð Ferðamálastofu getur farið til verkhönnunar á viðkomandi svæði, þó aldrei meira en sem nemur 25% af styrkupphæð.
**d)** Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
**e)** Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
**f)** Standi styrkþegi ekki við ákvæði (d) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
**g)** Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samningi milli Ferðamálastofu og styrkþega.

**3. TIL UPPBYGGINGAR Á NÝJUM SVÆÐUM:**
Veittir verða styrkir til uppbyggingar á nýjum svæðum sem skipulögð hafa verið þannig að ferðamönnum nýtist viðkomandi svæði. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

**a)** Styrkupphæð getur aldrei orðir hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði.
**b)** Megin áhersla verður lögð á að styrkja svæði þar sem samþykkt deiliskipulag liggur fyrir, þó getur hluti af styrkupphæð farið til vinnu á deiliskipulagi.
**c)** Hluti af styrkupphæð Ferðamálastofu getur farið til verkhönnunar á viðkomandi svæði, þó aldrei meira en sem nemur 25% af styrkupphæð.
**d)** Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
**e)** Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
**f)** Standi styrkþegi ekki við ákvæði (e) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
**g)** Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samning milli Ferðamálastofu og styrkþega.

**HVERJIR GETA SÓTT UM:**
Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Við úthlutun verður m.a. tekið mið af ástandi og álagi svæða, og mikilvægi aðgerðanna vegna náttúruverndar. Einnig verður tekið tillit til þess hvort viðkomandi verkefni nýtur þegar fjárstuðnings opinberra aðila. Ekki verður sérstaklega litið til dreifingar verkefna eftir landshlutum.

**UMSÓKNARFRESTUR:**
Umsóknafrestur er til 28. janúar 2008

**MEÐFYLGJANDI GÖGN:**
Með öllum umsóknum skal skila inn gögnum er sýna fram á mikilvægi framkvæmdarinnar sem og skriflegt samþykki hlutaðeigandi aðila s.s. landeigenda, sveitafélags, og umhverfisyfirvalda ef með þarf.

**HVAR BER AÐ SÆKJA UM:**
Umsóknir berist á rafrænu umsóknareyðublaði sem finna má á heimasíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is
Einnig er hægt að skila inn skriflegum umsóknum á eyðublöðum sem fást á skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri.
Upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi í síma 464-9990 eða með vefpósti valur@icetourist.is

Ferðamálastofa starfar samkvæmt lögum frá 1. janúar 2006 Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:
1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt. 2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf. 3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni. Ferðamálastofa starfrækir fimm skrifstofur í fjórum löndum, Reykjavík, Akureyri, Kaupmannahöfn, Frankfurt og New York.

**www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 I Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 I Netfang: upplysingar@icetourist.is

# Fólk

folk@frettabladid.is

## > KRYDDPÍURNAR AF STAÐ

Fyrstu tónleikarnir á ferðalagi Kryddpíanna um heiminn fóru fram í Vancouver á sunnudag við góðar undirtektir tónleikagesta. David Beckham var einn tónleikagesta og gaf stúlkunum fimm armbönd til minnis um þennan merkisatburð.



# Faðir Amy réðst á Doherty

Faðir Amy Winehouse, leigubílstjórinn Mitch, lét verkin tala í síðustu viku, þegar hann réðst á Pete Doherty. Atvikið átti sér stað eftir tónleika Amy í Brixton, þegar Mitch rakst á Babyshambles-söngvarann baksviðs.

Samkvæmt heimildum The Sun er faðir Winehouse þreyttur á drengjum sem hafa slæm áhrif á dótturina. Fregnir bárust þar af auki af því á dögunum að Doherty væri í símasambandi við Amy nánast upp á dag, en hann sagðist vera að hjálpa henni að koma fótunum undir sig á nýjan leik. Mitch Winehouse virðist þó ekki hafa verið sannfærður um hæfileika Doherty sem ráðgjafa.

Samkvæmt The Sun réðst Mitch á Doherty með hnefana á lofti og þar að auki með gítar á vopni. „Hann sagði honum að láta Amy vera, og sagði að hann væri síðasta manneskjan sem hún þyrfti á að halda eins og er,“ segir heimildarmaður The Sun. „Pete var glottandi þangað til Mitch sneri sér við og kýldi hann,“ segir hann.

Fjölskylda Winehouse vill nú fara með dótturina á öruggan stað yfir jól og nýár, og að sögn The Sun kemur Flórída sterkt inn. Eiginmaður Winehouse situr í fangelsi, og verður ekki sleppt fyrir jól.



**EKKI BESTI RÁÐGJAFINN** Faðir Amy Winehouse er ekki par hrifinn af því að Doherty skipti sér af lífi dóttur hans, og sló til hans í síðustu viku.



**FLÓRÍDAJÓL** Fjölskylda Amy Winehouse vill fara með hana til Flórída yfir hátíðarnar til að jafna sig í ró og næði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ashlee Simpson** er á meðal þeirra stjarna sem hafa gengið í lið með tímaritinu Seventeen í átaki sem miðar að því að breyta hugarfari ungra stúlkna hvað varðar óánægju með líkamsvöxt. Aðrar stjörnur eru **Fergie** og **Brittany Snow** úr Hairspray, sem sjálf hefur átt við átröskun að stríða. Ashlee gæti þó orðið umdeild, því hún lét gjörbreyta útliti sínu með lýtaaðgerðum á síðasta ári og telst því tæplega góð fyrirmynd.






# Britney er þjófur

**Britney Spears fagnaði 26 ára afmæli sínu í kynningarpartíi fyrir Scandinavian Style Mansion í Hollywood á sunnudaginn. Söngkonan sannaði við sama tækifæri að hún getur verið ansi fingralöng.**

Britney Spears og Paris Hilton voru á meðal gesta í kynningarpartíi fyrir Scandinavian Style Mansion á sunnudaginn, en markmið fyrirtækisins er að kynna skandinavíska hönnun í Hollywood. Sharon Stone var gestgjafi kvöldsins, sem var sótt af um 400 gestum. Sagt er frá atburðum kvöldsins á vefsíðu sænska dagblaðsins Aftonbladet, sem var viðstatt fögnuðinn.

Britney varð 26 ára gömul á sunnudag og á miðnætti var henni því færð súkkulaðikaka með nafni hennar á. Hún lét skort á hnífapörum ekki stöðva sig og notaði guðsgafflana til að sleikja krem af kökunni. Hún hafði áður notað þá til enn vafasamra athafna.

Á meðal þeirra sem sýndu vörur sínar í partíinu var merkið Berglund of Copenhagen. Britney hreifst af hvítum jakka úr leðri og pelsi. Hún gerði sér lítið fyrir, tók einn fyrir sig og þrjá fyrir vini sína og yfirgaf svæðið, hönnuðinum Katja Berglund til undrunar. „Sharon Stone keypti jakka. Britney tók fjóra án þess að borga,“ sagði hún hissa. Jakkinn var verðlagður á andvirði um 430 þúsund íslenskra króna, og tók Britney því vörur fyrir andvirði ríflega 1,7 milljóna íslenskra króna.

Ekki kemur fram hvort Katja Berglund hyggist grípa til einhverra aðgerða eða hvort hún mun líta á missi jakkanna sem rándýra afmælisgjöf til Britneyjar.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem sögur berast af fingralengd hinnar forríku söngkonu. Í síðustu viku greindi tímaritið Us Weekly frá því að Britney hefði stolið hárkollu úr Hustler-versluninni í West Hollywood, sem selur misdjörf nærföt og þvíumlíkt. Eftir að söngkonunni var neitað um að máta nærfatastafla, þar sem búðin leyfir það aldrei, skipti hún skapi og reif sig úr eigin fötum úti á miðju gólfi til að máta nærbuxur úr búðinni. „Þetta var eins og að eiga við barn,“ sagði einn afgreiðslumaður við Us Weekly.

Britney varð ekki heldur vel við þegar henni var sagt að greiða fyrir vörur sínar en lét sig hafa það. Í staðinn lét hún til sín taka á leið út. „Hún fór upp að gínu, reif hárkolluna af höfði hennar og stal henni!“ segir heimildarmaður Us Weekly.



**JAKKINN GÓÐI** Britney Spears tók fjóra jakka ófrjálsri hendi í kynningarpartíi fyrir Scandinavian Style Mansion á afmælisdegi sínum á sunnudag.
NORDICPHOTOS/GETTY






**TROÐIÐ OFAN Í SIG** Joey Chestnut segist leggja lífið undir í hverju einasta kappáti sem hann tekur þátt í – svo mikil séu átökin og álagið sem hann setur á líkamann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Hefur atvinnu af því að borða hratt

**Joey Chestnut er 24 ára gamall Bandaríkjamaður sem hefur atvinnu af því að stunda kappát. Nýlega setti hann nýtt heimsmet í hamborgaraáti þegar hann torgaði 108 slíkum á aðeins átta mínútum.**

Einhverjir kynnu að halda að Joey þessi væri yfir meðallagi þungur, en svo er þó alls ekki. Eins og gefur að skilja er þyngd hans nokkuð rokkandi en þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum þrekraunir á borð við að borða 108 hamborgara í einum rykk hefur Joey aldrei mælst yfir 90 kíló.

Joey uppgötvaði áthæfileika sína fyrir tilviljun árið 2005 þegar hann var plataður til þess að taka þátt í árlegu aspas-kappáti Háskólans í San Jose, sem hann stundaði þá nám við. Joey át 3,5 kíló af aspas á ellefu mínútum og komst að því að magi hans er einstaklega rúmgóður, auk þess sem vélinda hans er óvenju teygt og veldur því að hann getur troðið mun stærri bitum ofan í sig en eðlilegt getur talist. Á síðustu tveimur árum hefur Joey sett fjölmörg heimsmet í kappáti og er nú svo komið að hann hefur fulla atvinnu af því að taka þátt í átkeppnum víða um heim.

Nýjasta afrek Joey er heimsmet sem hann setti í lok október, þegar hann borðaði 108 hamborgara á rétt tæpum átta mínútum og sló fyrra metið um 11 borgara. Að meðaltali var Joey því rúmar 4,5 sekúndur með einn hamborgara.

„Kappát snýst alls ekki um matarlyst eða magastærð heldur miklu frekar um tækni,“ segir Joey, spurður um ástæður velgengni sinnar, en hann er langstigahæstur á heimslista IFOCE, alþjóðlegu kappátssamtakanna. Joey tekur starf sitt mjög alvarlega og segir það alls ekkert grín að innbyrða svona mikinn mat á jafnstuttum tíma. „Fullt af fólki telur að kappát sé bara grín, en það verður að átta sig á því hvað við erum að leggja á líkama okkar. Á þessum átta mínútum ögra ég líkamanum á mér eins mikið og hægt er og það tekur hann langan tíma að jafna sig.“

vignir@frettabladid.is



## HEIMSMET Í EIGU JOEY

**Kjöt:**
4 kíló af rifnu svínakjöti á 12 mínútum, 3,8 kíló af svínarifjum á 12 mínútum, 182 kjúklingavængir, samtals 3,2 kíló, á 12 mínútum.

**Vorrúllur:**
212 kjúklinga- og grænmetisvorrúllur á tíu mínútum.

**Samlokur:**
59 hnetusmjörssamlokur á 10 mínútum, 47 grillaðar ostasamlokur á 10 mínútum.

**Pylsur:**
66 pylsur á 12 mínútum.

**Hamborgarar**
108 hamborgarar á 8 mínútum.

# 50 Cent aðstoðar Lindsay Lohan



Lindsay Lohan vinnur nú að þriðju plötu sinni og samkvæmt föður hennar, Michael Lohan, vonast hún til að njóta aðstoðar 50 Cent við gerð plötunnar.

„Þau eru að ræða mögu-leika á samstarfi. Það hefur ekkert verið ákveðið enn, en þau eru að tala saman,“ segir Michael við Life and Style. „Þau hafa reyndar þekkst í dálítinn tíma, bara í gegnum það að vera í sama bransa og hittast á ýmsum uppákomum,“ segir hann.

Lindsay hefur áður sent frá sér plöturnar Speak, sem kom út árið 2004, og A Little More Personal (Raw), sem kom út ári síðar. Fyrsta smáskífan af seinni plötunni bar heitið Confessions of a Broken Heart (Daughter to Father), en þar sendi Lindsay einmitt áðurnefndum föður sínum tóninn fyrir allan þann sársauka sem hann hafði valdið fjölskyldunni. Feðginin virðast hafa náð sáttum á ný, eftir að Michael heimsótti dóttur sína á meðferðarheimilið sem hún dvaldist á í Utah fyrr á árinu. Það er því spurning hvort textar á nýrri plötu verði jafn grimmilegir í hans garð.

**NÝ PLATA** Lindsay Lohan vinnur nú að gerð þriðju plötu sinnar, en hún hefur áður sent frá sér plöturnar Speak og A Little More Personal.



**AÐSTOÐARMAÐUR LOHAN** Samkvæmt Michael Lohan eiga Lindsay og 50 Cent nú í viðræðum um mögulegt samstarf.





og myndin?

Með Yamaha heimabíómagnara færðu enn kröftugri hljómburð úr stóra flatskjánum þínum. Stór mynd og öflugt hljóð haldast í hendur. Tengdu líka DVD-tækið og flakkarann við magnarann og síðan magnarann við sjónvarpið. Þá verður allt magnað!

**Yamaha RX-V861**
- 7 x 105W, RMS (7.1)
- SCENE
- 3 x HDMI, 1080p stuðningur
- Uppskölun í HDMI: 1080i
- iPod Ready

**Verð 94.995 kr.**



**Yamaha RX-V3800**
- 7 x 140W, RMS (7.1)
- Dolby TrueHD og DTS-HD Master Audio
- 5 x HDMI 1.3a / LAN tengi / USB tengi
- Uppskölun í HDMI: 1080p Full HD
- iPod Ready

**Verð 179.995 kr.**

YAMAHA

Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17 Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

Hátækni




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| SIDNEY WHITE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 10:30 | 16 |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 | 7 |
| STARDUST | kl. 5:30 | 10 |
| FORELDRAR | kl. 6 | 7 |
| **KRINGLUNNI** | | |
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| SIDNEY WHITE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 9D | 16 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

| SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 | 12 |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10:20 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 8 | L |
| EASTERN PROMISES | kl. 10 | 16 |
| **AKUREYRI** | | |
| BEOWULF | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 | L |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | 16 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| BEOWULF | kl. 8 | 12 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 | 16 |

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í JÓLAGJÖF


# Veltir Kidman úr sessi

**Reese Witherspoon er launahæsta leikkona í Hollywood, samkvæmt lista tímaritsins The Hollywood Reporter. Hún er á þriðjungi lægri launum en launahæstu karlleikarar í stjörnuborginni.**

Reese Witherspoon hefur velt Nicole Kidman úr sessi sem launahæsta leikkonan í Hollywood, en Kidman var í hásætinu á lista The Hollywood Reporter í fyrra. Ástralska leikkonan situr nú í því fjórða. Í fyrra var Reese í öðru sæti, með um 15 milljónir dollara á mynd. Í ár eru launin hins vegar á bilinu 15 og allt upp í 20 milljónir dollara á mynd. Launahæstu karlleikararnir í Hollywood, eins og Mel Gibson og Tom Cruise, fá hins vegar allt að 30 milljónir dollara fyrir hverja mynd og því er breitt bil þar á milli.

Á eftir Reese koma Angelina Jolie, sem gerir svipaðar launakröfur, Cameron Diaz og Nicole Kidman, sem þénar um 10 til 15 milljónir dollara á mynd. Reneé Zellweger og Sandra Bullock, næstu manneskjur á listanum, eru í svipuðum launaramma, eins og Julia Roberts. Roberts sat lengi í efsta sæti listans en hún hefur minnkað mikið við sig vinnu síðustu ár og því færst neðar í launastigann. Næsta mynd hennar, Charlie Wilson's War, er hins vegar væntanleg í mánuðinum.

Hinar konurnar á topp-tíu listanum eru Drew Barrymore og Jodie Foster, sem krefjast um 10 til 12 milljóna dollara fyrir vinnu sína, og svo Halle Berry, sem fer fram á 10 milljónir. Berry, sem er í tíunda sæti, er eina svarta leikkonan sem kemst inn á topptíu listann.

Athygli vekur að Charlize Theron, Kirsten Dunst og Jennifer Aniston, sem allar prýddu listann góða í fyrra, hafa dottið niður fyrir topp-tíu strikið í ár. Engin mynd með Aniston hefur komið út á árinu, en Charlize Theron hefur leikið í tveimur og Kirsten Dunst lék í Spider-Man 3 sem kom út í sumar.

## GJÖFULT ÁR HJÁ FIMM EFSTU LEIKKONUNUM

Kvikmyndin Rendition, sem Reese Witherspoon leikur í á móti Jake Gyllenhaal, virðist hafa gefið vel í aðra hönd fyrir leikkonuna. Hinar fjórar sem skipa fimm efstu sætin ásamt Witherspoon hafa einnig haft ýmislegt fyrir stafni á árinu og leikið í öllu frá ævintýramyndum til teiknimynda, með viðkomu í Bjólfskviðu.



**TRÓNIR Á TOPPNUM** Reese Witherspoon er launahæsta leikkonan í Hollywood. Hún þénar þó um þriðjungi minna en launahæstu karlleikararnir í stjörnuborginni. Myndin Rendition með Reese kom út í ár.
NORDICPHOTOS/GETTY



**NICOLE KIDMAN** Leikur í The Invasion, Margot at the Wedding og The Golden Compass.



**ANGELINA JOLIE** Leikur í A Mighty Heart og Beowulf.



**RENEÉ ZELLWEGER** Leikur í Bee Movie.



**CAMERON DIAZ** Leikur í Shrek 3 og Shrek the Halls.





| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 6, 8 og 10.30 | 16 |
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 og 8 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HITMAN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 -10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY SÍÐUSTU SÝN. | kl. 4 - 6 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 8 - 10 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| EASTERN PROMISES SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 - 8 - 10:20 | 16 |
| | | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 6 - 8 | |
| RENDITION | kl. 10 | 16 |




* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

# Til Alicante
á frábærum kjörum árið 2008

Frá 18.990 kr.

báðar leiðir með sköttum*



Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið!
www.heimsferdir.is

*) Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A (27. ágúst eða 10. september). Takmarkað sætaframboð á þessu verði. Verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA / NM30972

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

# Ást er það eina sem til þarf

Hafnarverkamaðurinn Jude ferðast frá Liverpool til Princeton til að finna föður sinn sem hann hefur aldrei hitt. Hann kynnist um leið háskólanemanum Max og verður ástfanginn af systur hans Lucy. Vinirnir flytjast til Greenwich Village þar sem við tekur ærslafullt líferni. Skömmu síðar dynur alvara lífsins yfir: kynþáttaóeirðir, mótmæli gegn Víetnamstríðinu og barátta fyrir málfrelsi og borgaralegum réttindum.

Across the Universe er söngvamynd byggð á Bítlalögum, þar sem sögusviðið er England, Bandaríkin og Víetnam á sjöunda áratug síðustu aldar. Yfir þrjátíu Bítlalög eru flutt í myndinni, annað hvort í fullri lengd eða að hluta til, ásamt skírskotunum í Bítla-kvikmyndir og drepið á sögulegum viðburðum. Ástarsamband þeirra (Hey) Jude og Lucy (in the Sky with Diamonds) er rauði þráðurinn í myndinni, þótt hún sé jafnframt þroskasaga hins unga Jude, heillar kynslóðar og auðvitað Bítlanna sjálfra.

Julie Taymor, sem hefur skilað af sér gæðamyndunum Fridu (2002) og (hinni vanmetnu) Titus (1999), fer ekki troðnar slóðir í notkun miðilsins frekar en fyrri daginn. Hún blandar saman ólíkum kvikmyndaformum, svo sem teiknimyndum, klippimyndum og leiknu efni, til að miðla sögunni. Áhætta sem stundum borgar sig eins og þegar sögupersónur heimsækja klippimyndaveröld Mr. Kite; annars staðar vekur hún kjánahroll eins og við að sjá bandaríska hermenn bera smækkað líkan af Frelsisstyttunni inn í frumskóga Víetnam. Feilsporin eru nokkur og þá einkum og sér í lagi afspyrnu lélegt upphafið, sem er bæði sundurlaust og óspennandi. Taymor er þó fyrirgefið flest vegna tækniúrvinnslu sem oft er stórskemmtileg, og svo skemmir samstilltur leikhópur ekki fyrir.

Með nokkrum fínpússunum hefði útkoman vissulega orðið betri. En vegna þess hversu sjaldgæft er að bandarískir leikstjórar þori að taka listræna áhættu kann maður hreinlega betur að meta myndina, sem er engan veginn dæmigerð söngvamynd og fínasta skemmtun þegar upp er staðið.

**Roald Viðar Eyvindsson**



**KVIKMYNDIR**

**Across the Universe**

Leikstjóri: Julie Taymor.

Aðalhlutverk: Evan Rachel Wood, Jim Sturgess og Joe Anderson.

★★★

Þrátt fyrir ýmsa vankanta er Across the Universe frumleg og skemmtileg mynd sem er vís með að hitta í mark hjá aðdáendum Bítlanna og söngvamynda.

# Kryddpíur snúa aftur

**Hljómsveitin Spice Girls hóf endurkomutónleikaferð sína með uppseldum tónleikum í Vancouver í Kanada.**

**Rúmlega fimmtán þúsund aðdáendur sáu Victoriu Beckham, Emmu Bunton, Mel C, Mel B og Geri Halliwell stíga á svið á stórum tónleikum í fyrsta sinn í níu ár.**

**Síðast sungu þær fimm saman á tónleikum í Birmingham árið 1998, skömmu áður en Halliwell yfirgaf hljómsveitina.**

**Kryddpíurnar sungu 22 lög á tónleikunum, sem stóðu yfir í tvær klukkustundir.**

**Á meðal laganna sem þær sungu voru Wannabe og Spice Up Your Life.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Nicole Richie** á von á sínu fyrsta barni eftir tvo mánuði. Hún segir meðgönguna hafa hjálpað sér að efla sambandið við líffræðilega móður sína og við föður sinn, tónlistarmanninn **Lionel Richie**. „Þegar ég komst að því að ég væri ólétt var eitthvað innra með mér sem fannst ég verða að taka ábyrgð á ágreiningi sem ég hef átt við foreldra mína. Pabbi talar ekki um annað en barnið en hann vill ekki vera kallaður afi," sagði Nicole í gríni.



**Nicole** og **Joel Madden**, faðirinn tilvonandi, hafa ekki fengið að vita kyn barnsins. „Ég vil fá að vita allt strax en ekki Joel. Ef hann væri ekki alltaf með mér hjá lækninum væri ég búin að fá að vita það." Skötuhjúin eru enn ógift en Nicole finnst þó ekki liggja á að ganga í hjónaband. „Ég verð nú að halda einhverju eftir fyrir næstu ár," sagði hún í viðtali. „Ég get ekki látið allt gerast á einu ári!"

Það eiga fleiri stjörnur barnaláni að fagna því fyrrverandi Sopranos-leikkonan **Drea de Matteo** fæddi á dögunum dóttur sem fengið hefur nafnið **Alabama Gypsy Rose**. Faðir barnsins, tónlistarmaðurinn **Shooter Jennings**, var að vonum í skýjunum en parið hefur verið saman í sex ár. Alabama er þeirra fyrsta barn. Drea lék sem kunnugt er Adriönu La Cerva í þáttunum um mafíufjölskylduna og síðar í þáttunum Joey ásamt Vininum **Matt LeBlanc**. Hún var allan tímann sannfærð um að hún gengi með dóttur. „Ég er að verða svo feit og held að þetta sé stelpa," sagði hún á sínum tíma.



Sjónvarpsstjarnan **Kim Kardashian** sagði í síðustu viku að æstir aðdáendur hefðu ráðist að sér á flugvelli í New York og stolið úr farangri sínum demantsskartgripum, Cartier-úri, fartölvu og stafrænni myndavél. Nú hafa hins vegar borist fregnir af því að lögreglunni gruni að Kim hafi logið til um atvikið í þeim tilgangi að vekja athygli á sér og þætti sínum, Keeping Up With the Kardashians.






## > Ásthildur leggur skóna á hilluna

Ásthildur Helgadóttir hefur lagt knattspyrnuskóna á hilluna vegna þrálátra hnémeiðsla og er á heimleið. Ásthildur ákvað að gera ekki nýjan samning við Malmö þar sem hún hefur spilað frá árinu 2003 en hún lék ekkert seinni hluta tímabilsins vegna umræddra meiðsla. Þetta er mikill missir fyrir A-landsliðið, sem er í harðri baráttu um að vinna sér sæti á Evrópumótinu 2009. Landsliðið tapaði sem dæmi eina leiknum sem landsliðsfyrirliðinn hefur misst af. Ásthildur er uppalin í Breiðabliki og menn voru fljótir að orða hana við þjálfarastöðuna hjá kvennaliði félagsins sem er án þjálfara eftir að Jörundur Áki Sveinsson hætti.



# sport

sport@frettabladid.is

**ANNA ÚRSÚLA GUÐMUNDSDÓTTIR:** LÉK VEL MEÐ LANDSLIÐINU OG VALIN Í ÚRVALSLIÐ MÓTSINS Í LITHÁEN

# *Markmiðið að komast á lokakeppni EM 2008*

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, leikmaður Gróttu, fór mikinn með íslenska kvennalandsliðinu í undankeppni Evrópumótsins í handbolta sem fram fór í Litháen á dögunum. Íslenska landsliðið náði frábærum árangri í mótinu og endaði í öðru sæti síns riðils og Anna Úrsúla var enn fremur valin í úrvalslið mótsins. „Þetta var frábær árangur hjá okkur og við getum verið mjög sáttar," sagði Anna Úrsúla og kvað sterka liðsheild lykilinn að góðum árangri liðsins. „Það hafa margar ungar stelpur komið inn í liðið upp á síðkastið og staðið sig frábærlega og fallið vel inn í hópinn. Það er virkilega góður andi í liðinu og það skiptir rosalega miklu máli að allar stelpurnar eru að vinna vel saman og taka allar jafna ábyrgð," sagði Anna Úrsúla sem missti af eina tapleik Íslands, 19-35 gegn Litháen, vegna veikinda. „Það var náttúrulega erfitt að fá svona skell í fyrsta leik, en við sýndum mikið keppnisskap með því að koma svona sterkar til baka. Ég var sérstaklega ánægð með varnarleikinn sem gekk vel í síðustu fjórum leikjum okkar í mótinu. Ég og Rakel Dögg höfum spilað oft saman í miðju varnarinnar og þekkjum hvor aðra mjög vel og það hjálpar vissulega til. Annars var talandinn í öllu liðinu mjög góður og við getum klárlega byggt á þessu upp á framhaldið," sagði Anna Úrsúla sem setur markið á lokakeppni Evrópumótsins. „Við megum ekki sitja á bleiku skýi allt of lengi, heldur verðum við að sjá til þess að við vinnum umspilsleikina og markmiðið er klárlega að komast loksins á lokakeppni Evrópumótsins," sagði Anna Úrsúla. Landsliðið er eitt af tuttugu liðum sem tekur þátt í umspili um tíu laus sæti á lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Makedóníu í desember á næsta ári. Umspilsleikirnir fara fram næsta vor og spilað verður heima og heiman. Hafi landsliðið betur í viðureignum sínum næsta vor verður það í fyrsta skipti sem kvennalandslið Íslands í handbolta kemst á lokakeppni stórmóts.



## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Eimskipsbikar karla:*

Fram-Stjarnan 33-32 (30-30, 24-24)

**Mörk Fram:** Filip Kliszczyk 7, Jóhann Gunnar Einarsson 6, Einar Ingi Hrafnsson 4, Halldór Jóhann Sigfússon 4, Rúnar Kárason 3, Hjörtur Hinriksson 2, Guðjón Finnur Drengsson 2, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Haraldur Þorvarðsson 2, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1.
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 27, Magnús Gunnar Erlendsson 8
**Mörk Stjörnunnar:** Heimir Örn Árnason 11, Björgvin Hólmgeirsson 6, Kristján S. Kristjánsson 5, Gunnar Ingi Jóhannsson 3, Ólafur Víðir Ólafsson 3, Volodymyr Kysil 2, Ragnar Helgason 2, .
**Varin skot:** Roland Valur Eradze 24

Þróttur V.-Víkingur 25-35

**Mörk Þróttar Vogum (skot):** Brynjar Þór Hreinsson 8/4 (8/4), Ingólfur Axelsson 6/2 (17/3), Eymar Kruger 6 (16), Sigmundur Lárusson 2 (2), Bjarni Ingimarsson 1 (3), Ástþór Guðmundsson 1 (4), Jóhannes Jóhannesson 1 (4).
**Varin skot:** Hlynur Jóhannesson 8 (35/5) 22%
**Hraðaupphlaup:** 3 (Ingólfur, Brynjar, Sigmundur)
**Mörk Víkings (skot):** Ásbjörn Stefánsson 14/5 (16/6), Brynjar Loftsson 6 (9), Sverrir Hermansson 5 (9), Pálmar Sigurjónsson 3 (4), Sveinn Þorgeirsson 3 (9), Hjálmar Arnarsson 2 (2), Hreiðar Haraldsson 2 (2).
**Varin skot:** Erlingur Reyr Klemenzson 17/1 (33/5) 51%, Björn Viðar Björnsson 9 (20/1) 45%
**Hraðaupphlaup:** 16 (Ásbjörn 5, Brynjar 4, Pálmar 3, Sveinn 2, Sverrir).

### *Enska úrvalsdeildin:*

Man. Utd.-Fulham 2-0

1-0 Cristiano Ronaldo (10.), 2-0 Ronaldo (58.)

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Arsenal** | **14** | **11** | **3** | **0** | **31:11** | **36** |
| 2. Man. Utd. | 15 | 10 | 3 | 2 | 25:7 | 33 |
| **3. Chelsea** | **15** | **9** | **4** | **2** | **22:9** | **31** |
| 4. Liverpool | 14 | 8 | 6 | 0 | 26:6 | 30 |
| **5. Man. City** | **15** | **9** | **3** | **3** | **19:15** | **30** |
| 6. Portsmouth | 15 | 7 | 6 | 2 | 25:13 | 27 |
| **7. A. Villa** | **15** | **8** | **3** | **4** | **26:16** | **27** |
| 8. Blackburn | 15 | 7 | 5 | 3 | 20:18 | 26 |
| **9. Everton** | **15** | **7** | **3** | **5** | **26:16** | **24** |
| 10. West Ham | 14 | 5 | 4 | 5 | 19:12 | 19 |
| **11. Newcastle** | **14** | **5** | **3** | **6** | **20:24** | **18** |
| 12. Birmingh. | 15 | 4 | 2 | 9 | 16:24 | 14 |
| **13. Reading** | **15** | **4** | **2** | **9** | **18:32** | **14** |
| 14. Sunderl. | 15 | 3 | 4 | 8 | 15:29 | 13 |
| **15. Fulham** | **15** | **2** | **7** | **6** | **18:24** | **13** |
| 16. Tottenham | 15 | 2 | 6 | 7 | 26:28 | 12 |
| **17. Bolton** | **15** | **2** | **5** | **8** | **12:22** | **11** |
| 18. Middlesbr. | 15 | 2 | 5 | 8 | 13:27 | 11 |
| **19. Wigan** | **15** | **2** | **3** | **10** | **11:26** | **9** |
| 20. Derby | 15 | 1 | 3 | 11 | 5:34 | 6 |


**Málþing um forvarnir og aðgerðir gegn einelti og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum 5. des. 2007 á Grand Hóteli**

Málþingið hefst með skráningu og morgunverði kl. 8:00.
Formleg dagskrá hefst kl. 8.30 og stendur til kl. 10.15

Málþingið er ætlað þjónustuaðilum í vinnuvernd, fulltrúum stjórnsýslu, heilbrigðisstarfsfólki, fulltrúum samtaka á vinnumarkaði, stjórnendum og starfsmönnum á vinnustöðum og öðrum sem áhuga hafa á málefninu.

**Dagskrá**

8:00 Skráning og morgunverður
8:30 Forvarnir og aðgerðir gegn einelti og kynferðislegri áreitni
*Ása G. Ásgeirsdóttir, fagstjóri, Vinnueftirlitinu*
8:50 Einelti frá sjónarhorni meðferðar- og þjónustuaðila í vinnuvernd
*Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur*
9:10 Einelti og kynferðisleg áreitni - lögfræðilegt sjónarhorn
*Lára V. Júlíusdóttir, hrl*
9:30 Pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa atvinnulífsins, vinnustaða, félagasamtaka o.fl.
10:00 Samantekt
10:15 Slit

Fundarstjóri: Valgeir Skagfjörð, stjórnarformaður Regnbogabarna
Aðgangseyrir er kr. 1500 og er morgunverður innifalinn.
Þátttaka tilkynnist í netfangið gudrun@ver.is

VINNUEFTIRLITIÐ


# Fram komið í undanúrslit

**Bikarmeistararar tveggja síðustu ára í Stjörnunni eru úr leik í Eimskipsbikarnum eftir 33-32 tap fyrir Fram í tvíframlengdum leik í Safamýri í gær.**

**HANDBOLTI** Fram vann Stjörnuna 33-32 í 8-liða úrslitum Eimskipsbikars karla í handbolta eftir tvíframlengdan leik í Safamýrinni í gærkvöldi. Staðan var 24-24 eftir venjulegan leiktíma en 30-30 eftir fyrri framlenginguna og í bæði skiptin voru það heimamenn í Fram sem jöfnuðu leikinn gegn bikarmeisturum tveggja síðustu ára. Björgvin Páll Gústavsson var hetja Framara en hann varði 27 skot og fór á kostum í seinni framlengingunni.

Stjörnuliðið var búið að vinna ellefu bikarleiki í röð fyrir leikinn í gær og hafði ekki tapað bikarleik síðan 27. október 2004.

Greinilegt var frá fyrstu mínútu að bæði liðin ætluðu að selja sig dýrt í þessum mikilvæga leik. Leikurinn var hraður og gríðarlega skemmtilegur í byrjun og jafnræði var með liðunum framan af leik. Staðan var jöfn 5-5 þegar rúmar tíu mínútur voru liðnar af leiknum. Gestirnir í Stjörnunni skoruðu svo næstu tvö mörk, áður en heimamenn í Fram svöruðu með fjórum mörkum í röð og staðan því orðin 9-7 þegar um 20 mínútur voru liðnar af leiknum. Munurinn var svo 2-3 mörk, Frömurum í vil, á síðustu mínútum hálfleiksins, þangað til Stjörnumenn minnkuðu muninn niður í eitt mark, 14-13, í síðustu sókn sinni í fyrri hálfleik.



**RUÐNINGUR?** Framarinn Einar Ingi Hrafnsson fer inn af línunni en Stjörnumaðurinn Heimir Örn Árnason er að reyna að fiska á hann ruðning. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Markmenn liðanna, Björgvin Páll Gústavsson hjá Fram og Roland Valur Eradze hjá Stjörnunni, voru í fínu formi og sáu til þess að markaskorunin fór ekki upp úr öllu valdi í annars mjög hröðum leik í fyrri hálfleik. Seinni hálfleikur var æsispennandi og hnífjafn. Staðan var jöfn 15-15 og 19-19 og spennustigið var gríðarlega hátt. Stjarnan komst svo yfir í leiknum, 19-20, í fyrsta skiptið síðan í stöðunni 6-7 þegar tæpar tíu mínútur voru eftir af leiknum. Lokamínúturnar voru gríðarlega spennandi svo ekki sé meira sagt og Stjarnan var yfir þegar 20 sekúndur lifðu leiks, en Fram náði að jafna 24-24 og þar við sat og því þurfti að grípa til framlengingar.

omar@frettabladid.is

Manchester United upp í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir sigur á Fulham:

# Ronaldo skoraði bæði mörkin

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo skoraði bæði mörk Manchester United í 2-0 sigri á Fulham á Old Trafford í ensku úrvalsdeildinni í gær. United komst þar með aftur upp í annað sæti deildarinnar en þetta var sjöundi heimasigur liðsins í röð í deildinni.

Ronaldo skoraði fyrra markið með laglegu skoti eftir aðeins tíu mínútna leik en það síðara kom með skalla á 58. mínútu leiksins. Portúgalinn snjalli fékk nokkur tækifæri til þess að innsigla þrennuna en tókst ekki að bæta við marki frekar en félögum hans í United-liðinu.



**ÞRETTÁN MÖRK** Cristiano Ronaldo hefur verið sjóðheitur í síðustu leikjum. NORDICPHOTOS/GETTY

Ronaldo hefur þar með skorað þrettán mörk á tímabilinu, þar af átta í deildinni, þar sem hann er nú markahæstur ásamt þeim Emmanuel Adebayor hjá Arsenal, Benjani hjá Portsmouth og Robbie Keane hjá Tottenham.

Wayne Rooney lék sinn fyrsta leik eftir meiðslin en skorti greinilega leikæfingu og var skipt út af á 72. mínútu. - óój

Víkingar slógu Þrótt úr Vogum út úr Eimskipsbikarnum í Strandgötu í gærkvöldi:

# Mögnuð bikarstemning

**HANDBOLTI** Bikarævintýri Þróttar úr Vogum er búið í ár. Stuðningsmenn Þróttar buðu upp á eina mögnuðustu bikarstemningu í áraraðir en það dugði ekki til er liðið tapaði fyrir Víkingi, 25-35. Þróttur, sem leikur ekki í deildarkeppni, hélt í við 1. deildar lið Víkings framan af en þegar á leið leikinn voru Víkingar einu númeri of stórir eins og við var búist.

Goðsögnin Sigurður Sveinsson er þjálfari Þróttara en hann sagði liðið hafa ætlað að standa betur í Víkingi. „Við ætluðum að fara rólega í þetta og halda í við þá í fyrri hálfleik. En við missum þá strax í 6-1 og þá er þetta orðinn of mikill eltingaleikur," sagði Sigurður, sem gerði góðlátlegt grín að „stjörnunum" í liði sínu.

„Við erum með menn sem eiga að geta betur, en sumir þeirra voru bara ekki að standa sig í dag," sagði Siggi kátur í bragði.

Reynir Þór Reynisson, þjálfari Víkings, hrósaði Þróttar-liðinu í hástert. „Þetta Þróttaralið er gífulega seigt og mjög vel mannað. Á endanum vorum við í betra formi og ég er mjög sáttur."

Landsliðsmarkvörðurinn fyrrverandi segist hlakka til að leika til undanúrslita. „Eins og er erum við ennþá með í þessari keppni og við fáum heimaleik næst þannig að við strákarnir hlökkum bara mikið til að takast á við það verkefni." - tom



**HVAÐ ERTU AÐ GERA?** Sigurður Valur Sveinsson talar við sína menn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FÆR EKKI NÝJAN SAMNING** Axel Stefánsson hættir í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Axel Stefánsson í Noregi:

## Hættir þjálfun Elverum í vor

**HANDBOLTI** Axel Stefánsson mun hætta að þjálfa norska liðið Elverum í vor en félagið vill ekki endurnýja samninginn við hann.

Axel fékk þessi svör þegar hann vildi fá að vita um framtíðaráform félagsins.

„Þetta var ekki óskatímasetningin fyrir að gefa þetta út en það má alveg lesa það út frá þessu að við séum ekki hundrað prósent ánægðir fyrst við viljum ekki semja við hann áfram,“ sagði Aril Tronslien, yfirmaður íþróttamála hjá félaginu, í viðtali við norska blaðið Ostlendingen.

„Ég vildi fá svör bæði vegna fjölskyldu minnar og vegna námsins,“ sagði Axel í viðtali við sama blað en hann mun búa áfram í Elverum á meðan hann klárar sitt nám í íþróttafræðum.

- óój



**HARÐJAXL** Joey Barton hefur orð á sér fyrir að vera harður í horn að taka. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Barton kveðst vera saklaus

**FÓTBOLTI** Vandræðagemlingurinn Joey Barton, leikmaður Newcastle, ítrekaði í viðtali við BBC í gær að hann hræddist ekki fangelsisvist yrði hann dæmdur sekur fyrir árás á Ousmane Dabo, fyrrverandi samherja hans hjá Manchester City.

„Ef ég fer í fangelsi fyrir að verja mig, þá stendur mér vitanlega ekki á sama, þar sem ég er þess fullviss um að ég gerði ekkert rangt. Ég er ekki vondur maður þó svo að ég hafi ef til vill slæmt orð á mér og ég held að fólk sé búið að dæma mig fyrir fram án þess að vita hvort ég sé sekur eða saklaus í þessu máli. Einn dag get ég leyst frá skjóðunni um hvað átti sér stað í raun og veru,“ sagði Barton.

Réttarhöld í málinu fara líklega fram í júní á næsta ári og ef Barton verður dæmdur sekur getur hann átt yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsisvist.

- óþ


# Afnemum VSK af öllum húsgögnum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri

# Mikið úrval
## af glæsilegum húsgögnum

Sófar
Tungusófar
Borðstofuhúsgögn
Hornsófar
Relax sófar

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 9. desember

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## > KATIE HOLMES

Katie hefur verið gagnrýnd fyrir að gerast meðlimur í vísindakirkjunni og segja sumir að Tom Cruise hafi heilaþvegið hana. Stuttu eftir að Katie byrjaði í sambandinu rak hún umboðsmann sinn sem hafði fylgt henni alla tíð og í staðinn var Jessica Rodriguez, einn af aðalsmönnum vísindakirkjunnar, ráðin í starfið. Jessica fylgir Katie hvert fótmál og ráðleggur henni hvað hún segir í viðtölum, en Katie var áður þekkt fyrir að fara sínar eigin leiðir og mæta ein í viðtöl.



dagskr

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR KANN AÐ META BRÚÐUR

# *Óhóflegt smákökuát og þunglyndi*

Fyrstu þættir hinnar merkilegu og brautryðjandi sjónvarpsþáttaraðar Sesame Street komu nýverið út á mynddiskum í Evrópu. Þættirnir hafa löngum talist til barnaefnis og því er fréttnæmt að framan á diskana er búið að klessa límmiða sem á stendur: þetta efni telst ekki viðeigandi fyrir ung börn.

Ekki væri galið að draga þá ályktun að þættirnir þyki ekki við hæfi einfaldlega vegna þess að þeir eru mannaðir af svamplegum brúðum, pappalegum leiktjöldum, höktandi hreyfimyndum og fólki í einkennilegum hippafötum. Börn nútímans gera einfaldlega meiri kröfur til útlits sjónvarpsefnis en svo að þau sætti sig við að raunveruleikinn ráðist svo óbeislaður inn í ævintýraveröld imbakassans. En að þessu sinni er það ekki yfirborðið sem er til vandræða, heldur innihaldið. Brúðurnar sem hafa í þáttunum þann starfa að kenna börnum að telja og syngja stafrófið á amerísku þykja að öðru leyti slæmar fyrirmyndir. Verstur allra þykir Cookie Monster. Hann er blár og loðinn og missir fullkomlega vitið af einskærri græðgi þegar hann kemst í kast við smákökur. Hann hakkar í sig smákökurnar og þegar þær eru uppurnar á hann það til að borða diskinn sem þær voru á og jafnvel nærliggjandi húsgögn líka. Hegðun hans er ekki til eftirbreytni: óhóflegt smákökuát veldur offitu og neysla diska og húsgagna er eflaust sársaukafull og heilsuspillandi.



Oscar the Grouch þykir ekki mikið skárri. Hann býr í ruslatunnu og er fúll í meira lagi. Náunginn er klárlega þunglyndur og myndi eflaust skána í skapinu við vænan skammt af geðlyfjum. Einn af framleiðendum Sesame Street lét nýverið hafa eftir sér í viðtali að Oscar kæmist aldrei af hugmyndastiginu og á skjáinn í dag. Þetta verða að teljast undarleg ummæli þar sem Oscar er ein vinsælasta persóna umræddra þátta. Oscar og Cookie Monster gera þáttunum þann greiða að bæta vissum háska og brjálsemi í sykursæta Sesame-veröldina, börnum fortíðar og nútíðar til ómældrar ánægju.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** Ríki í ríkinu SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Kompás STÖÐ 2



▶ **18.00** First Daughter STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Side Order of Life SIRKUS



▶ **21.00** Innlit / útlit SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (38:52)

**17.50 Geirharður bojng bojng** (25:26)

**18.15 Nigella og jólamaturinn** (1:3) Þriggja þátta röð þar sem eldabuskan góðkunna Nigella Lawson kemur með tillögur að kræsingum á jólaborðið og sýnir hvernig á að matreiða þær.

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Mæðgurnar** (19:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður og dóttur hennar á unglingsaldri.

**21.00 Ófriður í Búrma** (Det fredlöse Burma) Dönsk heimildamynd um ástandið í Mjanmar í Asíu sem áður hét Búrma. Myndin var gerð haustið 2006 þegar 15 ár voru liðin síðan baráttukonan Aung San Suu Kyi fékk friðarverðlaun Nóbels. Hún situr enn í stofufangelsi, í landinu er stríðsástand og fólk hefur flúið til nágrannalandanna í þúsundatali.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Ríki í ríkinu** (7:7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Glæpurinn** (8:20) e.

**00.20 Kastljós**

**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Carried Away**

**08.00 Owning Mahowny**

**10.00 The Five Senses**

**12.00 First Daughter**

**14.00 Owning Mahowny**

**16.00 The Five Senses**

▶**18.00 First Daughter**

**20.00 Carried Away** Rómantískt og ögrandi drama.

**22.00 Crime and Punishment in Suburbia**

**00.00 Dutch**

**02.00 Undefeated**

**04.00 Crime and Punishment in Suburbia**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Jesús og Jósefína, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.35 Wings of Love** (77.120)

**10.20 Commander In Chief** (4.18)

**11.15 Veggfóður** (5.20)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 The Truman Show**

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 Simpsons** (11.21) Sextánda og nýjasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu.

**19.50 Friends 4** (9.24)

**20.15 Losing Gemma** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem segir frá tveimur vinkonum sem ákveða að fara saman í ferðalag til Indlands. Þegar þangað er komið hitta þær vinalegt par sem býður þeim með sér í bátaferð en þá tekur ferðalagið skelfilega stefnu. Aðalhlutverk: Jason Flemyng, Alice Eve, Rhian Grundy, Rachel Leskovac. 2006.

▶**21.30 Kompás** Afleiðingar heilablóðfalls eru viðfangsefni þáttarins. Fylgst verður með endurhæfingu tveggja ungra stúlkna sem fengu alvarlega heilablæðingu.

**22.05 60 mínútur** Hljómsveitin Eagles er meðal þess sem til umfjöllunar er.

**22.50 Prison Break** (4.22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2.

**23.35 The Closer** (2.15) Það er komið að þriðju seríu þessara geysilegu vinsælu þátta þar sem Kyra Sedgwick fer á kostum.

**00.20 NCIS** (14.24)

**01.05 Medium** (12.22)

**01.50 The Truman Show**

**03.30 Poirot - Taken at the Flood**

**05.05 Simpsons** (11.21)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.05 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi.

**18.35 King of Clubs** Vandaður þáttur þar sem farið er í saumana á því hvað gerir AC Milan að einu stærsta og sigursælasta knattspyrnuliði veraldar.

**19.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**19.35 AC Milan - Celtic Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik AC Milan og Celtic í lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

**21.40 Shakhtar - Benfica Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Shakhtar Donetsk og Benfica í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beini útsendingu á Sýn Extra kl. 19.35.

**23.30 Mayweather vs. Hatton 24/7** Hitað upp fyrir bardaga ársins sem fer fram þann 8. desember næstkomandi þegar Floyd Mayweather og Rick Hatton mætast. Skyggnst á bakvið tjöldin og fylgst með undirbúningi þeirra fyrir bardagann mikla.

**00.00 AC Milan - Celtic Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik AC Milan og Celtic í Meistaradeild Evrópu.

## SÝN2

**07.00 Man. Utd. - Fulham** Útsending frá leik Man. Utd og Fulham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram mánudaginn 3. desember.

**16.20 Wigan - Man. City** Útsending frá leik Wigan og Man. City í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.

**18.00 Premier League World**

**18.30 Coca Cola mörkin**

**19.00 Liverpool - Bolton** Útsending frá leik Liverpool og Bolton sem fór fram sunnudaginn 2. desember.

**20.40 Chelsea - West Ham** Útsending frá leik Chelsea og West Ham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.

**22.20 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

**23.15 Portsmouth - Everton** Útsending frá leik Portsmouth og Everton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram 1. desember.

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**15.55 Vörutorg**

**16.55 How to Look Good Naked** (e)

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**20.00 According to Jim** (11.18) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim lendir í útistöðum við rukkara frá tryggingafélagi og í kjölfarið er heilsutryggingu hans rift.

**20.30 Allt í drasli** (10.13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Núna heimsækja þær einstæða móður sem er gjörsamlega að drukkna í drasli. Hún er í fullri vinnu og skóla og hefur ekki tíma til að taka til. Það vantar allt skipulag á heimilinu en nú langar hana til að snúa við blaðinu og hafa allt tandurhreint.

▶**21.00 Innlit / útlit** (11.13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

**22.00 State of Mind** (5.8) Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum sálarflækjum.

**22.50 The Drew Carey Show**

**23.25 C.S.I. New York** (e)

**00.25 Charmed** (e)

**01.25 NÁTTHRAFNAR**

**01.26 C.S.I.**

**02.15 Ripley's Believe it or not!**

**03.00 Trailer Park Boys**

**03.25 Vörutorg**

**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**SÝN KL. 19.35**

### AC Milan - Celtic



Í kvöld fara fram síðustu leikirnir í D-riðli í Meistaradeild Evrópu, en riðillinn klárast í dag vegna þátttöku AC Milan í heimsmeistarakeppni félagsliða í desember. Evrópumeistararnir AC Milan taka á móti skoska meistaraliðinu í Celtic sem eiga nú góða möguleika á að komast áfram í sextán liða úrslitin. Óhætt er að segja að leikmenn Celtic eigi erfiðan leik fyrir höndum þar sem Milan-menn eru gríðarlega erfiðir heim að sækja.

## ▶ ÓFRIÐUR Í BÚRMA

**Sjónvarpið kl. 21.00**

Ófriður í Búrma (Det fredlöse Burma) er dönsk heimildarmynd um ástandið í landinu Mjanmar í Asíu sem áður hét Búrma. Myndin var gerð haustið 2006 þegar fimmtán ár voru liðin síðan baráttukonan Aung San Suu Kyi fékk friðarverðlaun Nóbels. Hún situr enn í stofufangelsi, í landinu er stríðsástand og fólk hefur flúið til nágrannalandanna í þúsundatali.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Á söngvegi
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.25 Ìristurinn**
**16.00 Hollyoaks** (71.260)
**16.30 Hollyoaks** (72.260)
**17.00 The George Lopez Show** (19.22)
**17.30 Johnny Zero** (5.13)
**18.15 Windfall** (12.13)
**19.00 Hollyoaks** (71.260)
**19.30 Hollyoaks** (72.260)
**20.00 The George Lopez Sh.** (19.22) (e)
**20.30 Johnny Zero** (5.13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
**21.15 Windfall** (12.13) (e)
**22.00 Side Order of Life** (8.13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða að því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. 2007.
**22.45 Crossing Jordan** (4.17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas. 2006. Bönnuð börnum.
**23.30 Þristurinn** Í umsjá Erps Eyvindarsonar.
**00.05 Janice Dickinson Modelling Ag.**
**00.50 E-Ring** (18.22)
**01.35 Ren & Stimpy**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson er í Flórída. Hann ræðir mál líðandi stundar yfir hafið við gesti í myndveri ÍNN.
**20.30 Kötturinn í sekknum** Lilja Þórisdóttir bregður sér í hlutverk ofurneytandans og reynir að fá okkur hin til að vera virkir neytendur. Gestur Lilju er Kristín Einarsdóttir frá Neytendasamtökunum.
**21.00 Íslenski vigtarráðgjafarnir** Þú ert það sem þú borðar. Íslensku vigtarráðgjafarnir leiða okkur í allan sannleik um það.
**21.30 Til heimabrúks** Þórhildur Þorleifsdóttir spjallar við gesti sína um menningarpólitísk málefni og veltir upp ýmsum spurningum.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.55** Søren Ryge - Manden og ørnen **13.20** DR Explorer i Australien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Rig ved et tilfælde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Babyrøverne **22.25** Alt på ét bræt **23.15** SPAM

## NRK 1

**14.30** Ghost Trackers **15.00** Absalons hemmelighet **15.25** Erstatterne **15.50** Frosk til middag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** På cruise med kongeskipet Dannebrog **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extratrekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Argument **12.45** Hon dansade en sommar **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Philofix **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Hart's War **23.00** Rapport




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Best er að borða hjá Æsu Guðrúnu, vinkonu minni og nágranna. Ódýrt og gott!“*

Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sæti 6. frá 8. trjátegund 9. rá 11. leita að 12. stjörnuár 14. náðhús 16. í röð 17. flýti 18. ennþá 20. tveir eins 21. velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fíkniefni 3. tveir eins 4. yfirvinna 5. hallandi 7. margbrotinn 10. spíra 13. tunna 15. þekkja leið 16. húðpoki 19. núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. af, 8. eik, 9. slá, 11. gá, 12. sólár, 14. kamar, 16. hí, 17. asa, 18. enn, 20. tt, 21. snúa.

**LÓÐRÉTT:** 1. hass, 3. ee, 4. sigrast, 5. ská, 7. flókinn, 10. ála, 13. áma, 15. rata, 16. hes, 19. nú.




# Eurovision-þjóð á villigötum

„Við erum alltaf á röngu róli í þessari keppni. Þetta er söngvakeppni en það er aldrei minnst á að þetta snúist um lagið en ekki keppendurna. Full heimild er til að skipta um flytjendur og tjalda til því besta eftir að lagið hefur verið fundið,“ segir Ómar Ragnarsson, stjórnmálamaður og skemmtikraftur með meiru. Hann er að tala um Eurovision-keppnina og fer ekki í grafgötur með að Íslendingar séu eina ferðina enn á villigötum hvað varðar þessa keppni sem þjóðin stendur í ástar/haturssambandi við.

Ómar hefur hingað til ekki tjáð sig um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með þessum hætti, enda oft verið meðal þátttakenda og komist í úrslit með lög sem hann hefur sent í keppnina. En nú stendur hann fyrir utan og telur sig í aðstöðu til að gagnrýna keppnina og keppnisfyrirkomulagið. Davíð Logi Sigurðsson, fyrrum blaðamaður Moggans, setti inn færslu á bloggsíðu sína þar sem hann býsnast yfir því að í síðasta þætti Laugardagslaganna í Ríkissjónvarpinu, þar sem stendur yfir leit að framlagi Íslands í Eurovision, hafi verið boðið upp á tvö afbragðs lög eftir annars vegar Magnús Þór Sigmundsson og hins vegar Dr. Gunna. „Niðurstaðan er alltaf alveg hörmuleg,“ skrifar Davíð Logi og vill meina að „leiðinleg júróvisjón-ballaða“ hafi sigrað eingöngu því það voru Magni og Birgitta sem sungu. Ómar tekur í sama streng og segir furðulegt að alltaf virðist sem svo að Íslendingar séu ári á eftir. Sigri rokklag í keppninni mæti Íslendingar að ári með rokklag og svo framvegis. - jbg



**ÓMAR RAGNARSSON** Honum sýnist ljóst að enn og aftur séu Íslendingar á röngu róli hvað varðar Eurovision.



**EIRÍKUR HAUKSSON HAFÐI EKKI ERINDI SEM ERFIÐI Í FYRRA** Davíð Logi Sigurðsson er einn þeirra sem gagnrýna símakosninguna og segir stefna í óefni.

## MATTHÍAS ÁSGEIRSSON: TEXTI ÞJÓÐSÖNGSINS ER EKKI BOÐLEGUR

# Vantrú vill Lofsönginn burt

„Texti íslenska þjóðsöngsins er bara alls ekki boðlegur,“ segir Matthías Ásgeirsson, formaður Vantrúar, en að undanförnu hafa átt sér stað háværar og heitar umræður um kristnifræðikennslu í leik- og grunnskólum. Vantrúarmenn setja ekki bara spurningarmerki við trúboð í skólum heldur einnig að lofa Guð í þjóðsöngnum. Slíkt getur varla talist boðlegt að mati Matthíasar. „Ef það eru tuttugu þúsund manns sem eru á Laugardalsvellinum þá eru nær tíu þúsund sem geta ekki sungið með sökum trúar sinnar eða trúleysis,“ bendir Matthías á. „Við viljum nýjan þjóðsöng sem allir geta sungið.“

Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar sem einnig hefur verið töluvert í umræðunni um kristni og skólahald, sagði það ekki vera á stefnuskrá félagsins að agnúast og atast í Þjóðsöngnum. Mun brýnni verkefni lægju fyrir.

Íslenski þjóðsöngurinn, Lofsöngur, lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar við texta Matthíasar Jochumssonar, hefur oftar en ekki verið mikið þrætuepli meðal þjóðarinnar og þá ekki síst vegna þess hversu erfitt það reynist sæmilegasta söngfólki að halda lagi þegar söngurinn nær hámarki en nýlega var tilkynnt um að lagið hefði verið lækkað úr Es-dúr í C-dúr til auðvelda fólki sönginn.

Árið 2004 var hins vegar borin upp þingsályktunartillaga um að ríkisstjórninni yrði falið að endurskoða lög um þjóðsöng Íslendinga. Tillagan náði ekki fram að ganga en flutningsmennirnir, þau Sigríður Ingvarsdóttir og Hilmar Gunnlaugsson, bentu á að Ísland er land þitt, lag Magnúsar Þórs Sigmundssonar við texta Margrétar Jónsdóttur og Ísland ögrum skorið, lag Sigvalda Kaldalóns við texta Eggerts Ólafssonar, væru heppilegri kostir. Meðal þeirra sem voru alfarið á móti þessu þá var Guðmundur Hallvarðsson og hann segist vera sömu skoðunar í dag.

„Ég var á móti þessu þarna og er enn á móti því núna,“ segir Guðmundur og bætir því við að hann telji að við Íslendingar eigum að reyna halda okkar sérkennum. Og okkar þjóðsöng. „Ég sé enga ástæðu til þess að hrófla neitt við honum,“ segir Guðmundur í samtali við Fréttablaðið.

freyrgigja@frettabladid.is



**VILL NÝJAN ÞJÓÐSÖNG** Matthías Ásgeirsson telur að texti íslenska þjóðsöngsins sé ekki boðlegur.



**EKKI HRÓFLA VIÐ LOFSÖNGNUM** Guðmundur Hallvarðsson vill ekki að hróflað verði við þjóðsöngnum.



**SÁLMUR MATTHÍASAR** Lofsöngur var upphaflega saminn sem sálmur og textinn var ekki hugsaður sem þjóðsöngur Íslands.

# Bó og Bubbi í pönksöngleik

Lög Björgvins Halldórssonar og Bubba eru á meðal þeirra sem verða hluti af nýjum söngleik Hallgríms Helgasonar, Ástin er diskó, lífið er pönk, sem sýndur verður í Þjóðleikhúsinu í vor. Efnt verður til söngprufna fyrir leikinn á fimmtudag, þar sem áhugasömum verður gert að syngja lög eftir Bubba og Bó, ásamt diskóklassíkinni Diskó Friskó.

„Sögusviðið er Reykjavík árið 1979. Þeir sem voru flottastir þá eru Bubbi og Björgvin,“ útskýrir leikstjórinn Gunnar Helgason lagavalið. „Við erum ekki að búa til neitt stríð á milli þeirra, sko,“ bætir hann hlæjandi við. Ofannefnd lög verða í sýningunni, en þar að auki verður efnt til lagakeppni síðar í mánuðinum, þar sem leitað verður að nýjum pönklögum. „Þar gefst öllum kostur á að semja lög og senda inn. Það verða sex ný lög í sýningunni. Tvö þeirra semur Þorvaldur Bjarni, en hin fjögur fara í þessa keppni,“ útskýrir Gunnar.

Í prufunum á fimmtudag er leitað að karlmönnum á aldrinum 18 til 30 ára, sem geta leikið og sungið. „Það væri ekki verra ef þeir gætu dansað aðeins. Við erum að leita að leikurum í pönkhljómsveitina. Ef þeir kunna ekki á hljóðfæri þarf að kenna þeim nógu mikið til að geta spilað pönk,“ segir Gunnar. Frumsýning er áætluð í apríl á næsta ári og ítrekar Gunnar að enn sé ekki búið að negla allt niður.

Skráning í prufurnar fer fram hjá Dóru Hafsteinsdóttur, kynningarfulltrúa Þjóðleikhússins, í síðasta lagi í dag. Hægt er að hafa samband á dora@leikhusid.is.



**PÖNKLAGAKEPPNI** Gunnar Helgason leikstýrir nýjum söngleik Hallgríms Helgasonar. Efnt verður til pönklagakeppni fyrir áhugasama síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vísir greindi frá því í gær að **Aron Pálmi Ágústsson** hefði hitt stórleikarann **Wesley Snipes** á skemmtistaðnum Vegamótum um helgina. Áttu þeir, þessir þekktu menn, saman korters spjall sem snerist einkum um Ísland á breiðum grunni. Þó er eins og blaðamaðurinn **Breki Logason** sé ekki alveg sannfærður um að þetta hafi verið Snipes sem Aron hitti og spyr í miðju viðtali Aron sérstaklega út í það hvort hann sé viss um að svo hafi verið? Aron svarar að barþjónn hafi sagt að svo væri auk þess sem Snipes sjálfur hafi sagst vera hann en ekki einhver annar. Þess má geta að starfsfólk Vegamóta kannaðist ekki við heimsókn Snipes þegar Fréttablaðið spurðist fyrir í gær.



Forlagið, risinn í bókaútgáfu á Íslandi, hélt hefðbundið jólaboð sitt um helgina. Fór það hið besta fram og skemmtu rithöfundar og bókafólk sér vel í veislusal í Mörkinni. Í stuttri tölu sem þeir JPV-feðgar, **Jóhann Páll Valdimarsson** stjórnarformaður og sonur hans, **Egill Örn** framkvæmdastjóri, héldu töluðu þeir um hina miklu eindrægni sem ríkir innan Forlagsins. Ekki sé sjálfgefið að þeir sem fyrir ári voru í harðri samkeppni – bókaútgáfa Eddu og JPV forlag – sneru nú bökum saman í svo mikilli sátt. Þeir feðgar, sem einmitt voru kallaðir Corleone-feðgar um árið vegna ýmissa bellibragða sem þeir þóttu beita í samkeppni, kalla sig nú Himnafeðga og vísa þar til útgáfu sinnar á hinni helgu bók Biblíunni.



Þeir sem létu ekki við svo búið sitja þegar bókagleðinni í Mörkinni lauk heldur lögðu leið sína í miðborgina, nánar tiltekið á Ölstofuna, gátu séð hvar **Jón Ásgeir Jóhannesson** stóð við barinn en hann átti í djúpum samræðum við **Hallgrím Helgason**, rithöfund og myndlistarmann. Eins og fram hefur komið í fréttum hefur Jón Ásgeir nú tekið við af **Hannesi Smárasyni** sem aðal í FL Group en ekki fylgir sögunni hvort Hallgrímur gat gefið honum góð ráð í tengslum við þann gerning allan og/eða sviptingar almennt á fjármálamarkaði.

- jbg




Áberandi glæsilegur
7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...
CAPTIVA
Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.
MEIRA RÝMI
MEIRI KRAFTUR
MEIRI BÚNAÐUR
Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
Bakkskynjari
18” Álfelgur
Aksturtölva
ARP - Veltivörn
TOD - Sjálfvirk drifstýring
DCS - Eykur öryggi niður brekkur
Tölvustýrð spólvörn
LRS - Heldur hæð við hleðslu
Og margt fleira....
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is
Áberandi glæsilegur
Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.
CHEVROLET
STERKUR FRÁ GRUNNI
Egilsstaðir - Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21, sími 471 3005
Akureyri - Bílasalan Ós
Njarðarnesi 1, sími 462 1430
Borgarnes - Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2, sími 437 2100
Reykjanesbær - Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38, sími 420 3300

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið
lægra verð



**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

# Krýsuvík

Þegar ég var barn bjó ég um tíma á Akranesi. Í húsinu á móti bjó jafnaldri minn. Við gátum horft inn um gluggann hvort hjá öðru og veifað þegar við vildum fara út að leika eða heimsækja hvort annað. Það er klisjulegt frá að segja en mér hlýnar um hjartarætur þegar ég hugsa til þessa æskuvinar. Ættingjar mínir spyrja mig stundum um hann, sannfærðir um að eitthvað mikið hafi orðið úr þessum vel gefna og laglega strák. Svörin sem ég gef eru þó langt því frá að vera á þá leið sem fólk býst við.

**MEÐ** gúgglið að vopni hef ég rakið slóð hans í gegnum lífið, leitarvélarnar sýna mér hve oft hann hefur komið fyrir dómara vegna ofbeldis- og fíkniefnabrota. Í starfi mínu hefur svo komið fyrir að ég hef spurt fólk, sem þekkir til þeirrar veraldar sem hann lifir í, um hann þegar ég hef haft tækifæri til. Svörin sem ég hef fengið hafa þó hingað til aðeins vakið með mér vonleysi.

**TALANDI** um leitarvélar, vinur minn benti mér á það flissandi um daginn að gúggli fólk orðið „fordómafyllsti“, kemur nafn mitt fyrst upp. Ég er hleypidómafull en á ekki erfitt með að skipta um skoðun fái ég upplýsingar um að ég kunni að hafa rangt fyrir mér. Það sama held ég að eigi við nær alla. Flestum er til dæmis í nöp við róna og dópista, skiljanlega. Einhvern veginn hef ég verið sannfærð um að sá sem einu sinni rati á glapstigu verði aldrei aftur heil manneskja. Stundum hef ég séð umfjallanir um ógæfufólk á stofnunum í fjölmiðlum. Yfirleitt er þá rætt við ónafngreindan fíkil sem hefur átt bágt og treystir sér ekki til að koma fram undir nafni og mynd. Slík frásögn held ég að geri lítið til að vekja fólk til aukinnar vitundar um hlutskipti viðmælandans. Það er erfitt að finna til með manneskju sem hefur hvorki andlit né nafn og skammast sín svo mikið að hún getur ekki komið fram. Fordómar gagnvart einstaklingi án persónueinkenna eru í raun vel skiljanlegir.

**ÞAÐ** fólk sem ég hef hitt í tengslum við vinnu mína síðustu ár hefur flest allt sannfært mig um að fólk er gott og dýrmætt. Fáir viðmælendur, ef nokkrir, hafa þó staðfest þessi einföldu sannindi með jafn kröftuglegum hætti og fólkið sem ég hitti í tengslum við umfjöllun mína um Krýsuvíkursamtökin síðustu helgi, og var tilbúið að koma fram undir nafni og/eða mynd. Það sýndi svo ekki var um villst að á bak við endalausar löggufréttir af smygli, dópi, ránum, rónum og hörmungum er fólk. Fólk sem getur náð stjórn á lífi sínu. Það er stundum svo gott að hafa rangt fyrir sér.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 4. desember, 338. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.52 | 13.18 | 15.43 |
| Akureyri | 11.01 | 13.02 | 15.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.volkswagen.is




## Við erum komin í jólaskap

Við erum í jólaskapi og bjóðum Volkswagen-aðdáendum glæsilega desemberuppbót. Margs konar spennandi tilboð og sérkjör sem munar um og **allir sem reynsluaka Volkswagen eiga möguleika á glæsilegum ferðavinningi.**

ÚRVAL-ÚTSÝN

- 90% fjármögnun
- Afsláttur af lántökugjöldum
- Jólatilboð á álfelgum
- Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum
- Sérvaldir Volkswagen-bílar á sannkölluðu jólaverði
- Aukahlutapakkar á sérkjörum

**Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér!**

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi